



# Ársskýrsla 2014

Héraðssamband Vestfirðinga



# Ársskýrsla 2014

---

## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Ávarp formanns.....  | 4  |
| Stjórnarfundir HSV .....   | 10 |
| Formannafundir .....   | 11 |
| Íþróttaskóli HSV .....   | 11 |
| Afreksmannasjóður 2014 .....   | 13 |
| Styrktarsjóður þjálfara HSV .....                                      | 14 |
| Verkefnasamningur .....  | 14 |
| Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar.....                                      | 15 |
| Aðalfundir félaganna .....   | 16 |
| Samstarfsverkefni.....   | 16 |
| Unglingalandsmót 2014.....   | 19 |
| Landsmót 50+ .....   | 19 |
| Ýmsar upplýsingar.....   | 20 |
| Lög HSV.....   | 20 |
| Forvarnarstefna HSV.....   | 22 |
| Siðareglur Héraðssambands Vestfirðinga .....                           | 24 |
| Jafnréttisstefna HSV.....  | 27 |
| Úthlutunarreglur íbúða HSV .....                                       | 28 |
| Aðildarfélög og formenn félaga í lok árs 2014 .....                    | 29 |
| Heiðursviðurkenningar HSV .....  | 29 |
| Félaga- og iðkendatal HSV 2014 .....                                   | 32 |
| Skipting rekstrar, lottó og getraunartekjum aðildarfélaganna HSV ..... | 33 |
| Íþróttamaður Ísafjarðar og Ísafjarðarbæjar frá upphafi .....           | 33 |
| Ferðasjóður ÍSÍ.....   | 35 |
| Skýrslur aðildarfélaganna HSV .....                                    | 36 |
| Skellur.....   | 36 |
| BÍ88 .....   | 39 |
| Golfklúbbur Ísafjarðar .....   | 43 |
| Grettir.....   | 49 |
| Íþróttafélagið Ívar.....   | 50 |

## Ársskýrsla 2014

---

|   |    |
|---|----|
| KFÍ Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar ..... | 51 |
| Stefnir .....                             | 66 |
| Skíðafélag Ísfirðinga .....               | 69 |
| Skotíþróttafélag Ísafjarðar.....          | 71 |
| Ársreikningur HSV.....                    | 73 |

## Ávarp formanns

Þingforseti, fulltrúi UMFÍ og ÍSÍ, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, sveitarsjóri Súðavíkur, aðrir gestir og ágætu félagar aðildarfélaga HSV. Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á þetta 15. ársþing HSV.

Þá er fyrsta ári mínu sem formanni lokið. Árið hefur verið mjög lærdómsríkt og að mörgu að huga. Það hefur verið viðburðaríkt og það eru alltaf að koma upp nýjir hlutir sem þarf að huga að og vinna í. Héraðssambandið er í stöðugri þróun og eftir þetta ár hef ég lært mikið og hlakka til að takast á við þau verkefni sem bíða okkar í komandi framtíð. Það eru fullt af spennandi hlutum sem við getum tekið þátt í til að auka og bæta við þjónustu okkar iðkendur og aðildarfélög. Sveitafélögin okkar tvö, Ísafjarðarbær og Súðavík eru okkar stoð og stytta og án þeirra getum við ekki haldið áfram okkar framþróun fyrir samfélagið í heild sem hefur mikla þýðingu.

Stjórn HSV fékk það verkefni að ráða nýjan framkvæmdarstjóra á árinu. Mikið af frambærilegu fólki sótti um og eftir mikla yfirlegu var ákveðið að ráða Sigríði Láru Gunnlaugsdóttur sjúkráþjálfara. Hún hóf störf 15. ágúst og má með sanni segja að við duttum í lukkupottinn. Hún hefur staðið sig miklum ágætum og erum við búnar að vera ansi samrýmdar síðan í haust. Pétur Markan lét af störfum síðastliðið sumar en fór nú ekki langt þar sem hann hefur setið sem gjaldkeri stjórnar í vetur og mun vera þar áfram allavega eitt ár í viðbót.

Stjórn ásamt framkvæmdastjóra vann á árinu að hinum ýmsu verkefnum. Haldnir voru 11 stjórnarfundir og fjölmargir aðrir minni fundir í hinum ýmsu nefndum og með aðildarfélögum. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim sem komu að starfsemi HSV á árinu, stjórn, framkvæmdastjóra, yfirþjálfara Íþróttaskóla HSV og öðrum velunnurum sambandsins fyrir góð og vel unnin störf.

Nokkrar breytingar verða á stjórn núna. Atli Freyr Rúnarsson mun hætta og þökkum við honum fyrir vel unnin störf á liðnum árum.

# Ársskýrsla 2014

---

Sigfús Fossdal varaformaður dró sig í hlé frá stjórn HSV um áramót þegar hann fór í keppnisbann vegna lyfjamáls. Það mál er enn í áfrýjun og ekki komin endanleg niðurstaða en Sigfús hefur kosið að hætta í stjórn vegna þessa máls. Þökkum við Sigfúsi hans störf og óskum honum velfarnaðar í hans málum.

## **Starfsemi aðildarfélaga**

Aðildarfélög HSV eru 25, misjafnlega virk þó. Innan þeirra vébanda voru 1597 virkir iðkendur árið 2014. Þar af 732 iðkendur yngri en 16 ára. Innan aðildarfélaga HSV voru skráðir 4399 félagar, sem gerir HSV að stærstu félagasamtökum í Ísafjarðarbæ.

## **Íþróttaskóli HSV**

Íþróttaskóli HSV er nú að klára sitt fjórða starfsár. Yfirþjálfari skólans, Salome Elín Ingólfssdóttir er í fæðingarorlofi þangað til á næsta ári og hefur Vésteinn Rúnarsson tekið hennar stöðu á meðan.

Við viljum hafa skólann í stöðugri þróun og við viljum líka fá að vita hvernig foreldrum líkar við þjónustuna og ekki síst hvernig börnunum líður, því þetta er jú fyrir þau gert. Því munum við leggja viðhorfskönnun fyrir foreldra nú á næstu dögum til að kanna líðan barna og hug foreldra til skólans. Núna þriðja árið í röð höfum við gefið útskriftarnemum íþróttagalla með myndarlegum styrk frá Rotary klúbbum á Ísafirði og þökkum við fyrir það. Það er gaman að sjá krakkana í eins göllum.

Þátttakan á árinu sem er að líða hefur verið með ágætum og sýnir viðhorfskönnun síðasta vors að mikill meirihluti forráðamanna er afar ánægður með starf skólans.

## **Rekstur HSV**

Ársreikningur HSV fyrir 2014 sýnir að sambandið er rekið með halla upp á rétt rúmlega milljón. Þótt undarlegt sé er ég samt mjög ánægð með reksturinn og útkomu ársins. Þennan hallarekstur má rekja til þess að í lok ársins var greitt út til aðildarfélaga upphæðir sem safnast höfðu upp vegna verkefnasamninga. Nokkuð var um að félög skiluðu ekki skýrslum vegna unninna verkefna og því hafði ekki verið greitt út. Gerðum við gangskör í því að innheimta skýrslur og voru útgreiðslur vegna verkefnasamnings

## Ársskýrsla 2014

---

tæpum fimm milljónum hærri árið 2014 en 2013. Væntanlega getum við öll verið sammála um að þetta fé á betur heima úti hjá félögunum en inn á bankareikningum. Um næstu áramót rennur út samstarfsamningurinn við Ísafjarðarbæ og einnig verkefnasamningurinn og bindum við miklar vonir við að þessir tveir samningar verði eflDIR sem um munar til þess að efla íþrótt- og tólmstundastarf enn frekar í sveitafélaginu.

Inn í samstarfssamningi HSV og Ísafjarðarbæjar er kveðið á um að Ísafjarðarbær leggi HSV til íbúðastyrk í formi afnota af fjórum íbúðum Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf. Þessar íbúðir hafa verið í Múlalandi og það er ekkert of stórt til orða tekið ef við segjum bara að þetta sé lífsnauðsynlegt fyrir félögin hér á svæðinu. Ef greitt yrði fyrir þær íbúðir sem við höfðum til umráða árið 2014 þá væri sú upphæð 10 milljónir. Undanfarin ár hefur HSV haft allt að níu íbúðum yfir að ráða frá bænum. Mörg félög hafa átt í erfiðleikum með að manna þjálfarastöður sínar en að hafa aðgang að íbúð gerir hlutina auðveldari í samningarviðræðum við þjálfara um að koma vestur. Nú er staða íbúðamála í bænum hinsvegar sú að framboð virðist minna en eftirspurn og ásókn hefur aukist í íbúðir hjá bænum. Hefur þessum aukaíbúðum í Múlalandi því fækkað um eina og gæti farið svo að þeim fækkaði enn meira á næstu árum. Það er því brýnt að minna á úthlutunarreglur HSV þar sem brýnt er að þjálfarar á barna- og unglíngastigi eru í forgangi fyrir íbúðir.

### **Skýrsluskil aðildarfélaga**

Á þessu þingi liggur frammi ársskýrsla HSV þar sem gert er grein fyrir starfsemi HSV og aðildarfélaga þess og sýnir hún hversu umfangsmikið og gott starf er að finna hjá aðildarfélögum. Því miður vantar skýrslur frá nokkurm aðildarfélögum en ekki hafa öll félög skilað inn starfsskýrslum. Það er aldrei of oft ítrekað að skil á starfsskýrslum og ársreikningum er grundvallaratriði í starfi íþróttafélaga og algjört skilyrði til að félög geti haldið áfram að þiggja opinbert fé. Rekstrarstyrkir frá Ísafjarðarbæ og lottótekjur eru náttúrulega ekkert annað en opinbert fé. Og það er ábyrgðarhluti að þiggja opinbert fé.

### **Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar**

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2014 var kjörinn þann 18. janúar síðastliðinn þegar sundkonan Kristín Þorsteinsdóttir var útnefnd Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar við hátíðlega

# Ársskýrsla 2014

---

athöfn. Þetta var í annað sinn sem Kristín hlýtur þessa viðurkenningu. Óska ég þessum unga og frábæra íþróttamanni til hamingju með þennan titil. Afreksfólk í íþróttum er nauðsynlegur hvati fyrir ungu kynslóðina og þau eru fyrirmyndirnar sem horft er til. Það fylgir því ábyrgð að vera fyrirmynd og það er ánægjulegt að sjá þennan unga og glæsilega íþróttamann koma fram sem góð fyrirmynd fyrir hönd Ísafjarðarbæjar.

## **Afreksmannastefna HSV**

Staða afreksmanna hjá HSV hefur verið óbreytt undanfarin ár. HSV útteildi á síðasta ári um einni milljón króna til afreksfólks innan sambandssins, það er ekki há upphæð en hefur svo sannarlega skipt máli hjá öllum þeim sem fengu styrk.

Innan vébanda HSV er mikið af afreksfólki og er það vel, við erum með fjölda ungra íþróttamanna á svæðinu sem hafa verið valin í landsliðsúrtek. Sum hver hafa svo náð það langt að vera fastir menn á landsliðsæfingu og svo hafa enn aðrir fengið tækifæri til þess að keppa fyrir landslið sinnar íþróttagreinar. Þennan hóp viljum við styrkja og efla.

Fyrir þinginu liggur þingsályktunartillaga um að breyta afreksmannasjóði verulega. Við viljum efla okkar afreksfólk enn frekar og það getum við ekki gert eins og sjóðurinn er uppbyggður núna. Það er mín von að með þessum breytingum þá getum við horft enn lengra fram á veginn með og séð fleiri afreksmenn dafna og eflast á komandi árum enn frekar en nú þegar.

## **Ferðakostnaður**

Á hverju ári fara milljónir í ferðakostnað hér á svæðinu. Þetta er kostnaður sem er að mestu leyti sóttur til foreldra hvort sem það er með vinnuframlagi þeirra eða beinum fjáröflunum. Við viljum skora á stjórnvöld til að bæta enn frekar í ferðasjóð ÍSÍ til þess að jafna stöðu landsbyggðarinnar gagnvart kostnaði. Við viljum/okkar sýn er að allir sem vilja og hafa áhuga á hafi sama tækifæri til þess að komast í ferðir með sínu félagi.

**UMFÍ**Starfsárið 2014 fóru þátttakendur frá HSV á bæði landsmót 50+ á Húsavík og unglíngalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki. Keppendur HSV á unglíngalandsmóti voru heldur

## Ársskýrsla 2014

---

fáir þetta árið líkt og undanfarin ár. Markmiðið er að vekja betur upp áhuga á unglingslandsmóti hjá félögum HSV og mæta á næsta mót á Akureyri með öflugan hóp. Unglingslandsmót er fjölskylduskemmtun án allra vímuefna og er góður kostur fyrir fjölskyldur og börn þeirra ef gera á verslunarmannahelgina skemmtilega og minnisstæða.

39. sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn í október í Garðabæ. Fulltrúar HSV voru formaður og framkvæmdastjóri HSV. Þar var meðal annars rætt um Vetrarlandsmót UMFÍ og samþykkt að HSV myndi sjá um fyrsta mótið og mun það væntanlega verða haldið hér á Ísafirði árið 2017

### Lokaorð

Nú í byrjun maí fór ég ásamt framkvæmdastjóra í kynnisferð með UMFÍ til Danmerkur. Þar var okkur kynnt starfsemi DGI sem er systurfélag UMFÍ í Danmörku og starf ISCA sem eru alþjóðleg íþrótt- og menningarsamtök með skrifstofu í Kaupmannahöfn. Þessi ferð var mjög gefandi og hafa vaknað margar hugmyndir um ný verkefni og breyttar útfærslur á gömlum. Fyrir nýgræðinga í starfi eins og okkur var ekki síður mikilvægt að kynnast kollegum annarsstaðar á landinu og stjórn og starfsfólki UMFÍ. Þarna fengum við góða innsýn í það sem aðrir eru að gera en ekki síst sáum við að okkar samtök eru að gera góða hluti og stenst okkar starf fyllilega samanburð við starfsemi annara samtaka.

Það eru mikið starf að vera formaður héraðssamband en það er skemmtilegt og það er þess vegna sem ég stend hérna í dag. Að vera hluti af þessu batteríi hefur verið mjög fræðandi, ég er ennþá að læra og á langt í land með ýmsa hluti. Við erum að reyna að gera hlutina skilvirkari og með tímanum mun það takast.

Okkar helsta verkefni næsta vetrar er að undirbúa Landsmót 50+ sem verður hér á Ísafirði í júní 2016. Á 150 ára afmæli Ísafjarðar er við hæfi að þetta mót verði það stærsta hingað til og hvet ég alla sem eru á réttum aldri til þess að taka þátt. Við eigum mikið af flottu fólki sem getur verið með og hlakka ég til að takast á við þetta verkefni.



## Ársskýrsla 2014

---

Eins og flestir vita þá er sameining meðal íþróttafélaga hér á svæðinu í burðarliðnum. Stjórn HSV og formenn íþróttafélaga fengu góða kynningu á þeirri vinnu í síðustu viku. Þetta ferli er langt komið og tel ég þetta vera heillaskref fyrir svæðið. Fyrst og fremst finnst mér frábært að núna verða félögin í samskonar búningum og bera eitt nafn sem verður gaman að hvetja. Þessi samstaða sem hefur verið að myndast er góð og með tíð og tíma trúi ég að það muni fleiri félög koma að þessu sameinaða félagi. Sameiningin mun ekki breyta miklu í starfi HSV, það er mikilvægt að að samsskiptaleiðin milli íþróttafélaga, sveitafélaga og sérsambanda sé hjá HSV þannig að allir sitji við sama borð.

Ég vil þakka sérstaklega öllum þeim sem hafa með einum eða öðrum hætti komið að starfsemi aðildarfélaga HSV, án ykkar er þetta starf ekki mögulegt og ég ásamt öllum hérna inni viljum sjá starfið eflast enn frekar. Einnig vil ég þakka Höfrungi fyrir þeirra gestrisni, það er gaman að koma með þingið hingað, hver veit hvar það verður næst.

## Stjórnarfundir HSV

Á 14. héraðsþingi HSV sem haldið var í Háskólasetrinu 5. júní 2014 var kosin ný stjórn sambandsins. Þar fóru einnig fram formannskosningar og var kosinn nýr formaður en Jón Páll Hreinsson hætti sem formaður eftir 8 ára starf. Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta fundi.

### Stjórn HSV starfsárið 2014-2015:

Guðný Stefanía Stefánsdóttir, formaður

Sigfús Fossdal, varaformaður (sagði sig frá stjórnarstörfum á miðju starfsári)

Pétur Markan, gjaldkeri

Birna Jónasdóttir, ritari

Atli Freyr Rúnarsson, meðstjórnandi

### Varastjórn skipa:

Elín Marta Eiríksdóttir

Jóhann Króknes Torfason

Sigurður Erlingsson

Stjórnarfundir voru 11 á árinu og er hægt að sjá hér fyrir neðan upplýsingar um dagsetningar og mætingar á fundina. Varastjórn er ávalt hvött til mæta á alla fundi. Þegar þetta er skrifað er eftir einn fundur, sem haldin verður daginn fyrir héraðsþing.

|          | 12/6 | 8/8 | 8/9 | 25/9 | 6/10 | 24/11 | 10/12 | 4/2 | 11/3 | 13/4 | 13/5 |
|----------|------|-----|-----|------|------|-------|-------|-----|------|------|------|
| Guðný    | X    | X   | X   | X    | X    | X     | X     | X   | X    | X    | X    |
| Pétur    | X    |     | X   |      | X    |       |       |     | X    |      | X    |
| Sigfús   | X    | X   | X   |      |      | X     | X     |     |      |      |      |
| Birna    | X    | X   |     | X    | X    | X     | X     | X   | X    | X    |      |
| Atli     | X    | X   | X   | X    | X    | X     | X     | X   |      | X    |      |
| Elín     | X    |     | X   |      |      | X     | X     |     |      |      | X    |
| Sigurður | X    | X   |     |      |      |       |       | X   | X    |      | X    |
| Jóhann   | X    | X   |     | X    | X    | X     | X     | X   | X    | X    | X    |

## Formannafundir

Á starfsárinu voru haldnir þrjár formannafundir. Formannafundir eru æðsta vald HSV milli ársþinga og þar eru teknar allar mikilvægar og stefnumarkandi ákvarðanir hjá HSV á milli þinga.

## Íþróttaskóli HSV

Íþróttaskóli HSV hófst mánudaginn 26. ágúst. Íþróttaskólinn er samvinnuverkefni HSV, aðildafélaga HSV og Ísafjarðarbæjar. Íþróttaskólinn er ætlaður börnum í 1.-4. bekk í grunnskólum Ísafjarðarbæjar og geta öll börn á þessum aldri skráð sig í skólann og tekið þátt. Íþróttaskóli HSV leggur áherslu á grunnþjálfun barna ásamt því að þau fái þjálfun í flestum þeim íþróttagreinum sem í boði eru á eldri stigum aðildarfélaga HSV. Á haustmisseri er skólanum skipt upp í þrjá hluta þ.e. grunnþjálfun, boltaskóla og sund og þegar skíðasvæðið opnar bætast skíðagreinar við, svig- og gönguskíði.

Grunnþjálfun: Í grunnþjálfun er áhersla lögð á hreyfingu og hreyfiproska barna. Fjölbreyttar æfingar eru í boði, farið í leiki, þrautir, fimleika, hopp, hlaup, köst, aðrar greinar kynntar og margt fleira. Grunnþjálfun er í boði tvisvar í viku.

Boltaskóli: Í boltaskólanum er boltagreinum skipt upp í tímabil og þjálfuð ein grein í einu. Boltagreinararnar í skólanum eru knattspyrna, blak, körfuknattleikur og handknattleikur. Geta börnin því fengið að kynnst öllum þessum greinum og æft hverja grein. Boltaskóli er í boði tvisvar í viku.

Sund: Í Íþróttaskólanum er almenn sundþjálfun í boði og eru æfingar tvisvar í viku að öllu jöfnu.

Skíði: Skíðaæfingar eru í boði það tímabil yfir veturinn sem skíðasvæðið er opið og eru æfingar bæði í alpagreinum og göngu. Æfingar eru tvisvar til þrisvar í viku á meðan svæðið er opið.

## Ársskýrsla 2014

---

Yfirþjálfari Íþróttaskólans er Salome Elín Ingólfssdóttir. Yfirþjálfari sér um grunnþjálfunarhluta skólans, boltaskóla fyrir 1.-2. bekk auk almennrar skipulagningar skólans. Sundfélagið Vestri sér um sundþjálfun og sá Margrét Eyjólfssdóttir um sundþjálfun veturinn 2013-2014. Þjálfarar í boltaskóla fyrir 3.-4. bekk eru fengnir frá aðildafélögum sem koma með sérþekkingu á sinni grein og kafa dýpra í hverja boltagrein. Yfirumsjón með gönguskíðþjálfun veturinn 2013-14 hafði Gunnar Bjarni Guðmundsson og Elín Marta Eiríksdóttir yfirumsjón með svigskíðþjálfun. HSV er mjög ánægt með að hafa jafn hæfa og reynslumikla þjálfara í íþróttaskólanum.

Markmið Íþróttaskóla HSV er:

- Að fá sem allra flest börn til að iðka íþróttir.
- Að fyrstu kynni barna af íþróttaiðkun sé jákvæð.
- Að börn fái að kynnst sem flestum íþróttgreinum.
- Að auka gæði þjálfunar.
- Lækka kostnað heimila við íþróttaiðkun barna.
- Auka grunnþjálfunarhluta æfinga, almenna hreyfingu, hreyfiþroska og hreyfigetu.

Íþróttaskólinn hefur gengið vonum frammar í vetur. Mikill fjöldi iðkenda hefur verið í skólanum eða um 85-100% þátttaka í hópunum. Langstærsti hluti iðkenda prófar allar greinar og stór hluti iðka þær allar allan veturinn. Mikil ánægja hefur verið hjá krökkunum og einnig hafa foreldrar verið ánægðir með veturinn og heyrum við fjölmargar ánægjuraddir og viðhorfskönnun sem gerð var á vordögum sýndi mikla ánægju með starfið í heild. HSV er mjög þakklátt fyrir hversu vel hefur gengið og hversu vel samfélagið hefur tekið Íþróttaskólanum.

Þau aðildarfélög HSV sem hafa séð um þjálfun í Íþróttaskólanum hafa staðið sig frábærlega og hafa þjálfarar frá þeim verið mjög færir og náð vel til krakkanna. KFÍ, BÍ, Skellur og Hörður hafa séð um boltaskóla fyrir 3.-4. bekk, Vestri hefur séð um sundþjálfun og SFÍ hefur séð um þjálfun í skíðagreinum. Einnig var SFÍ með sjálfboðaliða þegar alpagreinarnar byrjuðu sem hjálpuðu til við að koma nýliðum af stað

## Ársskýrsla 2014

---

í brekkunum. Góð samskipti hafa verið milli yfirþjálfara HSV og þjálfara aðildarféлага í vetur og ber að þakka það.

Samskipti Íþróttaskóla HSV og dægradvalar hafa verið mjög góð og skiptir það miklu máli fyrir íþróttaskólann hversu vel skipulagt starf dægradvalar er. Starfsmenn dægradvalar eru vel meðvitaðir hverjir stunda hvað í Íþróttaskólanum og senda krakkana af stað þegar þeirra tími er að byrja. Íþróttaskólinn og dægradvöl eru bæði staðsett í sundhöll Ísafjarðar og hjálpar það mikið til sem og góð samskipti þarna á milli.

Haustið 2013 hóf íþróttaskólinn göngu sína á Flateyri, Suðureyri, Þingeyri og í Súðavík. Mikið kapp var lagt á að bjóða uppá íþróttæfingar með svipuðu sniði og á Ísafirði fyrir börn á þessum stöðum. Boðið var uppá æfingar í grunnþjálfun og boltaskóla og voru það ýmist þjálfarar á hverjum stað sem sáu um æfingarnar eða þjálfari sem keyrði á milli staða. Þessi útbreyðsla íþróttaskólans um svæðið vakti ánægju þeirra sem fengu að njóta og er vonandi komin til að vera.

Íþróttaskóli HSV er þróunarverkefni sem lauk sínu þriðja starfsári vorið 2014. Alltaf má gagnrýna og laga hluti og tekur verkefni sem þetta stöðugum breytingum. Á vordögum voru kynntar niðurstöður úttektar sem gerð var á skólanum. Voru þeir Tómas Emil Guðmundsson, sjúkraþjálfari, og Ásgeir Guðmundsson, íþróttifræðingur, fengnir til að gera úttekt á starfi skólans og sýndu niðurstöður þeirra að íþróttaskóli HSV er besti mögulegi grunnur sem börn geta fengið í þjálfun.

Að lokum má nefna það að horft er til Ísafjarðarbæjar frá öðrum stöðum varðandi vel skipulagða íþróttþjálfun fyrir börn í fyrstu bekkjum grunnskóla.

### **Afreksmannasjóður 2014**

Stjórn afreksmannasjóðs HSV var kosin á stjórnarfundum HSV. Stjórn sjóðsins skipa Jón Páll Hreinsson, Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Birna Jónasdóttir. Auglýst var og úthlutað þrisvar sinnum. Sjóðurinn stendur vel eins og sést á ársreikningi sjóðsins. Reglur sjóðsins er að finna á heimasíðu HSV. Hér fyrir neðan gefur að líta úthlutun

## Ársskýrsla 2014

ársins 2014. Alls var úthlutað úr sjóðnum kr. 995.000 til 9 íþróttamanna frá 6 félögum árið 2014.

| <b>Úthlutanir úr afreksmannasjóði 2014</b> |              |               |                           |
|--|--------------|---------------|---------------------------|
| <b>Umsækjandi</b>                          | <b>Félag</b> | <b>Upphæð</b> | <b>Ástæða</b>             |
| Thelma Rut Jóhannsdóttir                   | SFÍ          | 225.000       | Landsliðsæfingar/keppni   |
| Gísli Jörgen Gíslason                      | Hörður       | 50.000        | Landsliðsæfingar/verkefni |
| Jón Ómar Gíslason                          | Hörður       | 25.000        | Landsliðsæfingar/verkefni |
| Friðrik Þórir Hjaltason                    | BÍ88         | 25.000        | Landsliðsæfingar/verkefni |
| Sigfús Fossdal                             | Víkingur     | 375.000       | Landsliðsæfingar/keppni   |
| Ómar Karvel Guðmundsson                    | Ívar         | 75.000        | Special Olympics          |
| Daði Freyr Arnarsson                       | BÍ88         | 110.000       | Landsliðsæfingar/keppni   |
| Viktor Júlíusson                           | BÍ88         | 35.000        | Landsliðsæfingar/keppni   |
| Kjartan Óli Kristinsson                    | Skellur      | 75.000        | Landsliðsæfingar/keppni   |

### Styrktarsjóður þjálfara HSV

Stjórn styrktarsjóðs þjálfara HSV var kosin af stjórn HSV. Stjórn sjóðsins skipa Jón Páll Hreinsson, Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jóhann Torfason. Samkvæmt samningi við Ísafjarðarbæ greiðast 500.000 kr. í sjóðinn ár hvert. Ekki tókst að úthluta öllu því fé á síðasta ári. HSV hvetur aðildarfélög og þjálfara þeirra að sækja sér frekari menntunnar og þekkingar og nýta sjóðinn til fulls ár hvert.

| <b>Félag</b> | <b>Verkefni</b>                                | <b>Upphæð</b> |
|--------------|--|---------------|
| KFÍ          | Þjálfaranámskeið ÍSÍ hjá Barna og unglíngaráði | 50.000        |
| BÍ           | Þjálfaranámskeið KSÍ fyrir unglíngaráð         | 208.095       |

### Verkefnasamningur

Verkefnasamningur HSV og Ísafjarðarbæjar hefur gengið vel eftir. Félögin sinna sínum verkefnum almennt af kostgæfni og samvirkusemi. Mikil ánægja er með verkefnasamninginn þó svo að erfitt geti verið að hafa fullt samhengi með tímavinnu og

peningum. Stjórn HSV reynir að vinna það af eins mikilli sanngirni og stjórnin mögulega getur og telur rétt. Það eru margir þættir og margar breytur sem hafa ber í huga þegar verkefnum er útdelt og er iðkendafjöldi yngri en 16 ára helsta breytan þó svo að einnig fari það eftir verkefnum, aðstæðum, staðsetning verkanna, hefðum og fleira. Verkefnasamningurinn gerir félögunum kleift að fá frekara fjármagn inn í félagið og ætti það að leiða af sér að félagið geti boðið upp á betri þjónustu til iðkenda sinna.

Núverandi samningur rennur út nú um áramót og þarf nú í haust að setjast við samningaborðið og útbúa nýjan samning. Fullur hugur er hjá stjórn að koma inn fleiri verkefnum og fá meira fjármagn inn í þennan samning. Er það von HSV að Ísafjarðarbær telji þetta góðan vettvang til að koma verkefnum sínum í gang. Er það trú okkar að það sé hagur beggja aðila samningsins ekki síst Ísafjarðarbæjar sem fær verkin mjög vel unnin.

### **Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar**

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2014 var kjörinn við hátíðlega athöfn þann 18. janúar síðastliðinn. Kristín Þorsteinsdóttir sundkona úr íþróttafélaginu Ívari var útnefnd íþróttamaður Ísafjarðarbæjar í annað sinn. Í umsögn um Kristínu kom meðal annars fram að auk þess að vera afburða íþróttamaður, samvisku- og eljusöm er Kristín jafnframt létt í skapi og góður liðsfélagi hjá Ívari. Með íþróttamiðað lífsmottó að leiðarljósi „Æfingin skapar meistarann en gleði og samvera er gulls ígildi“ er Kristín þannig fyrirynd annarra íþróttamanna.

Sex tilnefningar bárust frá íþróttafélögum og voru eftirfarandi tilnefndir; Birgir Björn Pétursson KFÍ, Kristín Þorsteinsdóttir Íþróttafélaginu Ívar, Matthías Króknes Torfason BÍ88, Sigurður Óli Rúnarsson Herði, Thelma Rut Jóhannsdóttir SFÍ, og Valur Richter Skotíþróttafélagi Ísafjarðar.

Einnig var útnefndur í sama hófi efnilegasti íþróttamaður Ísafjarðarbæjar. Það var Viktor Júlíusson frá BÍ88 sem hlaut þá útnefningu. Viktor spilaði á árinu knattspyrnu með 3.- 2.- og meistaraflokki BÍ88 og U17 landsliði Íslands. Alls bárust átta tilnefningar frá íþróttfélögunum og voru tilnefndir auk Viktors: Albert Jónsson SFÍ, Elías Ari Guðjónsson

# Ársskýrsla 2014

---

Herði, Guðný Birna Sigurðardóttir Vestra, Jón Hjörtur Jóhannesson Golfklúbbi Ísafjarðar, Kjartan Elí Kjartansson Víkingi, Kjartan Óli Kristinsson Skelli, og Linda Marín Kristjánsdóttir KFÍ.

## Aðalfundir félaganna

Samkvæmt lögum þurfa aðildarfélög HSV að halda aðalfund ár hvert. Mikilvægt er að auglýsa aðalfundi vel og að láta HSV vita um aðalfund. Nauðsynlegt er að HSV geti fylgst með aðalfundi og geti haft eftirlit með að allar venjur og reglur séu í lagi. Einnig er mjög mikilvægt að leggja fram ársreikning undirritaða af stjórn félagsins og skoðunarmönnum.

Aftast í þessari ársskýrslu eru skýrslur stjórnar félaganna. Ekki voru komnar í hús allar skýrslur og því er listinn ekki tæmandi. Stjórn HSV telur mikilvægt að gefa út í einu riti árskýrslu HSV og aðildarféлага þess. Með því móti er hægt að sjá í einu riti það mikla og blómlega starf sem íþróttafélögin og HSV stuðla að í Ísafjarðarbæ og Súðavík.

## Samstarfsverkefni

HSV tekur á ári hverju þátt í nokkrum samstarfsverkefnum og er sambandið ávalt opið fyrir því að taka þátt í góðum verkefnum. Hér fyrir neðan eru talin upp helstu samstarfsverkefni á síðasta ári.

### Hreyfivikan

Hreyfivikan er almenningsíþróttaverkefni á vegum Ungmennafélags Íslands í samstarfi við yfir 200 grasrótarsamtök í Evrópu. Verkefnið fór fram um gjörvalla Evrópu dagana 29.september – 5.október 2014. Hreyfivikan er hluti af “The NowWeMove 2012-2020” herferð International Sport and Culture Association (ISCA) sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum til heilsubótar.



# Ársskýrsla 2014

---

HSV í samstarfi við Ísafjarðarbæ var með í fyrsta sinn 2014 og heppnaðist mjög vel. HSV er þegar farið að undirbúa þátttöku og viðburðu fyrir haustið 2015 og verður verkefnið vonandi enn stærra og meira þá.

Á dagskrá Hreyfiviku 2014 í Ísafjarðarbæ var meðal annars:

## *Sund*

Ókeypis í allar sundlaugar Ísafjarðarbæjar.

- Sjósund með sjósundfélaginu Bleikjunum.

## *Hlaup:*

- Ókeypis prufutímar hjá hlaupahópnum Riddarar Rósu

## *Ganga:*

- Gengið á Mýrafell í Dýrafirði í fylgd með Ólafi Halldórssyni, leiðsögumanni Hentar allri fjölskyldunni.

- Létt gönguferð fyrir alla fjölskylduna um Tungudal og Tunguskóg með Ferðafélagi Ísfirðinga. Súpa í Tunguskógi á eftir.

## *Líkamsrækt:*

- Ókeypis kynningartími í líkamsrækt hjá sjúkraþjálfun Vestfjarða.
- Ókeypis kynningartími með leiðsögn í tækjasal Studio Dan á milli kl. 09:00 og 15:00. Einnig aðgangur að hóptímum í samráði við starfsfólk.

## *Sjósport:*

- Kayakróður með Sæfara á Pollinum, sunnudaginn 5. október kl. 11:00. Félagsmenn Sæfara veita leiðsögn og sjá um fararstjórn.

## *JÓGA:*

- Jóga með Gunnhildi Gestsdóttur. Allir eru velkomnir, fyrsti tíminn er alltaf gjaldfrjálsl.

BÍ88, handknattleiksdeild Harðar, KFÍ og blakfélagið Skellur bjóða á opnar æfingar, sjá [hsv.is](http://hsv.is) og heimasíður félaganna.

## **Ungt fólk og lýðræði**

UMFÍ og HSV héldu í sameiningu ráðstefnu í Ísafjarðarbæ, í apríl 2014, sem bar heitið Ungt fólk og lýðræði. Undirtitill ráðsetnunnar var stjórnsýslan og áhrif ungs fólks á stjórnsýsluna.

Undirtitill ráðstefnunnar endurspeglar vel þarfir ungs fólks og ungmenna sem vinna í ungmennaráðum í sínu sveitarfélagi. Þátttakendur fengu tækifæri til að ræða og meta stöðu sína í eigin samfélagi og grundvöll til að ræða við aðila sem koma að

stjórnsýslunni. UMFÍ hefur ávallt lagt áherslu á lýðræðislega þátttöku ungs fólks og var vandað til dagskrár ráðstefnunnar. HSV er ákaflega stolt af því að hafa verið gestgjafi ráðstefnunnar.

## Félagakerfið Felix

Félagakerfi Felix er sameiginlegt kerfi UMFÍ og ÍSÍ og er megintilgangur kerfisins að skrá og halda utan um upplýsingar félaganna s.s. félagsmenn, iðkendur, stjórnir, nefndir, æfingahópa o.s.v.fr. Kerfið heldur utan um allar þessar upplýsingar á miðlægum gagnagrunni þannig að þær er alltaf hægt að nálgast og engin hætta er á því að þær tapist. Kerfið auðveldar allt utanumhald á skráningum félaganna. Í kerfinu er einnig hægt nálgast tölfræðilegar skýrslur úr starfsemi félaganna. HSV hvetur aðildarfélög sín að kynna sér felix og nýta sér kerfið. Mjög mikilvægt er að félögin séu virk í skráningu iðkenda sinna og eru nokkur félög mjög virk í að uppfæra og skrá iðkendur sína og hefur kerfið gefist mjög vel.

## Lottó

Heildarlottótekjur til HSV árið 2014 voru kr. 6.284.387 en til samanburðar voru þær árið 2013 kr. 5.404.974 og árið 2012 kr. 5.183.329. Lottótekjur HSV koma frá UMFÍ og ÍSÍ eftir ákveðnum reglum samtakanna.

Lottótekjur HSV renna óskiptar til aðildarfélaganna HSV með undantekningu því samkvæmt reglum afreksmannasjóðs HSV renna 10% af óskiptum lottótekjum í afreksmannasjóðinn.

Úthlutunarreglur HSV á lottótekjum til aðildarfélaganna fer eftir iðkenda og félagatali. Miðað er við tölur félaganna úr felix kerfinu. Enginn fær úthlutað rekstrarframlagi án skráningar í felix og skýrsluskilum til ÍSÍ. Úthlutunarreglur skiptast eftirfarandi, 5% miðað við alla félaganna íþróttafélaganna, 70% eftir iðkendum yngri en 16 ára, 20% eftir iðkendum eldri en 16 ára og 5% jafnt á öll félög.

## Getraunir og tipleikurinn

Tekjur af Íslenskum getraunum voru árið 2014 kr. 51.168. Ljóst er að tekjur af Íslenskum getraunum eru mjög litlar, en töluverðir tekjumöguleikar eru fyrir hendi í tipleiknum og er vonandi að hægt verði að ná að auka hlutdeild HSV í þessum tekjumöguleika.

## Unglingalandsmót 2014

14. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2014. Keppendur voru í 17 keppnisgreinum eins og dansi, fimleikum, frjálsíþróttum, glímu, golfi, hestaíþróttum, knattspyrnu, körfubolta, motocrossi, skák og sundi. Þátttakendur að þessu sinni voru rúmlega 1.000. Gestir mótsins voru taldir vera um 10.000-12.000. Aðstaða til keppnishalds var með ágætum og fór mótið vel fram í ágætis veðri.

Keppendur HSV voru heldur fáir þetta árið líkt og undanfarin ár. Markmiðið er að vekja betur upp áhuga á unglingalandsmóti hjá félögum HSV og mæta á næsta mót á Akureyri með öflugan hóp. Unglingalandsmót er fjölskylduskemmtun án allra vímuefna og er góður kostur fyrir fjölskyldur og börn þeirra ef gera á verslunarmannahelgina skemmtilega og minnisstæða.

## Landsmót 50+

4. landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Húsavík í júní. Skráðir keppendur voru 400 og tókst mótshald vel þrátt fyrir hryssingslegt veður. HSV átti nokkra þátttakendur á því móti, þar af 16 keppendur í pútti og boccia frá Kubba, íþróttafélagi eldri borgara í Ísafjarðarbæ. Árangur var með ágætum, meðal annars vann lið Kubba bronsverðlaun í sveitakeppni í pútti.

## Ýmsar upplýsingar

### Lög HSV

- I. kafli: Heiti og sambandsvæði.
  - II. kafli: Aðild:
    - a) Réttur til aðildar.
    - b) Umsókn um aðild.
    - c) Réttindi og skyldur aðildarfélaganna.
  - III. kafli: Markmið og hlutverk sambandsins.
  - IV. kafli: Héraðsþing:
    - a) Hlutverk.
    - b) Fulltrúar.
    - c) Réttur til þingsetu.
    - d) Dagskrá þingsins.
    - e) Aukabíng.
  - V. kafli: Stjórn:
    - a) Skipun.
    - b) Hlutverk.
    - c) Formannafundur.
- kafli: Lagabreytingar.  
kafli: Ýmis ákvæði  
VIII. kafli: Gildistaka.

#### I. kafli. Heiti og sambandsvæði.

##### 1. grein.

Sambandið heitir Héraðssamband Vestfirðinga. Skammstafað HSV. Sambandsvæðið er Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur. Heimili og varnarþing er Ísafjarðarbær.

#### II. kafli. Aðild.

##### 2. grein.

Réttur til aðildar.

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna og íþróttafélög, sem eru á sambandsvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og starfa í anda þeirra.

##### 3. grein.

Umsókn um aðild.

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar HSV. ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn.

##### 4. grein.

Réttindi og skyldur aðildarféлага.

Félag öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna, er staðfestast skal á héraðsþingi. Félagið hefur þó rétt til þátttöku í íþróttamótum.

##### 5. grein.

Starfsskýrslur

Hverju aðildarfélagi innan HSV er skylt að skila starfsskýrslu eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Starfsskýrslur skulu innihalda félagatal, iðkendatal, og ársreikna. Í starfsskýrslum skal aðgreina meistaraflokk frá barna- og unglíngastarfi.

Verði vanhöld á skýrsluskilum er HSV heimilt að halda eftir styrkjum til viðkomandi félags skv. úthlutun. Geri viðkomandi félag ekki skil á starfsskýrslum fyrir 1. apríl annað árið í röð hefur stjórn HSV heimild

til að taka viðkomandi félag af úthlutunarlista. Það fjármagn sem þegar hefur safnast upp skal renna til afreksmannasjóðs HSV.

HSV sér um að dreifa styrkjum til aðildarféлага skv. innsendum starfsskýrslum. Styrkir þessir eru bein fjárframlög frá bæjarfélagi, Lottógreiðslur og greiðslur frá íslenskum getraunum. Styrkir skulu skipast á milli aðildarféлага skv. eftirfarandi reiknreglu: 70 % miðast við fjölda iðkenda, yngir en 16 ára 20 % miðast við fjölda iðkenda 16 ára og eldri 5 % miðast við skráða féлага 5 % er skipt jafnt á félög

Lög aðildarféлага sambandsins skulu staðfest af stjórn HSV svo og allar síðari lagabreytingar sem gerðar kunna að vera.

Aðildarfélög skulu skila ársskýrslu til HSV að loknum aðalfundi sínum hverju sinni.

#### III. kafli. Markmið og hlutverk sambandsins. 6. grein.

Markmið HSV er að sameina íbúa héraðsins um að efla sjálfstæði Íslendinga. Markmiði sínu hyggst sambandið ná á eftirfarandi hátt:

- a) Að starfa í anda friðar, jafnréttis og menningarhugsjóna.
- b) Að vinna að útrýmingu skaðnautna og hafa samvinnu um bindindismál við bindindisfélög.
- c) Að vinna að náttúruvernd og bætri umgengni við landið.
- d) Að glæða með fólki áhuga fyrir verndun móðurmálsins og sögu þjóðarinnar.
- e) Að efla með fólki trygð og rækt við heimili, áttaha og ættjörð.
- f) Að efla í hvívetna almenna fræðslu og uppeldisstarf.
- g) Að vinna að kynningu æskunnar á sambandsvæðinu og hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins menningarþroska, m.a. með heilbrigðum skemmtunum og málfundastarfsemi.
- h) Að vinna að jafnrétti allra manna.
- i) Að vinna að öðru leyti samkvæmt stefnuskrá ÍSÍ og UMFÍ.

Hlutverk sambandsins er:

- a) Að hafa forystu íþróttamála innan héraðsins, efla samvinnu íþróttaiðkenda og vera fulltrúi þeirra gagnvart ÍSÍ og UMFÍ og öðrum héraðssamböndum.
- b) Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera fulltrúi ÍSÍ og UMFÍ, en sérráð ef stofnuð eru fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins
- c) Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- d) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé sem til þess hefur verið veitt.
- e) Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði
- f) Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfsins innan héraðs.
- g) Að staðfesta lög aðildarféлага og fylgjast með því að starfsemi aðildarféлага fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.
- h) Að annast íþróttaleg sérmál, meðan þau eru ekki falin sérstökum ráðum.
- i) Að gangast fyrir stofnun sérráða, sé þess þörf
- j) Að gefa umsögn um íþróttamál, íþróttamannvirki o.s.frv.
- k) Að annast milligöngu um tryggingamál fyrir einstök félög eða sérráð, sé þess óskað.
- l) Að efla áhuga almennings fyrir líkamsmennt, með erindum eða annari fræðslu og örfa almenna þátttöku í íþróttaiðkun og í keppni um íþróttamerki.

# Ársskýrsla 2014

- m) Að annast skýrslugerðir varðandi íþróttamál héraðsins.

## IV. kafli. Héraðsþing.

### 7. grein. Hlutverk.

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið fyrir maílok ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum, um sambandsvæðið.

Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþingi, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þingið skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara með rafrænum hætti nema óskað sé eftir því skriflega.

### 8. grein.

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða um þær, nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsíkvæðum ÍSí. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins.

### 9. grein. Fulltrúar.

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 50, verði 25 umfram má kjósa einn fulltrúa fyrir það brot, gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi og aldrei færri en einn. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmætt, ef löglega er til þess boðað.

### 10. grein. Réttur til þingsetu.

Atkvæðisrétt á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar þeirra félaga sem skilað hafa inn starfsskýrslum skv. 5. grein. Auk þess hefur sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- Fulltrúar ÍSí og UMFÍ.
- Fulltrúar sveitafélaganna á sambandsvæðinu.
- Skoðunarmenn reikninga.
- Starfsmenn sambandsins.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar með atkvæðisrétt skulu hafa kjörbréf.

### 11. grein. Dagskrá þingsins.

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili Héraðssambands Vestfirðinga eru þessi:

- Þingsetning.
- Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- Kosning fyrsta og annars þingritara.
- Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- Skýrsla stjórnar lögð fram.
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
- Ávörp gesta.
- Álit kjörbréfanefndar.
- Staðfesting á aðild nýrra félaga.
- Umræður um skýrslu stjórnar.
- Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
- Skipað í nefndir til starfa á þinginu:
  - Kjörnefnd og aðrar nefndir ef þurfa þykir.
- Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
- Laga- og reglugerðabreytingar lagðar fram.
- Aðrar tillögur lagðar fram.
- Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
- Afgreiðsla á áli nefnda.
- Önnur mál.

- Kosningar,
  - Kosning formanns.
  - Kosning tveggja stjórnarmanna.
  - Kosning þriggja manna í varastjórn.
  - Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
  - Kosning til íþróttþings skv. lögum ÍSí á því ári sem íþróttþing er haldið.
  - Kosning til þings UMFÍ skv. lögum UMFÍ á því ári sem þing þess er haldið
- Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða.

### 12. grein. Aukþing.

Aukþing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er láttinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukþingi má ekki gera laga- eða reglugerðabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

## V. kafli. Stjórn.

### 13. grein. Skipun.

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjú menn í varastjórn og ennfremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Formaður eða varaformaður aðildarfélags er ekki kjörgengur í stjórn sambandsins. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

### 14. grein. Hlutverk.

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórn sambandsins svo og nefndir þess skulu halda gerðabók.

### 15. grein. Formannafundur.

Eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti skal stjórn HSV halda fund með formönnum félaga og sérráða eða fulltrúum þeirra, þar sem stjórnin skýrir störf sín og rædd verða viðfangsefni héraðssambandsins og aðildarfélaga þess

## VI. kafli. Lagabreytingar.

### 16. grein.

Tillögur til lagabreytinga skal leggja fram í upphafi þings og þeim síðan vísað til laganefndar. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

### 17. grein.

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða, atkvæðisbærra fulltrúa á héraðsþingi.

## VII. kafli. Ýmis ákvæði.

### 18. grein.

Í lögum allra aðila að héraðssambandinu skulu vera ákvæði um félagsslit, svo og um ráðstöfun eigna sambandsaðila.

## 19. grein.

Héraðssambandinu HSV, verður ekki slitið nema á héraðsþingi og þá aðeins, að 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa þeirra, er rétt eiga til setu á þinginu sbr. 9. grein samþykki. Með slíkri samþykkt er störfum þessa þings tafarlaust lokið, en fráfarami stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til annars ársþings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 atkvæða atkvæðisbærra fulltrúa að slíta sambandinu, er sambandinu formlega slitið.

Skulu eignir sambandsins renna til nýrra heildarsamtaka íþróttafélaganna á sambandssvæðinu, í samráði við stjórnir ÍSÍ og UMFÍ. Gerðabækur sambandsins skulu varðveitast á Héraðsskjalasafni Ísafjarðabæjar.

## 20. grein.

Þrátt fyrir ákvæði í 19. grein, skal heimilt að stytta sex mánaða boðunarfrest til héraðþings ef um skipulagsbreytingar eða samruna er að ræða. Boðunarfrestur skal ákveðast af þinginu.

## VIII. kafli. Gildistaka.

### 21. grein.

Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

### 22. grein.

Allar breytingar á lögum sambandsins þurfa að hljóta samþykki stjórnar ÍSÍ og UMFÍ áður en þær taka að fullu gildi.

Þannig samþykkt á Héraðsþingi HSV á 28. degi aprílmánaðar 2010

Jón Páll Hreinsson formaður  
Sigrún Sigvaldadóttir ritari

## Forvarnarstefna HSV

Mikilvægt er að Héraðssamband Vestfirðinga stuðli að því að forvarnarstefna sé til og virk innan íþróttafélaga sambandsins. Neysla vímuefna og íþróttaiðkun fara ekki saman og hefur skaðleg áhrif á árangur í íþróttum. Sýnt hefur verið fram á það í rannsóknum á börnum og unlingum að þeim ungmennum sem eru virk í íþróttastarfi reiðið betur af í daglegu lífi, standa sig betur í námi og neyta síður vímuefna.

Héraðssambandið vill hafa skýra afstöðu gegn neyslu vímuefna í tengslum við íþróttir og starf íþróttafélaganna. Héraðssambandið hvetur íþróttafélögin innan sambandsins að taka upp forvarnarstefnu gegn neyslu vímuefna. Þegar átt er við vímuefni er átt við neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna sem og neyslu hormónalyfja sem ekki eru tekin í lækningalegum tilgangi eftir tilvísun læknis.

Til að ná árangri í framkvæmd á þessu hefur Hérassambandið sett sér markmið.

### Markmið:

Hvert og eitt félag skilgreini sitt fræðslu og forvarnastarf. Félögin eru sjálf ábyrg fyrir framkvæmd stefnunnar. Mikilvægt er að íþróttahreyfingin sé trúverðug í fræðslu- og forvarnarstarfi. Áfengis- og eða tóbaksneysla á ekki að eiga sér stað í tengslum við íþróttastarf, s.s.:

- Áfengissala í tengslum við íþróttakeppni.
- Áfengisneysla í lokahófum þar sem börn og unglingar eru á.
- Reykingar og munntóbaksneysla á íþróttasvæðum.
- Áfengisauglýsingar á eða við íþróttasvæði.

Íþróttafélög þurfa að skapa aðstæður svo öll börn og unglingar geti stundað íþróttir. Íþróttafélög setji sér reglur og/eða marki sér stefnu í forvarnarmálum samkvæmt stefnu ÍSÍ. Félag og deildir fræði börn og unglinga um skaðsemi vímuefna auk þess sem þau fræði sína ungu iðkendur um lyfjamál og bendi þeim á þær hættur sem geta fylgt lyfjanotkun.

### STEFNUYFIRLÝSING ÍSÍ UM FORVARNIR OG FÍKNIEFNI.

Neysla áfengis, tóbaks eða fíkniefna á aldrei samleið með iðkun íþróttar og vill íþróttahreyfingin á Íslandi efla forvarnarlutverk sitt á eftirfarandi hátt:

#### **Setja fram markvissa stefnu**

- Hvetja íþróttar- og ungmennafélög til þess að festa í lög sín ákvæði þar sem tekin er einörð afstaða gegn neyslu á áfengi og fíkniefnum.
- Móta sameiginlegar starfsreglur um hvernig tekið skuli á fíkniefnavanda ungs fólks á vettvangi íþróttahreyfingarinnar og hvernig unnið skuli að forvörnum og gera öll íþróttamannvirki algerlega reyklaus.

#### **Stuðla að aukinni og almennari þátttöku ungs fólks í íþróttastarfi**

- Hvetja íþróttar- og ungmennafélög til þess að vinna markvisst að því að fjölga iðkendum íþróttar meðal barna og unglinga, m.a. með því að auka fjölbreytni í iðkuninni og tryggja þannig að öll börn og unglingar fái tækifæri til að stunda íþróttir í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga.
- Nýta mannvirki og aðstöðu íþróttahreyfingarinnar til að festa íþróttastarf í sessi sem raunhæfan valkost til skemmtunar fyrir unglinga, t.d. með því að bjóða upp á iðkun óhefðbundinna greina.

- Halda opin hús í íþróttamannvirkjum, eða efna til annars konar íþróttastarfs fyrir þessa aldurshópa þar sem meiri áhersla er lögð á að koma til móts við þarfir þeirra fyrir afþreyingu og skemmtun, en keppni og afrek.

### **Auka þekkingu á skaðsemi fíkniefna og forvörnum innan hreyfingarinnar**

- Gefa út fræðsluefni um fíkniefni og forvarnir fyrir þjálfara og iðkendur og gera fræðslu um þessi málefni að föstum þætti í fræðslustarfi íþróttahreyfingarinnar og í íþróttanámi í framhaldsskólum
- Fela þjálfurum að fræða þá iðkendur sem þeir þjálfa um áhrif áfengis, tóbaks og fíkniefna á heilbrigði þeirra og árangur í íþróttum
- Hvetja sambandsaðila íþróttahreyfingarinnar til þess að fjalla um fíkniefni og forvarnir í málsgögnum sínum og ritum.

## **Siðareglur Héraðssambands Vestfirðinga**

Hlutverk siðareglna er að veita þeim sem koma að íþróttum almennar leiðbeiningar og vera þeim hvatning. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Þær eru ekki tæmandi, heldur leiðbeinandi og hvetjandi. Aðhaldið felst í almennu viðhorfi til boðskapar regnanna. Þær þarf að kynna öllum hlutaðeigandi.

Staða siðareglna er mismunandi, allt frá því að vera leiðbeinandi yfir í það að hafa refsíákvæði af ýmsum gerðum. Í tilfelli íþróttafélags er ekki þörf á að hafa refsíákvæði þar sem þau er að finna í keppnisreglum einstakra íþróttagreina.

### **Siðareglur**

1. Forðastu að upp komi sérhver sú staða sem leitt getur til hagsmunaárekstra.
2. Vertu hlutlaus í samskiptum þínum við opinberar stofnanir, innlend og alþjóðleg samtök sem og önnur sambönd eða hópa í samræmi við grundvallarhugsjónir íþróttahreyfingarinnar.
3. Gættu þess að misbjóða ekki virðingu einstaklinga eða hópi einstaklinga t.d. hvað varðar kynferði, þjóðerni, kynþátt, litarhaft, menningu, tungumál, trúarbrögð, kynhneigð og stjórnámálaskoðanir.
3. Tryggðu að persónuleg réttindi þeirra aðila sem þú ert í sambandi við og átt í samskiptum við séu varin, virt og tryggð.



4. Gerðu þér grein fyrir trúnaðarskyldum við störf.
5. Taktu ekki við gjöfum og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist. Gefðu heldur ekki gjafir og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist.
6. Þiggðu aldrei mútur.
7. Taktu aldrei við umboðslaunum eða loforðum um umboðslaun, fyrir hvers konar samningagerð við skyldustörf.
8. Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.

### Hegðunarviðmið

#### Fyrir iðkendur

1. Gerðu alltaf þitt besta.
2. Þekktu reglur íþróttagreinarinnar og vertu háttvís í hvívetna.
3. Taktu þátt af því það er gaman, á eigin forsendum en ekki til að þjóna hagsmunum styrktaraðila, foreldra eða þjálfara.
4. Berðu virðingu fyrir öðrum.
5. Ekki láta í ljósi neikvæðar eða niðrandi athugasemdir gagnvart öðrum iðkendum, keppinautum, dómurum, þjálfurum og liðsstjórum sem og öðrum aðilum sem koma að íþróttastarfi með einum eða öðrum hætti.
6. Komdu fram við aðra eins og þú vilt að þeir komi fram við þig.
7. Gerðu þér grein fyrir því að þú ert fyrirmynd þeirra sem yngri eru.
8. Hafðu heilbrigði alltaf að leiðarljósi og forðastu að taka áhættu varðandi heilsu þína.

#### Fyrir þjálfara

1. Vertu iðkendum þínum góð fyrirmynd.
2. Styrktu jákvæða hegðun og framkomu iðkenda.
3. Skapaðu möguleika fyrir iðkendur til að þroska og nýta hæfileika sína og gættu þess að æfingar hæfi aldri og þroska.
4. Sýndu íþróttinni virðingu og virtu reglur hennar, venjur og siði. Stuðlaðu að því að iðkendur geri slíkt hið sama og kenndu þeim að virða dómara og keppinauta.
5. Viðurkenndu og sýndu virðingu þeim ákvörðunum sem dómara taka.
6. Komdu eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynþætti, stjórnmálaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
7. Hrósaðu iðkendur og taktu tillit til aldurs og þroska. Viðhafðu jákvæða gagnrýni.
8. Samþykktu aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.

## Ársskýrsla 2014

---

9. Sýndu athygli og umbyggju þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum.
10. Leitaðu samstarfs við aðra þjálfara eða sérfræðinga þegar þess þarf.
11. Viðurkenndu rétt iðkandans til þess að leita ráða hjá öðrum þjálfurum.
12. Hafðu ávallt í huga að þú ert að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega.
13. Hafðu ávallt heilsu og heilbrigði iðkenda þinna í huga og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað gæti þessum þáttum.
14. Talaðu ávallt gegn neyslu áfengis og tóbaks.
15. Talaðu ávallt gegn notkun ólöglegra lyfja.
16. Sæktu reglulega endurmenntun.
17. Leggðu þitt af mörkum til að skapa gott andrúmsloft og félagsleg tengsl.
18. Komdu þér aldrei í þá aðstöðu að þú sért einn með iðkanda.
19. Sinntu iðkendum á æfingum en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð. Forðastu samskipti gegnum síma og internetið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar
20. Taktu aldrei að þér akstur iðkenda, hvorki á leiki né æfingar, nema með skriflegu leyfi foreldra
21. Forðastu náið samband við iðkanda, fyrir utan æfingar- og keppnistíma.
22. Beittu (iðkanda) aldrei kynferðislegu, líkamlegu eða andlegu áreiti.

### Fyrir stjórnarmenn og starfsmenn

1. Stattu vörð um grunngildi íþróttahreyfingarinnar.
2. Stattu vörð um anda og gildi félagsins og sjáðu um að hvort tveggja lifi áfram meðal félagsmanna.
3. Komdu fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, trúarbrögðum, stjórnámálaskoðunum, litarhætti og kynhneigð.
4. Stuðlaðu að jöfnum tækifærum allra til þátttöku innan félagsins.
5. Vertu til fyrirmyndar í framkomu, bæði innan félags og utan.
6. Leystu ágreining og árekstra á sanngjarnan hátt og til samræmis við reglur og venjur.
7. Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
8. Taktu alvarlega þá ábyrgð sem þú hefur gagnvart félaginu og iðkendum.
9. Hafðu ávallt í huga að í félaginu er verið að byggja upp fólk.
10. Rektu félagið ávallt eftir löglegum og ábatasömum reikningsaðferðum.
11. Misnotaðu aldrei aðstöðu þína til að koma eigin hagsmunum á framfæri á kostnað félagsins.
12. Haltu félagsmönnum vel upplýstum og gerðu félagsmenn að þátttakendum í ákvarðanatöku eins og hægt er.

## Fyrir foreldra og forráðamenn

1. Mundu að barnið þitt tekur þátt sín vegna, ekki þín vegna.
2. Hvettu barnið til þátttöku í íþróttum en ekki þvinga það.
3. Útskýrðu fyrir barninu að starfið fari fram eftir ákveðnum reglum og kenndu því að leysa úr ágreiningi.
4. Styddu og hvettu öll börn og ungmenni, ekki bara þín eigin, bæði við æfingar og keppni.
5. Ekki láta í ljósi neikvæðar eða niðrandi athugasemdir gagnvart iðkendum, keppinautum, dómurum, þjálfurum og liðsstjórum sem og öðrum aðilum sem koma að íþróttastarfi með einum eða öðrum hætti.
6. Sýndu jákvæðni, líka þegar á móti blæs.
7. Berðu virðingu fyrir ákvöðrunum dómara og annarra starfsmanna.
8. Berðu virðingu fyrir réttindum barna.
9. Upplýstu um stríðni og/eða áreiti.
10. Lærðu að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu því án þeirra hefði barn þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu.

## Jafnréttisstefna HSV

Markmið jafnréttisstefnu HSV er að tryggja að allir félagsmenn HSV séu meðvitaðir um ábyrgð sína og áhrifamátt í jafnréttismálum og fari að lögum um jafna stöðu ólíkra þjóðfélagshópa.

HSV leggur ríka áherslu á jafnrétti kynjanna og að allir iðkendur sambandsins geti iðkað íþrótt sína óháð kynferði, trúarbrögðum, skoðunum, þjóðerni, kynþætti, litarhætti, efnahag, kynhneigð eða stöðu að öðru leyti.

Bæði kyn séu hvött til áframhaldandi íþróttaiðkunar og kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar sé sinnt hvað varðar aðstöðu, fjármagn og félagsstarfs. Þetta skal haft í huga við skipulag mótahalds, skipulag æfinga eða æfingabúða auk úthlutunar styrkja.

HSV hvetur bæði konur og karla til þátttöku í innra starfi sambandsins og að í ábyrgðarstörf innan þess veljist sem jafnast hlutfall karla og kvenna hverju sinni. Í stjórn HSV og aðildarfélögum þess skal reynt að fá einstaklinga af báðum kynjum.

Jafnréttisstefnan skal vera samofin öllu starfi og markvisst fléttuð inn í alla stefnumótun og verklag innan sambandsins. Gæta skal þess að ýta ekki undir staðalímyndir kynjanna.

## Úthlutunarreglur íbúða HSV

### Almennar reglur:

Samningar við aðildarfélögin eru gerðir í maí og september ár hvert og skulu óskir um íbúðir vera sendar inn fyrir 1. janúar og 1. ágúst. Í umsókninni skal koma fram hversu margar íbúðir félagið óskar eftir, fyrir hvern íbúðin er ætluð þ.e. þjálfara/leikmenn eða hvortveggja og til hvers langs tíma félagið óskar eftir íbúðinni. Samningur er aðeins gerður til eins árs, nema í undantekningartilfellum. Hvert félag getur ekki verið með nema eina íbúð í leigu í einu í hámarksleigutíma. Ef svo ber undir gætu félög þurft að samnýta íbúð. Leiguíbúðir HSV eru ekki lausn á framtíðarhúsnæði íþróttafélaga og ber að líta á þær sem skammtímalausn fyrir þjálfara og leikmenn. Félag með íbúð í leigu ber fulla ábyrgð á skemmdum í íbúðinni. Horft verður til menntunar þjálfara s.s. íþrótafræðingur, íþróttakennari og/eða með þjálfaramenntun.

### Forgangsreglur

1. Fyrsti forgangsflokkur: Þjálfarar á barna- og unglíngastigi.
  - a. Forgangur á þjálfurum á barna og unglíngastigi.
    - i. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu er það í forgangi.
    - ii. Nýting á þjálfara gefur forgang í íbúðina þ.e.a.s. er hann nýttur fyrir marga flokka og/eða árganga og fjölda iðkenda.
    - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.
    - iv. Taka skal mið af æfinga og keppnistímabili íþróttarinnar.
2. Annar forgangsflokkur: Aðrir þjálfarar.
  - a. Forgangur á aðra þjálfara.
    - i. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu er það í forgangi.
    - ii. Taka skal mið af æfinga og keppnistímabili íþróttarinnar.
    - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.
3. Þriðji forgangsflokkur: Leikmenn.
  - a. Forgangur vegna leikmanna.
    - i. Taka skal mið af keppnistímabili leikmanna.
    - ii. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu hefur það forgang.
    - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.

Taka skal allar umsóknir fyrir á stjórnarfundum HSV og mun stjórnin taka ákvarðarnir um leiguíbúðir samkvæmt þessum reglum.

**Aðildarfélög og formenn félaga í lok árs 2014**

| <b>Aðildarfélög HSV</b>           | <b>Formaður</b>               |
|-----------------------------------|-------------------------------|
| Blakfélagið Skellur               | Sigurður Hreinsson            |
| BÍ88                              | Gísli Jón Hjaltason           |
| Golfklúbbur Ísafjarðar            | Tryggvi Sigtryggsson          |
| Golfklúbburinn Gláma              | Jóhannes Kristinn Ingimarsson |
| Hestamannafélagið Hending         | Marinó Hákonarson             |
| Hestamannafélagið Stormur         | Víktor Pálsson                |
| Íþróttafélagið Höfrungur          | Sigmundur Þórðarson           |
| Íþróttafélagið Ívar               | Arnþór Jónsson                |
| Íþróttafélagið Stefnir            | Svava Rán Valgeirsdóttir      |
| Knattspyrnufélagið Hörður         | Torfi Einarsson               |
| Kraftlyftingafélagið Víkingur     | Ingibjörg Óladóttir           |
| Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar   | Shiran Þórisson               |
| Skíðafélag Ísfirðinga             | Jóhanna Oddsdóttir            |
| Skotíþróttafélag Ísafjarðar       | Guðmundur Valdimarsson        |
| Sundfélagið Vestri                | Pálína Sinthu Björnsdóttir    |
| Tennis- badmintonfélag Ísafjarðar | Guðmundur E. Kjartansson      |
| Ungmennafélagið Geisli            | Ísabella Friðgeirsdóttir      |
| Íþróttafélagið Grettir            | Sigrún Svanhvít Óskarsdóttir  |
| Íþróttafélagið Kubbi              | G. Sigríður Þórðardóttir      |
| Sæfari                            | Rúnar Helgi Haraldsson        |

**Heiðursviðurkenningar HSV**

**Silfurmerki**

**Gullmerki**

2002

Guðjón M. Þorsteinsson  
Óli Reynir Ingimarsson  
Sigmundur F. Þórðarson  
Bergmann Ólafsson

KFÍ  
KFÍ  
Höfrungur  
SFÍ

Jón Kristmannsson  
Óli M. Lúðvíksson  
Guðmundur Ágústsson  
Gunnlaugur Jónasson  
Hafsteinn Sigurðsson

KFÍ  
BÍ  
SFÍ  
SFÍ  
SFÍ

# Ársskýrsla 2014

---

2003

2004

|                    |     |                           |     |
|--------------------|-----|---------------------------|-----|
| Óskar Kárason      | SFÍ | Gylfi Guðmundsson         | SFÍ |
| Þróstur Jóhannsson | SFÍ | Kristján Rafn Guðmundsson | SFÍ |
|                    |     | Páll Sturlaugsson         | SFÍ |
|                    |     | Halldór Margeirsson       | SFÍ |

2005

Björn Helgason

2006

|                         |         |                           |         |
|-------------------------|---------|---------------------------|---------|
| Kristján Jóakimsson     | Vestri  | Guðbjörn Björnsson        | Stefnir |
| Sigrún Sigvaldadóttir   | Vestri  | Eiríkur Jónsson           | Stefnir |
| Kristján Pálsson        | BÍ      | Guðrún Guðjónssdóttir     | Stefnir |
| Þorsteinn Þráinsson     | KFÍ     | Helga Ásgreímsdóttir      | Stefnir |
| Harpa Björnsdóttir      | Ívar    | Sigrún Sturludóttir       | Stefnir |
| Hermann Níelsson        | Hörður  | Aðalheiður Fröbertsdóttir | Stefnir |
| Tryggvi Guðmundsson     | GÍ      | Ingibjörg Jónasdóttir     | Stefnir |
| Steingrímur Guðmundsson | Stefnir | Eva Sturludóttir          | Stefnir |
| Anna Bjarnadóttir       | Stefnir | Lilja Magnúsdóttir        | Stefnir |
| Arnar Guðmundsson       | Stefnir |                           |         |
| Deborah Anne Ólafsson   | Stefnir |                           |         |

2007

|                        |        |
|------------------------|--------|
| Baldur Ingi Jónasson   | KFÍ    |
| Halldór Sveinbjörnsson | Sæfari |
| Finnur Magnússon       | HSV    |
| Jens Magnússon         | Skotís |
| Ari Hólmsteinsson      | Skotís |

2008

|                        |      |                  |      |
|------------------------|------|------------------|------|
| Guðmundur Ásgeirsson   | BÍ88 | Kristján Pálsson | BÍ88 |
| Svavar Þór Guðmundsson | BÍ88 |                  |      |
| Pétur Jónsson          | BÍ88 |                  |      |

2009

|                         |     |
|-------------------------|-----|
| Guðríður Sigurðardóttir | HSV |
| Rannveig Pálsdóttir     | HSV |

# Ársskýrsla 2014

---

|   |                              |                                 |
|---|------------------------------|---------------------------------|
|   | Hermann Níelsson             | Hörður                          |
|   | 2010                         |                                 |
| Marínó Hákonarson<br>Margrét Eyjólfsdóttir<br>Guðni Guðnason                                      | Hending<br>Vestri<br>KFÍ/HSV | Harpa Björnsdóttir<br>Ívar      |
|   | 2011                         |                                 |
| Ásdís Birna Pálsdóttir  | Skellur                      |                                 |
|   | 2012                         |                                 |
| Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir<br>Hjalti Karlsson<br>Kristbjörn R. Sigurjónsson                    | SFÍ<br>SFÍ<br>SFÍ            |                                 |
|   | 2013                         |                                 |
| Friðgerður Ómarsdóttir<br>Gísli Jón Kristjánsson<br>Sigríður Jónsdóttir<br>Þorsteinn Magnfreðsson | Hending<br>Hending           | Guðjón Þorsteinsson<br>KFÍ      |
|   | 2014                         |                                 |
| Óðinn Gestsson<br>Ingólfur Þorleifsson  | KFÍ<br>KFÍ                   | Jóhann Króknes Torfason<br>BÍ88 |

## Ársskýrsla 2014

### Félaga- og iðkendatal HSV 2014

| Félag          | Félagar         |                 |             | Iðkendur        |                 |             |
|----------------|-----------------|-----------------|-------------|-----------------|-----------------|-------------|
|                | Yngri en 16 ára | 16 ára og eldri | Samtals     | Yngri en 16 ára | 16 ára og eldri | Samtals     |
| B.Í.           | 214             | 422             | 636         | 210             | 40              | 250         |
| G.Í.           | 26              | 125             | 151         | 26              | 125             | 151         |
| Geisli         | 22              | 141             | 163         | 6               | 37              | 43          |
| Hending        | 2               | 158             | 160         | 1               | 58              | 59          |
| Höfrungur      | 39              | 232             | 271         | 47              | 63              | 110         |
| Hörður         | 66              | 281             | 347         | 43              | 47              | 90          |
| Ívar           | 2               | 44              | 46          | 2               | 18              | 20          |
| KFÍ            | 173             | 288             | 461         | 54              | 46              | 100         |
| Skellur        | 39              | 48              | 87          | 35              | 31              | 66          |
| SFÍ            | 161             | 518             | 679         | 76              | 13              | 89          |
| Skotfélag      | 0               | 175             | 175         | 0               | 110             | 110         |
| Stefnir        | 40              | 115             | 155         | 53              | 14              | 67          |
| Stormur        | 49              | 78              | 127         | 27              | 70              | 97          |
| TBÍ            | 0               | 15              | 15          | 0               | 15              | 15          |
| Vestri         | 179             | 194             | 373         | 82              | 23              | 105         |
| Grettir        | 37              | 92              | 129         | 32              | 3               | 35          |
| Kubbi          | 0               | 59              | 59          | 0               | 59              | 59          |
| Víkingur       | 8               | 73              | 81          | 8               | 73              | 81          |
| Sæfari         | 33              | 251             | 284         | 30              | 20              | 50          |
| <b>Samtals</b> | <b>1090</b>     | <b>3309</b>     | <b>4399</b> | <b>732</b>      | <b>865</b>      | <b>1597</b> |



# Ársskýrsla 2014

## Skipting rekstrar, lottó og getraunartekjum aðildarfélaga HSV

| Framlag til aðildarfélaga vegna ársins 2014 |                |                      |                      |                   |                     |                      |                     |                      |
|---|----------------|----------------------|----------------------|-------------------|---------------------|----------------------|---------------------|----------------------|
|   |                | Framlög              |                      |                   |                     |                      |                     |                      |
|   |                | Ísafjarðarbær        | Lottó                | Getraunir         | Skattur             | Eftirstöðvar         | Tryggingar          | Samtals              |
| 1   | B.Í.           | 556.065 kr.          | 1.243.905 kr.        | 11.381 kr.        | -95.400 kr.         | 1.715.952 kr.        | -83.300 kr.         | 1.632.651 kr.        |
| 2   | G.Í.           | 149.556 kr.          | 328.684 kr.          | 3.061 kr.         | -22.650 kr.         | 458.651 kr.          | -19.779 kr.         | 438.872 kr.          |
| 3   | Geisli         | 0 kr.                | 106.201 kr.          | 0 kr.             | -24.450 kr.         | 81.751 kr.           | -21.351 kr.         | 60.400 kr.           |
| 4   | Gláma          | 0 kr.                | 0 kr.                | 0 kr.             | 0 kr.               | 0 kr.                | 0 kr.               | - kr.                |
| 6   | Hending        | 49.101 kr.           | 106.427 kr.          | 1.005 kr.         | -24.000 kr.         | 132.533 kr.          | -20.960 kr.         | 111.573 kr.          |
| 7   | Höfrungur      | 166.277 kr.          | 368.902 kr.          | 3.403 kr.         | -40.650 kr.         | 497.932 kr.          | -35.498 kr.         | 462.434 kr.          |
| 8   | Hörður         | 149.216 kr.          | 331.229 kr.          | 3.054 kr.         | -52.050 kr.         | 431.449 kr.          | -45.452 kr.         | 385.997 kr.          |
| 9   | Ívar           | 23.992 kr.           | 52.198 kr.           | 491 kr.           | -6.900 kr.          | 69.781 kr.           | -6.026 kr.          | 63.755 kr.           |
| 10  | KFÍ            | 178.491 kr.          | 396.745 kr.          | 3.653 kr.         | -69.150 kr.         | 509.740 kr.          | -60.378 kr.         | 449.361 kr.          |
| 13  | Skellur        | 112.598 kr.          | 250.321 kr.          | 2.305 kr.         | -13.050 kr.         | 352.174 kr.          | -11.394 kr.         | 340.779 kr.          |
| 14  | SFÍ            | 218.027 kr.          | 486.596 kr.          | 4.462 kr.         | -101.850 kr.        | 607.235 kr.          | -88.937 kr.         | 518.298 kr.          |
| 15  | Skotfélag      | 78.534 kr.           | 169.985 kr.          | 1.607 kr.         | -26.250 kr.         | 223.876 kr.          | -22.925 kr.         | 200.951 kr.          |
| 16  | Stefnir        | 147.727 kr.          | 329.818 kr.          | 3.024 kr.         | -23.250 kr.         | 457.318 kr.          | -20.302 kr.         | 437.016 kr.          |
| 17  | Stormur        | 118.045 kr.          | 260.625 kr.          | 2.416 kr.         | -19.050 kr.         | 362.036 kr.          | -16.633 kr.         | 345.402 kr.          |
| 19  | TBÍ            | 16.445 kr.           | 35.464 kr.           | 337 kr.           | -2.250 kr.          | 49.996 kr.           | -1.965 kr.          | 48.031 kr.           |
| 20  | Vestri         | 229.499 kr.          | 512.454 kr.          | 4.697 kr.         | -55.950 kr.         | 690.700 kr.          | -48.850 kr.         | 641.850 kr.          |
| 22  | Grettir        | 89.698 kr.           | 200.178 kr.          | 1.836 kr.         | -19.350 kr.         | 272.362 kr.          | -16.896 kr.         | 255.466 kr.          |
| 23  | Kubbi          | 44.313 kr.           | 95.833 kr.           | 907 kr.           | -8.850 kr.          | 132.204 kr.          | -10.610 kr.         | 121.594 kr.          |
|   | Víkingur       | 72.701 kr.           | 221.557 kr.          | 2.041 kr.         | -42.600 kr.         | 253.698 kr.          | -7.729 kr.          | 245.969 kr.          |
| 24  | Sæfari         | 99.716 kr.           | 221.557 kr.          | 2.041 kr.         | -42.600 kr.         | 280.714 kr.          | -37.202 kr.         | 243.513 kr.          |
|   | <b>Samtals</b> | <b>2.500.000 kr.</b> | <b>5.718.680 kr.</b> | <b>51.721 kr.</b> | <b>-690.300 kr.</b> | <b>7.580.101 kr.</b> | <b>-576.190 kr.</b> | <b>7.003.911 kr.</b> |

## Íþróttamaður Ísafjarðar og Ísafjarðarbæjar frá upphafi

Nafnalisti ártal og íþróttagrein

|                             |      |                   |
|-----------------------------|------|-------------------|
| <i>Guðmundur Jóhannsson</i> | 1980 | <i>skíðamaður</i> |
| <i>Einar Ólafsson</i>       | 1981 | <i>skíðamaður</i> |
| <i>Stella Hjaltadóttir</i>  | 1982 | <i>skíðamaður</i> |
| <i>Einar Ólafsson</i>       | 1983 | <i>skíðamaður</i> |
| <i>Ingólfur Arnarson</i>    | 1984 | <i>sundmaður</i>  |
| <i>Einar Ólafsson</i>       | 1985 | <i>skíðamaður</i> |
| <i>Helga Sigurðardóttir</i> | 1986 | <i>sundmaður</i>  |
| <i>Einar Ólafsson</i>       | 1987 | <i>skíðamaður</i> |
| <i>Einar Ólafsson</i>       | 1988 | <i>skíðamaður</i> |
| <i>Helga Sigurðardóttir</i> | 1989 | <i>sundmaður</i>  |

## Ársskýrsla 2014

---

|                                   |      |                         |
|-----------------------------------|------|-------------------------|
| <i>Helga Sigurðardóttir</i>       | 1990 | <i>sundmaður</i>        |
| <i>Helga Sigurðardóttir</i>       | 1991 | <i>sundmaður</i>        |
| <i>Ásta S. Halldórsdóttir</i>     | 1992 | <i>skíðakona</i>        |
| <i>Daníel Jakobsson</i>           | 1993 | <i>skíðamaður</i>       |
| <i>Pétur Þór Gretarsson</i>       | 1994 | <i>golfari</i>          |
| <i>Ásta S. Halldórsdóttir</i>     | 1995 | <i>skíðakona</i>        |
| <i>Arnór Þ. Gunnarsson</i>        | 1996 | <i>skíðamaður</i>       |
| <i>Friðrik E. Stefánsson</i>      | 1997 | <i>körfuboltamaður</i>  |
| <i>Sigríður B. Þorláksdóttir</i>  | 1998 | <i>skíðakona</i>        |
| <i>Ólafur Th. Árnason</i>         | 1999 | <i>skíðamaður</i>       |
| <i>Katrín Árnadóttir</i>          | 2000 | <i>skíðakona</i>        |
| <i>Heiðar Ingi Marinóson</i>      | 2001 | <i>sundmaður</i>        |
| <i>Ólafur Th. Árnason</i>         | 2002 | <i>skíðamaður</i>       |
| <i>Ólafur Th. Árnason</i>         | 2003 | <i>skíðamaður</i>       |
| <i>Sigurður G. Þorsteinsson</i>   | 2004 | <i>körfuboltamaður</i>  |
| <i>Jakob Einar Jakobsson</i>      | 2005 | <i>skíðamaður</i>       |
| <i>Þórir Guðmundsson</i>          | 2006 | <i>körfuboltamaður</i>  |
| <i>Sólveig G Guðmundsdóttir</i>   | 2007 | <i>skíðakona</i>        |
| <i>Ragney Líf Stefánsdóttir</i>   | 2008 | <i>sundkona</i>         |
| <i>Emil Pálsson</i>               | 2009 | <i>knattspyrnumaður</i> |
| <i>Emil Pálsson</i>               | 2010 | <i>knattspyrnumaður</i> |
| <i>Thelma Rut Jóhannsdóttir</i>   | 2011 | <i>skíðakona</i>        |
| <i>Eva Margét Kristjánsdóttir</i> | 2012 | <i>körfuboltakona</i>   |
| <i>Kristín Þorsteinsdóttir</i>    | 2013 | <i>sundkona</i>         |
| <i>Kristín Þorsteinsdóttir</i>    | 2013 | <i>sundkona</i>         |

### **Ferðasjóður ÍSÍ**

Ferðasjóður ÍSÍ hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir aðildarfélög HSV og hafa þau verið dugleg að sækja í sjóðinn. Mjög mikilvægt er að öll félög sendi inn í ferðasjóðinn fyrir þann ferðakostnað sem styrkhæfur er. Íþróttafélögin í landinu geta með þessu móti sýnt fram á það hversu mikill kostnaður er fólgin í ferðalögum og hversu brýnt er að hann verði efldur til mikilla muna.

Aðildarfélög HSV fengu úthlutað úr Ferðasjóði ÍSÍ kr. 2.686.795.

## Skýrslur aðildarfélaga HSV

### Skellur

Ágætu félagar.

Árið 2014 lá leiðin enn upp á við hjá Blakfélagsinu Skell. Áfram var góð gróska í yngri flokka starfi félagsins og hjá meistaraflokkum félagsins voru áskoranirnar stærri en nokkru sinni. Er því við hæfi að halda í þann góða sið að segja síðasta ár hafa verið það besta í sögu félagsins hingað til.

### Iðkendum.

Engar stórkostlegar breitingar hafa orðið á starfsemi félagsins og iðkenda fjöldi nokkuð áþekkur og undanfarin ár. Þennan veturinn heldur félagið úti æfingum í krakkablaki í tveimur bæjarkjörnum, á Suðureyri og á Ísafirði en síðasta vetur var Súðavík þessu til viðbótar.

Stærstur hluti iðkenda, ungir sem aldnir, hafa verið hluti af okkar hóp í allnokkur ár og er sérstaklega ánægjulegt að sjá krakkana okkar yngja upp og efla meistaraflokksliðin. Þó er vert að minnast á að ánægjuleg aukning iðkenda í haust úr Dýrafirði. Er þar um að ræða iðkendum sem áður höfðu æft hjá félaginu, þegar við héldu úti æfingum á Þingeyri.

### Þjálfaramál

Veturinn 2013-2014 var Grímur Magnússon aðalþjálfari félagsins og þjálfaði alla flokka á vegum félagsins. Þessi vetur með Grími var sannarlega mikils virði, jafnframt lá það fyrir að við myndum aðeins njóta starfskrafta hans þennan eina vetur en þau hjón flutti aftur austur í Neskaupstað vorið 2014.

Síðasta haust lenti því enn og aftur á herðum reynsluboltanna okkar að taka við þjálfun í félaginu, Harpa Grímsdóttir tók þá aftur við sem aðalþjálfari með Sólveigu Pálsdóttur og Karina Dracott sér til aðstoðar á Ísafirði en Þorgerður Karlsdóttir á Suðureyri.

Þær stöllu eru klárlega betri en engar, enda hefur yngriflokkastarf undir þeirra handleiðslu vakið eftirtekt um land allt.

### Meistaraflokkar

Veturinn 2013-14 spiluðu meistaraflokkar Skells í næst efstu deildum á Íslandsmótinu í blaki. Áskorunin var stór, enda hækkuðu bæði lið um deildir milli ára. Eftir harða baráttu voru stærstu verðlaunin þennan veturinn innleggið í reynslubankann sem þáttakan í 1. deild skildi eftir sig. Enda þó svo að margar viðureignirnar hafi verið jafnar, þá var niðurstaðan sú að hvort lið vann einn leik. Liðin hófu því bæði leik í annari deild haustið 2014.

Önnur deildin er spiluð með túnneringa-fyrirkomulagi og var fyrsta mótið spilað hér á Ísafirði síðustu helgina í október. Fyrir nokkru síðan fór lokaumferð deildarinnar fram og er skemmst frá því að segja að útkoman var eitt stórt ævintýri og náði kvennaliðið þeim einstæða árangri að vinna alla sína leiki og sigur í annari deildar staðreynd. Karlaliðið náði að koma einnig verulega á óvart með talsvert yngra liði en áður og tók annað sætið í sinni deild.

Kvennaliðið er því á leið upp um deild, og hefur að nýju leik í fyrstu deild haustið 2015.

### Öldungaflokkar

Á öldungamótinu sem haldið var á Akureyri árið 2014 spilaði kvennalið Skells í 5. deild af 15 deildum, eftir að hafa fallið um deild á mótinu árið áður. Liðið gerði sér lítið fyrir og tók annað sætið, jafnt efsta liðinu að stigum og er því aftur á leið í 4 deild.

Karlalið Skells keppti í 3. deild af 7 á sama móti. Var á brattann að sækja og eftir einungis einn sigur og fjögur stig var ljóst að fall aftur niður í 4 deild yrði hlutskipti liðsins að þessu sinni.

### Yngri flokkar

Veturinn 2013-2014 sendi félagið lið til keppni í Íslands- og bikarmótum í 3, 4 og 5 flokki.

Gengi yngri flokka félagsins á Íslandsmótum var gott. Skellur lenti í þriðja sæti í 5. flokki A-liða. 4. flokks liðin voru í topp baráttu í sterkum deildum A-liða, stelpurnar enduðu í 2. sæti og strákarinnir í 4. sæti. Skellur sigraði Íslandsmót B-liða pílta í 4. flokki og B-liða stúlkna í 3. flokki. Þá endaði 3. flokks lið drengja í 4. sæti í deild A-liða.

Veturinn 2014-2015 sendi félagið sömu aldursflokka til keppni í Íslands- og bikarmótum.

4 flokkur reið á vaðið í haust og gerði góða ferð á Neskaupstað síðustu helgina í september. Nældi liðið í annað sæti eftir hörku leik við efsta liðið.

3. og 5. flokkar Skells fóru góða ferð í Mosfellsbæ á Íslandsmót um miðjann nóvember. Farið var með 25 keppendur frá Ísafirði, Suðureyri og Þingeyri í fimm liðum á mótinu.

Bæði Skellur 1 og Skellur 2 enduðu í öðru sæti í sínum deildum í 5. flokki eftir mikla baráttu við Þrótti Nes um efstu sætin. Sameinað lið Skells og Þróttar Nes lenti í þriðja sæti í 3. flokki pílta. Til viðbótar var Skellur með A og B lið í 3. flokki stúlkna sem stóðu sig vel í erfiðum deildum.

Eftir áramót eru yngri flokkarnir búnir að fara tvær ferðir, 7-8 febrúar í Fylkishöll og 21-22 mars en lokaferð tímabilsins í krakkablaki verður aðra helgina í maí.

Ekki er hægt að ljúka umfjöllun um yngri flokkana án þess að minnst á að á árinu 2014 eignaðist félagið sinn fyrsta landsliðsmann. Um vorið voru þau Telma Rut og Kjartan Óli valin í forval fyrir landsliðið U17. Síðustu helgina í október fór Kjartan Óli síðan keppnisferð til Englands með landsliðinu, en færri sögum fer af úrslitum leikja

## Fjárhagur og fjáraflanir

Fjárhagur félagsins hefur í aðalatriðum verið ásættanlegur en sívaxandi ferðakostnaður er farinn að valda heilabrotum og aukinni vinnu. Telja má fullvíst að verulega þurfi að efla tekjustofna félagsins á næstu árum og er mjög mikilvægt að ná styrktarsamningum við fyrirtæki til að auðvelda fjármögnun á keppnisferðum.

Aðferðir til fjáröflunar eru í aðalatriðum svipaðar og undanfarin ár. Yngri flokkarnir hafa verið að selja fisk, nammi og ís, svo einhvað sé nefnt, auk þess að safna flöskum og dósnum öðru hvoru. Þá hefur félagið tekið þátt í fjöruhreinsun í Skutulsfirði og meistaraflokkarnir héldu utan um Kvennahlaup ÍSÍ eins og undanfarin ár.

## Svaðilfarir

Það fer kanski að hætta að vera frétt næmt, en undanfarna tvo vetur hefur gengið á ýmsu í keppnisferðalögum, í sambandi við veður og færð. Þannig fer það nánast að vera fastur liður að taka amk einn aukadag fyrir hverja ferð. Og þegar það er ekki snjór sem hamlar för, þá eru það vatnavextir sem stoppa ferðalanga.

## Framtíðin og fleira

Fyrir nokkrum árum síðan, hófu félagsmenn undirbúning að því að koma upp strandblakvelli í Skutulsfirði. Búið er að fá einhvað af styrkjum í verkefnið og meðal annars fengum við í haust styrk frá Orkubúinu í framkvæmdina. Þetta mál er enn í vinnslu en líklegt verður að telja að sá draumur rætist á komandi sumri. Markmið félagsins er að halda uppi æfingum í blaki í öllum aldursflokkum, og okkur vantar klárlega fleiri iðkendur í elstu flokkum unglunga. Í þeim efnum er ekki spurning um að strandblakvöllur á svæðinu, myndi stórbæta möguleika okkur í þeim efnum.

Eins og félagsmönnum á að vera ljóst, hefur undirritaður, undanfarin misseri tekið þátt í viðræðum íþróttafélaga um mögulega sameiningu. Aðdragandinn var nokkuð langur, en í að verða tvö ár hefur sá sami og fyrrum formaður KFI haft áhuga á að kanna þessi mál frekar. Málið komst á góða ferð í haust og um áramótin voru BI, KFI og Skellur búin að tilnefna tvo fulltrúa hvert í formlega sameiningarnefnd. Frá þeim tíma, hafa Vestri og UMFB bætt við fulltrúum í nefndina auk þess sem tilnefndur var utanaðkomandi oddviti, Hjalti Karlsson, til að leiða starfið.

Vinnan hefur nú reyndar tekið lengri tíma en til stóð í upphafi, en komin er ágætis grunnur til að byggja á. Kallaðir hafa verið til framkvæmdastjórar Aftureldingar og

# Ársskýrsla 2014

---

Keflavíkur, til að leita ráða hjá og var ferð þeirra nýtt til að halda opinn fund fyrir áhugasama, um málefnið.

Það er ekkert óeðlilegt við það að fólk sé ekki alveg einhuga um þessa hugmynd, að sameina mörg og ólík íþróttafélög. Í því felast klárlega bæði ógnanir og tækifæri. Í mínum huga eru tækifærin þó fleiri og þess eðlis að vera mjög eftirsóknarverð.

Sem dæmi um það, má nefna að kröfur um bókhald og skattaskil eru sívaxandi sem gera störf áhugamanna nánast útilokuð og ábyrgð á forsvarsmenn slíkra félaga nánast óbærileg. Horfi ég og fleiri því til þess að stærra félag hafi burði til að ráða mann til bókhaldsvinnu fyrir deildir sameinaðs félags, sem þá ætti að auðvelda mönnun í deildarstjórnir.

Að lokum vill ég þakka félagsmönnum fyrir gott ár 2014 og horfi bjartsýnn fram á nýjar áskoranir á þessu ári. Hvað svo sem verður ofaná, nýtt og stærra félag eða áfram okkar gamla og góða, er ljóst að blak og blakmenningin er komin hingað til að vera.

Sigurður Hreinsson

## BÍ88

### Skýrsla unglingaráðs

|                |                       |               |
|----------------|-----------------------|---------------|
| Í stjórn voru: | Kristján Kristjánsson | formaður      |
|                | Aníta Ólafsdóttir     | gjaldkeri     |
|                | Gunnar Páll Eydal     | ritari        |
|                | Hafþór Halldórsson    | meðstjórnandi |

Stjórnin fundaði 1-2x í mánuði starfárið 2014, en einnig fóru mörg mál fram í gegnum tölvupóst og síma. Félagið heldur úti einum starfsmanni Jón Hálfadáni Péturssyni, sem sinnir ma. samskiptum við KSÍ, HSV og önnur aðildarfélög. Einnig sinnir Jón samskiptum við foreldra og sér um innheimtu.

Félagið var í samstarfi við UMFB í keppni á vegum KSÍ, og kepptu undir merkjum BÍ/Bolungarvík.

Félagið hélt 3 innanfélagsmót á starfsárinu þ.e. 2 innanhúsmót íþróttahúsinu Torfnesi, 1 gefrigasmót vegna lokahófs yngri flokka .

8.flokkur:

Þjálfari 8.flokks voru Þórir Karlsson og Ólafur Atli Einarsson, og æfði flokkurinn 2x í viku yfir vetrartímann, og 2x yfir sumartímann. Flokkurinn var blandaður strákum og stelpum.

# Ársskýrsla 2014

---

8.flokkur tók þátt í innanfélagsmótum Boltafélagsins, Sparisjóðsmóti UMFB, Smábæjarleikunum og Arionbankamóti Víkings.

7.flokkur kk og kvk:

Þjálfarar 7.flokks var Jón Hálf dán Pétursson og Jónas Leifur Sigursteinsson. Flokkurinn er hluti af íþróttaskóla HSV. Flokkurinn æfði 2x í viku yfir vetrartímann, en yfir sumartímann var æft 5x í viku. Flokkurinn tók þátt í innanfélagsmótum BÍ88, Sparisjóðsmóti UMFB, Smábæjarleikunum og svo Arionbankamóti Víkings.

6.flokkur kk:

Þjálfarar 6.flokks kk var Jón Hálf dán Pétursson. Flokkurinn er hluti af íþróttaskóla HSV. Flokkurinn æfði 2x í viku yfir vetrartímann, en 5x í viku yfir sumartímann. Flokkurinn tók þátt í innanfélagsmótum BÍ88, Sparisjóðsmóti UMFB, Shellmótinu í Vestmannaeyjum.

6.flokkur kvk:

Þjálfari 6.flokks kvk var Atli Freyr Rúnarsson og Gabriela Viera. Flokkurinn er hluti af íþróttaskóla HSV. Flokkurinn æfði 2x í viku yfir veturinn og svo 5x í viku yfir sumartímann. Flokkurinn tók þátt í innanfélagsmótum BÍ88, Sparisjóðsmóti UMFB, Pæjumótinu á Siglufirð og Síamótinu.

5.flokkur kk:

Þjálfari 5.flokks kk var Atli Freyr Rúnarsson. Flokkurinn æfði 3x viku yfir veturinn og svo 4x í viku yfir sumarið. Flokkurinn tók þátt í innanfélagsmótum BÍ88, Sparisjóðsmóti UMFB, Goðamóti Þórs á Akureyri, N1 mótinu, og svo var flokkurinn með 2 lið skráð á Íslandsmóti.

5.flokkur kvk:

Þjálfari 5.flokks kvk var Jón Hálf dán Pétursson og Gabriela Viera. Flokkurinn æfði 3x í viku yfir veturinn og svo 4x í viku yfir sumartímann. Flokkurinn tók þátt í innanfélagsmótum BÍ88, Sparisjóðsmóti UMFB, Síamótinu.

4.flokkur kk:

Þjálfari 4.flokks kk var Nigel Quashie. Flokkurinn æfði 3-5x í viku yfir veturinn og svo 4x yfir sumarið. Flokkurinn tók þátt í innanfélagsmótum BÍ88, Rey-Cup og Íslandsmóti KSÍ 7 manna.

4.flokkur kvk:

Þjálfari 4.flokks kvk var Atli Freyr Rúnarsson. Flokkurinn æfði 3x í viku yfir veturinn og svo 4x í viku yfir sumarið. Flokkurinn tók þátt í innanfélagsmótum BÍ88, Íslandsmóti KSÍ 11 manna lið og svo Rey-Cup.



# Ársskýrsla 2014

---

3.flokkur kk:

Þjálfarar 3.flokks kk var Jón Hálf dán Pétursson og Nigel Quashie. Flokkurinn æfði 5x í viku yfir vetur og 4-5x í viku yfir sumar.. Flokkurinn tók þátt í innanfélagsmótum BÍ88, og var með ellefu manna lið á Íslandsmóti KSÍ. Flokkurinn fór í æfingaferð til Manchester á apríl.

3.flokkur kvk:

Þjálfari 3.flokks kvk var Jónas Leifur Sigursteinsson. Flokkurinn var hluti af 2.flokki og meistaraflokki kvk.

## Skýrsla meistaraflokksráðs kvenna

Skýrsla stjórnar meistaraflokksráðs kvenna starfsárið 2014

|                |                                 |               |
|----------------|---------------------------------|---------------|
| Í stjórn voru: | Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir | formaður      |
|                | Hulda Guðmundsdóttir            | varaform.     |
|                | Stella Hjaltadóttir             | gjaldkeri     |
|                | Þórdís Jensdóttir               | ritari        |
|                | Veigar Guðbjörnsson             | meðstjórnandi |

Stjórnin fundaði 2x í mánuði yfir veturinn, svo fjölgaði fundum í 4-6x í mánuði yfir sumarið.

Félagið var í samstarfi við UMF B í keppni á vegum KSÍ, og kepptu undir merkjum BÍ/Bolungarvík í 1.deild kvenna.

Nóvember 2013 - Febrúar 2014:

Jónas Leifur Sigursteinsson heldur áfram sem þjálfari liðsins og æfir liðið 4-5 sinnum í viku.

Mars 2014 - maí 2014:

Liðið hóf keppni í Lengjubikarnum og gekk ágætlega. Gerði 2 jafntefli og tapaði 2. Einnig fór liðið í æfingaferð til Spánar sem heppnaðist með afbrigðum vel.

Maí 2014 – September 2014:

Liðið spilaði 16 leiki í Íslandsmóti 1.deildar kvenna, vann 2 leiki, gerði 2 jafntefli og tapaði 12 leikjum. Liðið endaði í 8.sæti a-riðils 1.deildar kvenna.

Nóvember 2014 – Desember 2014:

Hekla Pálmadóttir ráðinn aðalþjálfari meistaraflokks kvenna og Karitas Ingimarsdóttir aðstoðarþjálfari.

# Ársskýrsla 2014

---

## Skýrsla Meistaraflokksráðs karla

|                |                     |               |
|----------------|---------------------|---------------|
| Í stjórn voru: | Samúel Samúelsson   | formaður      |
|                | Hakon Hermannsson   | varaform.     |
|                | Anna Jörundsdóttir  | gjaldkeri     |
|                | Guðbjartur Flosason | ritari        |
|                | Veigar Guðbjörnsson | meðstjórnandi |

Stjórnin fundaði 2x í mánuði yfir veturinn, svo fjölgaði fundum í 4-6x í mánuði yfir sumarið.

Félagið var í samstarfi við UMFB í keppni á vegum KSÍ, og kepptu undir merkjum BÍ/Bolungarvík. Félagið var á sínu þriðja ári í 1.deild árið 2014.

Nóvember 2013 - Febrúar 2014:

Þjálfari staddur í Reykjavík og stjórnar æfingum þar, vegna þess að hluti af liðinu býr á höfuðborgarsvæðinu yfir vetrarmánuðina. Hinn hluti liðsins stundar æfingar á Ísafirði undir stjórn Ásgeir Guðmundssonar aðstoðarþjálfara og Jóns Oddssonar. Liðið spilaði nokkuð marga æfingaleiki á þessu tímabili og hafði það jákvæð áhrif á liðið.

Febrúar 2014 - maí 2014:

Liðið hóf keppni í Lengjubikarnum og gekk ágætlega. Einnig voru spilaðir nokkrir æfingaleikir.

Maí 2014 – September 2014:

Liðið spilaði 22 leiki í Íslandsmóti 1.deildar, vann 7 leiki, gerði 4 jafntefli og tapaði 11 leikjum. Liðið endaði í 10.sæti 1.deildar. Liðið var einnig skráð til leiks í Borgunar-bikarinn og var slegið út í 8-liða úrslitum af Víking R..

Nóvember 2014 – Desember 2014:

Jón Hálfván Pétursson ráðinn aðalþjálfari meistaraflokks og Nigel Quashie aðstoðarþjálfari. Báðir þjálfarar staddir fyrir vestan. Hluti af liðinu æfir í Reykjavík í samstarfi með ÍBV og Víking Ó.

2.flokkur kk:

Þjálfari 2.flokks kk voru Jón Hálfván Pétursson og Nigel Quashie. Flokkurinn æfði 6-7x í viku yfir vetur og svo 4x í viku yfir sumar. Flokkurinn fór í æfingaferð til Manchester og tók þátt í Íslandsmóti KSÍ.

## Golfklúbbur Ísafjarðar

### Stjórn og nefndir Golfklúbbs Ísafjarðar árið 2014

Stjórn Golfklúbbs Ísafjarðar:

Tryggvi Sigtryggsson, formaður, Jens Andrés Guðmundsson, ritari, Óðinn Gestsson, varaformaður, Finnur Magnússon, gjaldkeri, Anna Guðrún Sigurðardóttir, meðstjórnandi, Óli Reynir Ingimarsson, meðstjórnandi og Vilhjálmur Matthíasson, meðstjórnandi.

Varastjórn:

Kristján Ásgeirsson, Jakob Ólafur Tryggvason og Guðbjörn Salmar Jóhannsson.

Skoðunarmenn reikninga:

Bjarki Bjarnason og Óli M. Lúðvíksson.

Fastanefndir klúbbsins:

Forgjafanefnd:

Gunnar Sigurðsson, formaður og Kristinn Kristjánsson.

Húsnefnd:

Jens Andrés Guðmundsson, formaður, Bjarney Guðmundsdóttir, Oddný Bára Birgisdóttir og Gestur Elíasson.

Mótanefnd:

Óðinn Gestsson, formaður og Guðbjörn Salmar Jóhannsson.

Unglinganefnd

Kristján Ásgeirsson, formaður, Guðjón Helgi Ólafsson og Jakob Ólafur Tryggvason.

Vallarnefnd:

Óli Reynir Ingimarsson, formaður, Sigurður Viðarsson, Vilhjálmur Antonsson, Vilhjálmur Matthíasson og Þórir Þrastarson.

Kvennanefnd:

Anna Guðrún Sigurðardóttir, formaður og Oddný Bára Birgisdóttir.

Öldunganefnd:

Finnur Magnússon.

Aganefnd:

Tryggvi Guðmundsson, formaður, Gunnar Sigurðsson og Tryggvi Sigtryggsson.

## Félagsstarf

Formlegt starfsár Golfklúbbsins hófst með almennum félagsfundi þann 21. maí. Á fundinum kynnti stjórnin starfsáætlanir sínar fyrir sumarið og starfsmenn klúbbsins. Góð mæting var á fundinn og sköpuðust góðar umræður um málefni klúbbsins og starfið framundan. Nokkru eftir félagsfundinn eða þann 30. maí var golfvöllurinn opnaður og er það nokkuð síðar en undafarin ár.

Dagana 10. og 11. júní var haldið ókeypis tveggja kvölda byrjendanámskeið í golfi fyrir fullorðna og var leiðbeinandi Einar Gunnlaugsson. Góð mæting var á námskeiðið og meirihluti konur sem var mjög ánægjulegt.

Í lok sumars voru skráðir félagar í golfklúbbum 138 og er það 20 félagsmönnum færri en á fyrra ári. Aðsókn að golfvöllinum í sumar var ekki eins góð og árið áður en 4330 eru skráðir í gestabók klúbbsins á móti 5564 árið áður. Það segir þó ekki alla söguna því alltaf eru einhverjir sem skrá sig ekki. Minnkandi aðsókn á golfvöllinn er helst um að kenna veðurfarinu í sumar og fækkun ferðamanna sem og mikilli bleytu sem gerði allan umgang og umhirðu vallarins erfiða. Einnig voru 3 flatir enn mikið skemmdar eftir kal árið áður.

Á árinu voru haldnir 13 stjórnarfundir en auk þeirra hittist stjórnin eða hluti hennar vikulega yfir sumartímamann. Á síðasta aðalfundi GÍ áttu að ganga úr stjórn: Anna Guðrún Sigurðardóttir, Óli Reynir Ingimarsson og Vilhjálmur Antonsson. Vilhjálmur baðst undan endurkjöri en í hans stað var kosinn Vilhjálmur Matthíasson. Óli Reynir og Anna Guðrún voru endurkjörin til tveggja ára.

## Starfsmannamál

Í vor auglýsti stjórnin eftir vallastjóra á golfvöllinn þar sem fyrri vallarstjóri var farinn til annarra starfa. Nokkrar fyrirspurnir bárust og að lokum var Steinar Páll Ingólfsson ráðinn til starfsins en hann var áður starfsmaður hjá Golfklúbbum Keili til margra ára. Þrír aðrir starfsmenn voru ráðnir á golfvöllinn, þeir Andri Már Stefánsson, sem einnig hafði unnið lengi hjá Keili, Enok Birgisson og Jón Arnar Björnsson. Einn starfsmaður var á styrk frá Vinnumálastofnun. Frá Vinnuskóla Ísafjarðar voru 5 unglingar í vinnu á golfvöllinum í júní og júlí.

Finnur Magnússon sá um rekstur golfskálans eins og undanfarin ár og var rekstur skálans með svipuðu sniði og verið hefur.

Öllum þessum starfsmönnum er færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

## Verkefni í samvinnu við Ísafjarðarbæ

Samkvæmt samningi við HSV sá GÍ áfram um slátt og umhirðu púttvallarins við Hlíf í sumar, í góðri samvinnu við Félag eldri borgara. Miklar kalskemmdir hafa verið á

# Ársskýrsla 2014

---

púttvellingum s.l. tvö ár og því þurfti klúbburinn að leggja fram töluvert meiri vinnu við lagfæringar á púttvellingum en ráð var fyrir gert. Fyrir utan þennan samning tók Golfklúbburinn að sér að skera upp völlinn og sá í hann til að lagfæra kalskemmdir. Mjög góður árangur náðist af þeirri vinnu sem vonandi skilar sér enn betur næsta sumar.

## **Æfingar og æfingaaðstaða**

Ekki var mikið um skipulagðar inniæfingar s.l. vetur en aðstaðan á Sundhalla Loftinu var opin fyrir félagsmenn. Nokkuð var um að menn notuðu aðstöðuna og eins voru eldri borgarar með púttæfingar á laugardögum. Í mars sá Einar Gunnlaugsson um að setja upp æfingar sem félagsmenn gátu síðan nýtt sér.

Enn eru efasemdir um hvort sundhallarhúsnæðið henti sem æfingarsvæði eða hvort leita eigi að öðru húsnæði til inniæfinga. Verður það verkefni aðalfundar og nýrrar stjórnar að ákveða næstu skref og fyrr verður ekki hægt að setja uppbygginguna í farveg.

## **Barna -og unglínganefnd**

Æfingar hófust fyrir börn og unglínga í byrjun júní og voru tvær æfingar í viku fyrir yngri og eldri flokka barna. Leiðbeinendur voru Steinar Páll Ingólfsson og Andri Már Stefánsson.

Alls voru 28 börn og unglíngar sem stunduðu æfingar í sumar. Tvö mót voru haldin fyrir yngstu kylfingana og fóru þau vel fram. Aðalstyrktaraðili barna- og unglíngastarfsins eins og undanfarin ár var Landsbanki Íslands á Ísafirði. Halda þarf enn betur utan um og efla barna-og unglíngastarf til að ná til fleiri yngri kylfinga. Til þess þarf að kynna golfíþróttina betur í skólum, auka æfingar og mót yfir sumartímamann og bæta æfingaaðstöðuna, bæði inni og úti, auk þess að fá golfkennara til klúbbsins.

## **Kvennastarf**

Kvennastarf var í sumar eins og undanfarin ár. Skipulagðir voru golf tímar fyrir konur á þriðjudögum en þessir tímar voru misjafnlega vel sóttir. Einar Gunnlaugsson bauð konum upp á golfkennslu nokkur kvöld í sumar. Hægt gengur að fjölga konum í klúbbum og spurning er hvað hægt að gera til að kynna og vekja áhuga kvenna og stúlkna á golfíþróttinni.

## **Vallarmál**

Eins og áður hefur komið fram þá kom golfvöllurinn illa undan vetri annað árið í röð. Veturinn var mjög umhleyppingasamur eins og veturinn áður, mikill klaki myndaðist á flötunum sem erfitt var að brjóta af. Í vor voru flatirnar skornar upp og gataðar, leigð voru tæki af Brynjari Sæmundssyni, golfvallarfræðingi. Árangurinn af þessum aðgerðum

## Ársskýrsla 2014

---

var mjög góður og vonandi verður næsti vetur betri og við sleppum við kal þannig að flatirnar verði í góðu standi næsta sumar.

Veðráttan í sumar gerði það einnig að verkum að mjög var erfitt var að hirða golfvöllinn svo vel væri. Mikil spretta í júní og bleytutíð í júlí gerði allan slátt erfiðan og varla hægt að koma sláttuvélum um völlinn. Það var ekki fyrr en í byrjun ágúst sem golfvöllurinn var loksins farinn að taka vel við sér.

Á síðasta aðalfundi var lögð fram tillaga um endurskipulag golfvallarins samkvæmt teikningu Hannesar Þorsteinssonar golfvallarhönnuðar og var hún samþykkt samhljóða. Stjórn GÍ ákvað að fara í ákveðnar framkvæmdir samkvæmt nýja skipulaginu:

- Lokið var við að byggja upp nýjan teig handan Tunguár á 3. braut.
- Breyting var gerð á glompunni á 5. braut en henni var skipt upp í tvær glompur. Því verki er enn ekki lokið en forgangsverkefni verður næsta vor að ljúka því.
- Byrjað var að breyta 4. braut. Lokið er grófvinnu á brautinni handan Tunguár sem kemur til með að lengja brautina og gera hana að þar 5 braut. Jarðvinnan var unnin af Gauta Geirsyni sem lagði til vél og vinnu en Golfklúbburinn lagði til olíu á jarðýtuna. Gauta Geirsyni er hér með þakkað fyrir hans framlag.
- Fyrirhugað er að fara í breytingar á 3. flöt nú í haust ef fjármagn fæst en hóllinn er einna verst farinn af öllum flötum vallarins auk þess sem erfitt er orðið að taka holur í hann.
- Fyrir ári fékkst vilyrði hjá bæjaryfirvöldum um að farið yrði í að lagfæra eða breyta skurði fyrir ofan 5. braut en vatnið í honum er sífellt að brjóta niður bakkana á skurðinum. Því miður hefur ekkert gerst í þessu þrátt fyrir að margítrekað hafi verið leitað eftir því.

Áfram var unnið við að lagfæra umhverfi golfskálans m.a. með gróðursetningu runna fyrir ofan skálann og lokið var við að helluleggja planið fyrir neðan skálann sem gerir alla aðkomu að skálanum betri.

Öll þessi vinna var unnin af félagsmönnum eins og oft áður en fjölmargir félagsmenn hafa lagt til mikla sjálfboðavinnu á golfvöllinum í sumar. Án þessarar vinnu væri mun erfiðara að framkvæma lagfæringar og breytingar á golfvöllinum og um leið eflir hún félagsandann meðal félagsmanna og léttir undir með rekstri klúbbsins. Öllum þessum félögum er hér með þakkað fyrir þeirra framlag.

### Vélamál

Ástand vinnuvéla klúbbsins er í nokkuð góðu lagi. Klúbburinn hefur yfir að ráða tveimur stórum brautavélum, röffvél, stórri flatarsláttuvél, hand-flatarsláttvél og tveimur minni vélum.

# Ársskýrsla 2014

---

Rætt hefur verið um það í stjórn að nauðsynlegt sé að fara að huga að kaupum á nýrri röfivél. Kaupa þarf stærri vél og afkastameiri. Mögulegt er að fjármagna kaupin að hluta með sölu á gömlu brautarvélinni og röfivélinni. Til framtíðar þarf klúbburinn svo að eignast betri vélar til viðhalds flata s.s.nýjan gatara o.fl.

## Húsnæðismál

Mikil eftirspurn er eftir skápum fyrir golfsett. Á síðasta aðalfundi var m.a.rætt um hvort hægt væri að byggja aðstöðu fyrir golfsett undir sólpallinum en ekkert hefur verið unnið meira í þeim málum. Í framtíðarskipulagi fyrir golfvöllinn er lagt til að byggt verði véla- og geymsluhúsnæði á bílplaninu og þá væri hægt að auka geymslupláss í kjallara golfskálans.

## Mótahald

Mótahald var með svipuðu sniði og s.l. ár. Haldin voru 13 opin golfmót á vegum GÍ sem er þó fjórum mótum færra en árið áður. Fjölmennasta mótið var Íslandssögumótið með 64 keppendur en almennt var þátttaka í mótum lakari en árið 2013. Alls voru 487 þátttakendur í golfmótunum í sumari á móti 529 árið áður. Athygli vekur að eitt stærsta mótið til margra ára, HG mótið, sem er lokamót Sjávarútvegsmótaraðarinnar var nú fremur fámennt, aðeins 38 keppendur. Velta má fyrir sér ástæðu þess t.d. hvort það hafi eitthvað að segja að mótið er tveggja dag mót eða hvort punktastaðan í mótariðinni hafi eitthvað með þátttökuna að gera.

Fyrirhugað var að Golfklúbbur Ísafjarðar og Golfklúbbur Bolungarvíkur héldu sameiginlega Íslandsmót 35+ dagana 17. – 19. júlí. Áætlað var að spilaðar væru 9 holur á hvorum golfvelli en vegna slæms ástands á þremur flötum í Tungudal og flötum og bleytu í Bolungarvík ákváðu stjórnir klúbbanna að ekki væri rétt að halda mótið við þær aðstæður.

Meistaramót GÍ var haldið dagana 8. – 11. júlí. Keppt var í unglínga-, kvenna- og karlaflokkum. Keppendur voru 30 og eru það 8 færri en árið áður. Eins og oft áður voru einungis 4 keppendur í kvenna- og unglíngaflokki sem er eitthvað sem þarf að reyna að auka í framtíðinni.

## Meistarar Golfklúbbs Ísafjarðar árið 2014 eru:

|                   |                         |
|-------------------|-------------------------|
| 1. flokkur karla: | Gunnsteinn Jónsson      |
| 2. flokkur karla: | Óli Reynir Ingimarsson  |
| Kvennaflokkur:    | Sólveig Pálsdóttir      |
| Unglingaflokkur   | Jón Hjörtur Jóhannesson |

Sveitakeppni í 3. deild karla fór að þessu sinni fram á Selfossi. Sveit GÍ hafnaði í 3. sæti og hélt sínu sæti í deildinni. Karlasveitina skipuðu að þessu sinni Anton Helgi Guðjónsson, Magnús Gautur Gíslason, Jón Hjörtur Jóhannesson, Auðunn Einarsson og

# Ársskýrsla 2014

---

Einar Gunnlaugsson sem sá um allan undirbúning liðs GÍ fyrir keppnina. Ánægjulegt var að fá inn í sveitina ungan og efnilegan kylfing, Jón Hjört Jóhannesson, sem stóð sig með mikilli þrýði.

Skálameistaramótin, sem jafnframt eru firmakeppni, voru 12 og leikið var á fimmtudögum. Þátttakendur í þeim voru 160 talsins. Mótin hófust kl. 18.30 og voru þátttakendur dregnir saman í lið og ræst út á öllum teigum. Ef framhald verður á þessum mótum næsta sumar þarf að athuga hvort þau séu ekki bara til forgjafalækkunar, en ekki til hækkunar eins og var í sumar, þar sem eitt af markmiðum með þessum mótum er að nýliðar öðlist keppnisreynslu og fái tækifæri til að spila með reyndari kylfingum.

## Skálameistarar GÍ 2014 eru:

|                |                         |
|----------------|-------------------------|
| Kvennaflokkur: | Guðrún Á. Stefánsdóttir |
| Karlaflokkur:  | Kjartan Óli Kristinsson |
| Firmakeppni:   | Vélsmiðjan Þrymur       |

## Rekstur

Fjárhagsleg afkoma klúbbsins var innan þeirra marka sem stjórnin setti sér, þrátt fyrir samdrátt í tekjum. Þá tókst á árinu að ljúka greiðslum á öllum langtímalánum m.a vegna byggingar golfskálans. Þetta mun væntanlega gera rekstur klúbbsins léttari. Frekari skýringar og umfjöllun um reksturinn koma fram í reikningum klúbbsins sem lagðir verða fram hér á eftir.

Helstu tekjuliðir voru eins og áður; félagsgjöld, flatargjöld, mótsgjöld, rekstur golfskála, styrktarsamningar og þjónustusamningur við HSV.

Ísafjarðarbær greiðir laun fyrir einn starfsmann í 5 mánuði og lagði til vinnu 5 unglunga frá vinnuskólanum.

Eins og áður er rekstur Golfklúbbs Ísafjarðar og golfvallarins í Tungudal háður stuðningi margra aðila. Fjöldi fyrirtækja og einstaklinga hafa styrkt klúbbinn með margvíslegum hætti. Þessum aðilum er hér með þakkað fyrir margvíslegan stuðning og það traust sem þeir hafa á starfsemi klúbbsins og vonumst við eftir áframhaldandi góðu samstarfi.

## Lokaorð

Þegar horft er til baka yfir síðasta starfsár má segja að rekstur golfklúbbsins hafi gengið þolanlega, fjárhagsleg afkoma var viðunandi þrátt fyrir minni tekjur. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að borga upp allar skuldir klúbbsins þar sem of stór hluti tekna hans hefur farið í afborganir af lánum.



# Ársskýrsla 2014

---

Framundan eru spennandi tímar þar sem hægt verður að snúa sér að aukinni félagsstarfsemi og vinnu við uppbyggingu á golfvöllinum eftir nýju skipulagi. Til þess að það sé mögulegt þarf að koma fé frá bæjaryfirvöldum en ekkert fjármagn hefur komið frá bæjarfélaginu til framkvæmda á golfvöllinum frá árinu 2007. Er Golfklúbbur Ísafjarðar eitt af fáum íþróttafélögum í bæjarfélaginu sem hefur sjálft orðið að kosta allar nýframkvæmdir á sinni íþróttaaðstöðu.

Í skýrslu þessari hefur verið farið yfir starfsemi GÍ á liðnu starfsári. Ég vil að lokum færa öllum stjórnarmönnum GÍ, varastjórnarmönnum, nefndarmönnum, starfsmönnum og þeim fjölmörgu félagsmönnum sem tóku þátt í starfi klúbbsins bestu þakkir fyrir ánægjulega og góða samvinnu á árinu. Sérstaklega vil ég þakka þeim félögum sem ganga nú úr stjórn: Andrési Guðmundssyni sem hefur setið í stjórn frá árinu 2008, Finni Magnússyni sem setið hefur í stjórn frá árinu 1996 og Óðni Gestsyni sem setið hefur í stjórn frá árinu 2006 fyrir sérstaklega gott og ánægjulegt samstarf. Öllum félagsmönnum eru þökkuð góð samskipti á liðnu starfsári.

Tryggvi Sigtryggsson, formaður GÍ

## Grettir

HSV íþróttir voru með hefðbundnu sniði þar sem Salóme Elín Ingólfssdóttir sá um grunnþjálfun á þriðjudögum og Pétur Markan sá um boltaskóla á fimmtudögum. Krökkunum bauðst einnig að vera með á skíðaæfingum en þær voru ekki mikið sóttar. Í maí var svo farið í vorhreinsun á fjörunni.

Á aðalfundi í haust var svo kosin ný stjórn þar sem Sigrún Svanhvít Óskarsdóttir tók við formennsku af Ingibjörgu Rún Jóhannesdóttur. Dagný Arnalds tók við stöðu gjaldkera af Lilju Kristinsdóttur og Kristján Torfi Einarsson hélt áfram sem ritari félagsins. Ný stjórn tók til starfa og í samstarfi við HSV var Martin Ludowig Askenazy Jones ráðinn til að sjá um sundkennslu fyrir 3-10.bekk það námskeið var afar vel sótt og mikil ánægja með framfarir barnanna í sundi. Einnig stóð Grettir fyrir “Dansgroove” námskeiði fyrir eldri bekkina það námskeið var í umsjá Nadiu Askenazy Jones og mæltist það líka vel fyrir. Svo var einnig tekin fyrir grunnþjálfun fyrir 15 ára og eldri þar sem Martin og Nadia leiddu hópinn. Viðtökur þar voru einstaklega góðar og þátttaka fór fram úr björtustu vonum. Vonir standa til þess að haldi megi aftur slíkt námskeið á haustmánuðum.

Árleg vöflusala félagsins fór fram við tendrun jólatrésins í tengslum við jólabasar kvenfélagsins.

Sigrún Svanhvít Óskarsdóttir  
Dagný Arnalds

## Íþróttafélagið Ívar

Starfsemi Ívars starfsárið 2014-15 var með hefðbundnu sniði. Reglubundnar æfingar voru stundaðar í boccia og sundi. Æft í boccia 2. í viku og í sundinu var æft 3 sinnum í viku. Þá var boðið upp á þrekæfingar í haldnar voru í æfingasal sjúkrahússins.

Í október var farið á Þingeyri og keppt í boccia á Magnúsarmótinu og var mikið fjör. Harmonikkuleikarar frá Þingeyri sáu um upphitun og einnig sveiflu í hléinu.

Minningarmót Guðrúnar Guðmundsdóttur í boccia var svo haldið í febrúar á Þingeyri.

Í mars fyrir réttu ári var keppt á Íslandsmóti í sveitakeppni í boccia á Akureyri.

Í maí í fyrra hélt Ívar Halldórs Högna mót í boccia á Þingeyri í fimmta sinn. En keppt var um bikar sem Halldór Högni gaf Ívari þegar hann fluttist úr bænum. Þetta mót er árlegur viðburður og er bikarinn farandbikar. Var þetta góður endir á vetrinum.

Í október var farið á Íslandsmótið í einstaklingskeppni á Seyðisfirði.

Badminton æfingar á Suðureyri og Ómar Karvel keppti á Special Olympics í Belgíu.

Kjör íþróttamanns Ísafjarðarbæjar var haldin 18 janúar 2015. Og hlaut Kristín Þorsteinsdóttir, sundkona frá Ívari, þá nafnbót í annað skiptið í röð. Kristín Þorsteinsdóttir Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2014 og 2015.

Sunddeild Ívars stundar 3 æfingar í viku og eru fjórir iðkendur sem æfa sund hjá félaginu. Kristín Þorsteinsdóttir hefur undanfarið ár verið eini virki iðkandi Ívars sem æft hefur til keppni. Árið 2013-2014 var gott sundár hjá Kristínu, hún tók þátt í fjórum mótum á árinu og á öllum þessum mótum stóð hún sig með þryði og vann til verðlauna á þeim öllum. Kristín hefur verið fremsti íslenski sundmaðurinn í sínum flokki, S16, undanfarin ár. Á áðurnefndum mótum hefur Kristín bætt sig töluvert frá fyrra ári og sýnir sá árangur að hún er jafnframt einn sú besta í Evrópu og ein af topp fimm bestu á alþjóða vísu. Er þessi árangur mjög svo eftirtektarverður sé tekið tillit til smæðar félagsins og æfingaraðstöðu.

Sunddeildin hefur gert sér glaðan dag síðasta æfingardag fyrir jóla og fyrir vorslútt, fengið sér hressingu saman, kökuhlaðborð með tilheyrandi og/eða pizzahlaðborð.

Fjáraflanir á árinu hafa verið með hefðbundnu sniði.

Við höfum fengið dósir af Júlíusi Geirmundssyni og einnig frá nokkrum velviljuðum einstaklingum.

Fyrirtækjamótið í boccia sem hefur verið ein af aðalfjáröflunarleiðum félagsins var haldið í ár, aðsóknin er heldur að aukast aftur á ný.

Í lok hvers árs var það svo jólakortasalan, salan var heldur dræmari nú en oft áður.

Tekjur af jólakortasölu, dósasalan, fyrirtækjamótið og styrkir fyrirtækja gefa okkur að mestu það fjármagn sem þarf til að reka félagið.

Arnþór Jónsson – formaður.

## KFÍ Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar

### Starfsemi stjórnar

Aðalstjórn hittist 14 sinnum yfir tímabilið. Stjórn skipulagði fjáraflanir og hélt utan um rekstur meistaraflokkanna tveggja en rekstur yngri flokkar var í höndum Barna og unglingaráðs KFÍ, sjá skýrslu BUR hér að neðan. Reksturinn var því töluvert umsvifameiri en á síðastliðnu starfsári þegar engin meistaraflokkur kvenna var starfræktur. Segja má að heilt yfir hafi utanumhald í kringum starfsemina gengið nokkuð vel.

Helstu fjáraflanir; samstarfssamningur við HSV, 17. júní hátíðarhöld, vinna við útfskriftarveislu MÍ, klósettpappírsala, vinna fyrir Vestfirska verktaka við að leggja þökur, vinna við Aldrei fór ég suður, kaffiveitingar þegar íþróttamaður Ísafjarðar var útnefndur og fleiri smærri fjáraflanir. Þessum fjáröflunum væri ekki hægt að halda úti án óeigingjarnar vinnu sjálfbóðaliða og eru þeim færðar innilegar þakkir fyrir þeirra ómetanlegt framlag.

Fyrir utan fjáraflanir var að venju rætt við styrktaraðila félagsins og margir samningar endurnýjaðir en afar lítið var um nýja styrktaraðila. Án framlags fyrirtækja og bakhjarla félagsins væri reksturinn sem illmögulegur.

Almennt má segja að rekstur félags eins og KFÍ sé ýmsum takmörkunum og ytri aðstæðum háður sem stjórn getur lítil áhrif haft á. Þar ber helst að nefna að ungvíðið eftir menntaskólaaldur leitar út fyrir svæðið til að mennta sig og gerir þessi staðreynd rekstur meistaraflokka félagsins erfiða. Oftar en ekki þarf að manna lið félagsins með leikmönnum sem fluttir eru sérstaklega til svæðisins til þess að halda úti samkeppnishæfu liði. Reglugerðir þær sem KKÍ setur takamarka að hægt sé að leita eftir erlendum leikmönnum til þess að manna lið. Á sama tíma geta lið á höfuðborgarsvæðinu notið góðs af nálægðar við háskóla og fjölbreytts atvinnulífs til þess að halda sínu ungvíði og semja við hágæða íslenska leikmenn. Það styrkir jafnframt stöðu höfuðborgarliðinna að þau þurfa ekki að greiða jafn háan ferðakostnað og lið á landsbyggðinni og hafa því aukna fjárhagslega getu til þess að fjárfesta í mannauð, hvort sem um ræðir þjálfara eða leikmenn. Þessi ógnun er alvarleg fyrir lið á landsbyggðinni og var þetta töluvert rætt á vettvangi stjórnar KFÍ.

Á vegum KFÍ vann Sævar Óskarsson mikið og óeigingjarnt starf við að leiða sameiningu íþróttafélaga á svæðinu. Stjórn KFÍ færir Sævari þakkir fyrir að leiða þetta mikilvæga starf fyrir hönd KFÍ. Sameining getur aukið skilvirkni í íþróttastarfi og eru bundnar miklar vonir við niðurstöðu sameiningaviðræðna. Á félagsfundi KFÍ, þann 18. desember, var samþykkt að halda áfram með sameiningarviðræðurnar og var Guðni Ólafur Guðnason

kosinn ásamt Sævari í sameiningarnefndina sem er skipuð var til að leiða sameiningarferlið.

KFÍ-TV er orðið vel þekkt vörumerki og eru sjálfboðaliðar sem vinna við KFÍ-TV vinna færðar þakkir fyrir sitt óeigingjarna framlag. KFÍ-TV sendir nær undantekningalaust beint út á vefnum frá leikjum félagsins ssem vafalaust hefur glatt marga brottflutta Vestfirðinga sem áttu kost á að sjá leikina beint. Guðjón Þorsteinsson, Jakob Einar Úlfarsson, Hákon Þór Pálsson, Gautur Arnar Guðjónsson og Guðmundur Einarsson eru lykilmenn í KFÍ-TV og eru þeim hér með færðar sérstakar þakkir fyrir sitt framlag á síðastliðnu ári.

Hér að neðan er að finna ágríp um meistaraflokka og yngri flokka félagsins.

### Meistaraflokkur karla

Miklar breytingar urðu á leikmannahópi karlaliðs meistaraflokks KFÍ fyrir tímabilið 2014/2015. Segja má að megnið af byrjunarliði síðustu leiktíðar hafi horfið á braut en í þeirra stað bættust í hópinn sterkir leikmenn. Einnig er ánægulegt að fjöldi nýliða er nú í hópnum, auk leikmanna sem hafa tekið fram skóna á nýjan leik. Birgir Örn Birgisson sá um þjálfun liðsins líkt og á síðasta keppnistímabili en einnig lék hann með liðinu.

**Leikmenn sem komu nýir inn í liði:** Andri Már Einarsson (byrjaði aftur), Andri Már Skjaldarson (nýliði), Birgir Björn Pétursson (Valur), Florijan Jovanov (Makedónía), Gunnlaugur Gunnlaugsson (byrjaði aftur), Haukur Hreinsson (Laugdælir), Kjartan Helgi Steinþórsson (Grindavík, byrjaði tímabilið en hætti á miðju tímabili), Nebojsa Knezevic (KK Proleter Zrenjanin - Serbía), Óskar Ingi Stefánsson (nýliði), Sturla Stígsson (byrjaði aftur), Ævar Höskuldsson (nýliði, hætti á miðju tímabili). Leikmenn sem hættu eða fóru í önnur lið: Hákon Ari Halldórsson (Haukar), Jón Kristinn Sævarsson (hættur), Valur Sigurðsson (Fjölnir), Ágúst Angantýsson (Stjarnan), Hraunar Karl Guðmundsson (hættur), Guðmundur Jóhann Guðmundsson (hættur), Ingvar Bjarni Viktorsson (hættur), Jón Hrafn Baldvinsson (KR), Mirko Stefán Virijevic (Njarðvík), Leó Sigurðsson (Ármann). **Andri Már Einarsson** - Framherji - 1993 - Uppalinn hjá KFÍ en þreytti frumraun sína í meistaraflokk með UMFB tímabilið 2011-2012 þar sem hann var lykilmáður í liði Bolvíkinga sem fór í 8. liða úrslit 2. deildarinnar.

**Birgir Björn Pétursson** - Miðherji - 1986 - Uppalinn hjá KFÍ og steig sín fyrstu skref í meistaraflokki tímabilið 2003-2004 í úrvalsdeild. Hefur einnig leikið með Njarðvík, Þór Þorlákshöfn, Stjörnunni og nú síðast Val. Á að baki 8 U-21 landsleiki og var valinn í 30 manna æfingarhóp A-landslíðsins í sumar. Stjórn félagsins tilnefndi Birgi Björn Pétursson í val íþróttamanns Ísafjarðarbæjar.

**Björgvin Snævar Sigurðsson** - Framherji - 1994 - Uppalinn hjá Hamri en gekk til liðs við KFÍ í janúar 2013 og hefur leikið með meistaraflokki síðan þá.

## Ársskýrsla 2014

---

**Florijan Jovanov** - Framherji - 1991 - Gekk til liðs við KFÍ haustið 2009, þá 18 ára gamall, fyrir tilstuðlan Borce Ilievski þáverandi þjálfara KFÍ. Lék bæði með meistaraflokki og drengjaflokki félagsins og sigraði 1. deildina með KFÍ vorið 2010. Var lykilmáður með Goce Delchev í næst efstu deild í Makedóníu á síðasta tímabili en liðið sigraði deildina og fór upp í efstu deild.

**Gunnlaugur Gunnlaugsson** – Framherji – 1989 – Uppalinn í KFÍ og steig sín fyrstu skref með félaginu í yngri lokkum. Spilaði með meistaraflokki KFÍ veturinn 2005-2009. Tók fram skóna aftur eftir hlé um mitt tímabil.

**Helgi Snær Bergsteinsson** - Bakvörður - 1996 - kemur upp úr yngri flokkum KFÍ og spilaði sinn fyrsta leik með meistaraflokki vorið 2014 er hann skoraði 5 stig á móti Stjörnunni í úrvalsdeild.

**Jóhann Jakob Friðriksson** - Miðherji - 1994 - Gekk til liðs við meistaraflokk KFÍ haustið 2013 eftir smá hlé frá körfubolta og lék 28 leiki með félaginu í deild og bikar á því tímabili og hefur leikið flesta leiki með liðinu á yfirstandandi tímabili. Jóhann hefur tekið miklum framförum og var að lokum valinn í æfingarhóp U-20 landsliðsins vorið 2014.

**Nebojsa Knezevic** - Bakvörður/Framherji - 1987 - Nebo gekk til liðs við KFÍ í haust eftir að hafa leikið með KK Proleter Zrenjanin í Serbíu á síðasta tímabili. Lék með KFÍ í úrvalsdeildinni tímabilið 2010-2011 þar sem hann var með 14,6 stig og 4,5 fráköst í 22 leikjum.

**Óskar Ingi Stefánsson** - Bakvörður - 1996 - Nýliði sem kemur upp úr yngri flokkum KFÍ.

**Óskar Kristjánsson** - Bakvörður - 1993 - Steig sín fyrstu skref í körfubolta með yngri flokkum UMFB undir stjórn Karls Jónssonar. Lék sinn fyrsta leik í meistaraflokki með KFÍ í nóvember 2009. Átti sinn besta leik í meistaraflokki er hann setti niður 6 þrista og skoraði 18 stig á móti Val í úrvalsdeildinni í desember 2013. Var í sigurliði KFÍ í 1. deildinni vorið 2012.

**Pance Ilievski** - Bakvörður - 1980 - Gekk til liðs við KFÍ árið 2006 og hefur leikið með liðinu síðan að undanskildu 2011-2012 tímabilinu þegar hann lék með Bolvíkingum. Á að baki um 140 meistaraflokksleiki í öllum keppnum á Íslandi og var í sigurliði KFÍ í 1. deildinni árið 2010. Kemur upprunalega frá Makedóníu en hlaut íslenskan ríkisborgararétt árið 2014. Er yngri bróðir Borce Ilievski, fyrrverandi þjálfara KFÍ.

**Sturla Stígsson** - Bakvörður/Framherji - 1979 - Uppalinn hjá KFÍ en steig sín fyrstu skref í meistaraflokki með Bolvíkingum rétt eftir aldarmótin síðustu. Á að baki um 110 meistaraflokksleiki með KFÍ, UMFB og Fúsíjama í 1. og 2. deild.

## Ársskýrsla 2014

---

**Birgir Örn Birgisson** - Þjálfari - Birgir Örn var ráðinn þjálfari meistaraflokks karla árið 2013. Á Íslandi lék hann með Bolungarvík, Þór Akureyri og Keflavík áður en hann hélt til Þýskalands þar sem hann var leikmaður og þjálfari í rúman áratug. Sem leikmaður varð hann tvívegis Íslandsmeistari með Keflavík auk þess sem hann á að baki 26 landsleiki.

### Leikmannalisti

| Meistarafli okkur karla # | Nafn                       | Staða     | Hæð    | Þyngd  | Fæddur             |
|---------------------------|----------------------------|-----------|--------|--------|--------------------|
| 10                        | Andri Már Einarsson        | Framherji | 190 cm | 90 kg  | 13. september 1993 |
| 13                        | Birgir Björn Pétursson     | Miðherji  | 205 cm | 100 kg | 24. janúar 1986    |
| 6                         | Birgir Örn Birgisson       | Miðherji  | 198 cm | 95 kg  | 6. október 1969    |
| 15                        | Björgvin Snævar Sigurðsson | Framherji | 194 cm | 90 kg  | 3. ágúst 1994      |
| 11                        | Florijan Jovanov           | Framherji | 197 cm | 90 kg  | 13. mars 1991      |
| 6                         | Gunnlaugur Gunnlaugsson    | Framherji | 190 cm | 80 kg  | 01. janúar 1989    |
| 99                        | Helgi Snær Bergsteinson    | Bakvörður | 185 cm | 80 kg  | 21. febrúar 1996   |
| 14                        | Jóhann Jakob Friðriksson   | Miðherji  | 202 cm | 100 kg | 1. september 1994  |
| 23                        | Magnús Þór Heimisson       | Bakvörður | 184 cm | 85 kg  | 23. júní 1984      |

## Ársskýrsla 2014

|    |                       |           |        |       |                    |
|----|-----------------------|-----------|--------|-------|--------------------|
| 7  | Nebojsa Knezevic      | Framherji | 196 cm | 90 kg | 21. febrúar 1987   |
| 98 | Óskar Ingi Stefánsson | Bakvörður | 180 cm | 70 kg | 16. júní 1996      |
| 9  | Óskar Kristjánsson    | Framherji | 186 cm | 86 kg | 29. október 1993   |
| 4  | Pance Ilievski        | Bakvörður | 186 cm | 84 kg | 9. ágúst 1981      |
| 12 | Sturla Stígsson       | Framherji | 185 cm | 85 kg | 21. september 1979 |

### Árangur liðsins

Liðið spilaði 21 leik í deildarkeppni og sigraði liðið 5 leiki og tapaði 16. Niðurstaðan var sú að liðið endaði í sjöunda sæti. Þess má þó geta að 5 leikir liðsins töpuðust með minnsta mögulega mun.

Liðið spilaði í Poweradebikarnum einn leik sem liðið tapaði.

Liðið spilaði í Fyrirtækjabikar þar sem liðið tapaði báðum sínum leikum.

### Almennt um þátttöku liðsins í Íslandsmóti

Reynt var að berjast fyrir því gagnvart stjórn KKÍ og á formannafundum félaga KKÍ að fá reglugerðum breytt, sér í lagi þeim sem snúa að takmörkunum á þátttöku erlendra leikmanna. Það er og hefur verið erfitt að fá leikmenn til að flytjast búferlum til Ísafjarðar til þess að iðka körfuknattleik og eina úrræðið er oft að fá erlenda atvinnumenn eða hálfatvinnumenn. Niðurstaða tilrauna stjórnar KFÍ í viðræðum við KKÍ var neikvæð og voru önnur félagslið ekki hlynnt breytingum þrátt fyrir skilning og jákvæða afstöðu gagnvart vandamálinu. Þátttaka liða í fyrstu deild var einnig takmörkuð og léku eingöngu 8 lið í fyrstu deildinni og ekkert lið gat fallið úr deildinni.

### Meistaraflokkur Kvenna

Segja má að ákveðnum áfanga hafi verið náð í haust með því að KFÍ tefldi á ný fram kvennaliði í meistaraflokk á Íslandsmótinu. Kvennalið félagsins hefur legið niðri frá tímabilinu 2012-2013. Liðið var að stórum hluta skipað ungum leikmönnum sem voru að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokki en auk þess voru nokkrir eldri og reynslumeiri leikmenn í hópnum. Einnig var gerður venstlasamningur við Breiðablik og þrjár

## Ársskýrsla 2014

---

Blikastúlkur léku með liðnu. Spilandi þjálfari liðsins var Labrenthia Murdock-Pearson sem kom frá Bandaríkjunum þar sem hún á að baki feril í háskólaboltanum og með atvinnumannaliði.

**Alexandra Sif Herleifsdóttir** - 1989 - Miðherji - Alexandra hefur leikið með Breiðablik síðan árið 2012, þaðan sem hún kemur á lánsamningi, en hún hefur einnig leikið með Val og Hamri. Alexandra var í sigurliði Breiðabliks í 1. deildinni síðastliðið vor.

**Anna Soffía Sigurlaugsdóttir** - 1981 - Framherji - Uppalin í KFÍ og steig sín fyrstu skref í meistaraflokk með félaginu um aldarmótin. Hefur einnig spilað með Laugdælum, Ármanni/Prótti og Stjörnunni. Var lykilleikmaður í liði KFÍ sem spilaði við Grindavík um laust sæti í úrvalsdeildinni vorið 2012.

**Eva Margrét Kristjánsdóttir** - 1997 - Framherji - Eva er ein af efnilegustu leikmönnum landsins en hún lék lykilhlutverk með liði KFÍ í 1. deildinni á árunum 2011-2013 auk þess sem hún lék 5 leiki með U16 landsliði Íslands á sama tíma. Hún lék 5 leiki með U18 landsliðinu síðasta vor og var í æfingahópi A-landsliðsins. Síðastliðið tímabil lék Eva með Snæfell þar sem hún varð Íslandsmeistari auk þess sem hún var valin í stjórnuleik kvenna.

**Guðrún Edda Bjarnardóttir** - 1994 - Bakvörður - Guðrún kemur upp úr yngri flokkum Hrunamanna en hefur spilað með Breiðablik undanfarin ár. Hún var lykilleikmaður í liði Breiðabliks sem sigraði 1. deildina síðastliðið vor.

**Hafdís Gunnarsdóttir** - 1980 - Bakvörður - Hafdís hóf feril sinn með meistaraflokki KFÍ rétt fyrir síðustu aldamót og lék með félaginu til 2000 en á þeim tíma lék hún fjóra leiki fyrir U-20 landslið

Íslands. Eftir það hélt hún til Reykjavíkur þar sem hún varð Íslands- og bikarmeistari með KR árin 2001 og 2002. Hún snéri til baka árið 2004 og hefur leikið ófáa leiki með félaginu síðan.

**Hekla Hallgrímsdóttir** - 1999 - Framherji - Nýliði sem kemur upp úr yngri flokkum KFÍ.

**Hlín Sveinsdóttir** - 1996 - Bakvörður - Hlín kemur upp úr yngri flokkum Breiðabliks, þaðan sem hún kemur á lánsamningi, og hefur verið að stíga sín fyrstu skref með meistaraflokki þeirra undanfarin ár.

**Kristín Erna Úlfarsdóttir** - 1996 - Bakvörður - Kristín er uppalin hjá Herði Patreksfirði en hefur leikið með KFÍ í yngri flokkum undanfarið ár. Hún lék sinn fyrsta meistaraflokksleik með KFÍ veturinn 2011-2012.

**Labrenthia Murdock-Pearson** - 1991 – Bakvörður/Þjálfari - Labrenthia spilaði með Lewis University í Texas í háskólaboltanum á árunum 2009-2013 þar sem hún skoraði



## Ársskýrsla 2014

---

10 stig að meðaltali í 116 leikjum. Hún hefur auk þess spilað sem atvinnumaður í Bandaríkjunum með liðinu Chicago Storm.

**Linda Marín Kristjánsdóttir** - 1999 - Bakvörður - Þreytti frumraun sína í meistaraflokki árið 2012 þá 13 ára gömul. Linda Marín var valin í æfingahóp U15 landsliðsins síðastliðinn vetur.

**Rósa Överby** - 1996 - Bakvörður - Rósa kemur upp úr yngri flokkum KFÍ og steig sín fyrstu skref í meistaraflokki árið 2012.

**Saga Ólafsdóttir** - 2000 - Framherji - Saga kemur upp úr yngri flokkum Harðar frá Patreksfirði og er nýliði í meistaraflokki.

**Stefanía Helga Ásmundsdóttir** - 1980 - Miðherji - Stefanía hóf ferilinn með Grindavík þar sem hún varð Íslandsmeistari árið 1997 auk þess sem hún lék 11 leiki með U-18 landsliði Íslands. Hún gekk til liðs við KFÍ árið 2001 og hefur spilað lykilhlutverk í liðinu síðan þá.

| Mfl.<br>kvenna # | Nafn                            | Staða     | Hæð    | Þyngd | Fæddur                |
|------------------|---------------------------------|-----------|--------|-------|-----------------------|
| 10               | Alexandra<br>Herleifsdóttir     | Miðherji  | 180 cm |       | 2. október 1989       |
| 4                | Anna Soffía<br>Sigurlaugsdóttir | Framherji |        |       | 19. október 1981      |
| 8                | Eva Margrét<br>Kristjánsdóttir  | Framherji | 180 cm |       | 17. janúar 1997       |
| 15               | Guðrún Edda<br>Bjarnadóttir     | Bakvörður |        |       | 22. mars 1994         |
| 14               | Hafdís<br>Gunnarsdóttir         | Framherji | 172 cm |       | 14. júní 1980         |
| 5                | Hekla<br>Hallgrímsdóttir        | Framherji | 175 cm |       | 22. janúar 1999       |
| 9                | Hlín<br>Sveinsdóttir            | Bakvörður | 167 cm |       | 18. september<br>1996 |
| 4                | Labrenthia<br>Murdock           | Bakvörður | 175 cm |       | 20. júní 1991         |

## Ársskýrsla 2014

---

|    |                                |           |        |                  |
|----|--------------------------------|-----------|--------|------------------|
| 6  | Linda Marín<br>Kristjánsdóttir | Bakvörður |        | 28. júlí 1999    |
| 19 | Rósa Överby                    | Bakvörður |        | 02. febrúar 1996 |
| 7  | Saga<br>Ólafsdóttir            | Framherji | 180 cm | 28. janúar 2000  |
| 15 | Stefanía H.<br>Ásmundsdóttir   | Miðherji  |        | 15. október 1980 |

### Árangur liðsins

Meistaraflokkur kvenna KFÍ stóð sig vel í deildarkeppni þar sem liðið sigraði 8 af 12 leikjum sínum og missti naumlega af því tækifæri að spila um laust sæti í efstu deild. Liðið hafnaði í þriðja sæti af 8 liðum.

Ísafirði, 14. apríl 2015  
Fyrir hönd stjórnar KFÍ  
Shiran Þórisson  
formaður

## Barna- og unglingaráð Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar

### Skýrsla stjórnar barna- og unglingaráðs KFÍ starfsárið 2014-2015

Barna- og unglingaráð KFÍ veturinn 2014-2015 var skipað eftirtöldum einstaklingum: Birna Lárusdóttir, formaður, Guðfinna Hreiðarsdóttir, gjaldkeri, Heiðrún Tryggvadóttir, ritari, Júlíus Ólafsson, Guðný Alda Gísladóttir og Árni Heiðar Ívarsson.

Skýrsla þessi nær yfir tímabilið september 2014 til apríl 2015.

### Flokkastarfið

Ekki var ráðinn yfirþjálfari yngri flokka á þessu starfsári og sáu fulltrúar BUR um flest þau verkefni sem að öllu jöfnu eiga að heyra undir yfirþjálfara. Ráðnir voru þjálfarar fyrir alla flokka strax í haust en nokkrar breytingar varð að gera snemma á tímabilinu vegna breyttra aðstæðna einstakra þjálfara. Miklu skiptir að til framtíðar verði horft til þess að ráða í stöðu yfirþjálfara yngri flokka félagsins til að tryggja meiri stöðugleika í þjálfun og samfelli milli einstakra flokka. Starfsárið gekk engu að síður vel og verður hér gerð grein fyrir helstu verkefnum vetrarins.

Æft var í sjö yngri flokkum í vetur: Krílakörfu (4-5 ára), krakkakörfu (1.-2. bekkur) minnibolta yngri stúlkna og drengja (3.-4. bekkur), minnibolta eldri drengja, minnibolta eldri stúlkna og 7.-9. flokki drengja (einn æfingahópur). Þrjár stúlkur úr 10. bekk æfðu og kepptu með meistaraflokki kvenna í vetur. Einnig gekkst KFÍ fyrir æfingum í íþróttahúsinu í Bolungarvík á laugardagsmorgnum í vetur og voru þær æfingar tvískiptar, 1.-2. bekkur og 3.-4. bekkur. Þessar æfingar gáfust vel og er góður grundvöllur til að halda þeim áfram næsta vetur.

Þrír flokkar tóku þátt í Íslandsmótum í vetur; 7.-9. flokkur drengja og báðir minnibolti eldri hóparnir, strákar og stelpur þótt drengirnir hafi orðið að draga sig úr keppni. Nánar verður vikið að einstökum flokkum hér á eftir.

Í yngstu aldurshópunum var áhersla lögð á tvö mót í minniboltanum, fyrra mótið var Sambíómót Fjölnis í byrjun nóvember og hið seinna Nettómótið í Reykjanesbæ í byrjun mars. Auk þess fór lítill hópur á Póstmót Breiðabliks.

### **Árangursríkar áherslur fyrra árs**

Í fyrra var það sérstakt markmið stjórnar að taka fast á málefnum stúlknaoltans og tókst það vel. Öflugur hópur stúlkna er í minnibolta eldri og efnilegur hópur í minnibolta yngri fylgir þeim fast eftir. Nú æfa ríflega 100 börn hjá félaginu á aldrinum 4-17 ára og má segja að kynjahlutfallið sé nánast jafnt. Munar þar mestu um minnibolta eldri stúlkna þar sem 15

stúlkur æfa að jafnaði. Einnig hefur fjölgað nokkuð í hópi drengja í minnibolta og er það fagnaðarefni. Sömuleiðis er fjölmennt í Krílakörfunni sem ætluð er 4-5 ára börnum.

### **KFÍ og Íþróttaskóli HSV**

Líkt og fyrri ár hefur KFÍ tekið þátt í starfsemi Íþróttaskóla HSV, m.a. með því að útvega þjálfara fyrir eldri börn skólans þegar körfubolti er þar á dagskrá. Brýnt er að KFÍ meti starfsemi og árangur Íþróttaskólans með tilliti til þess takmarkaða tíma sem körfuboltinn fær í skólanum. Grunnhugmyndafræði skólans er jákvæð og félagið hefur til þess stutt starfsemi hans en skólinn þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Gæta þarf þess að hagsmunir KFÍ séu tryggðir þannig að eðlileg nýliðun geti átt sér stað hjá félaginu.

### **Aðstaða yngri flokkana**

Yngri flokkar KFÍ hafa allir æft í íþróttahúsinu Torfnesi í vetur að undanskilinni Krílakörfunni og Krakkakörfunni sem eru til húsa í íþróttahúsinu við Austurveg. Æfingar fyrir börn í 1.-4. bekk voru settar á í íþróttahúsinu í Bolungarvík á laugardögum í vetur og hafa þær mælst mjög vel fyrir. Þær eru opnar öllum börnum á þessum aldri.

# Ársskýrsla 2014

---

Þá er rétt að minnast á Íþróttaskóla KFÍ á Torfnesi á laugardögum, sem hefur verið undir stjórn Árna Heiðars Ívarssonar íþróttakennara í vetur líkt og marga undanfarna vetur. Skólinn er ætlaður börnum á leikskólaaldri. Þó svo að skólinn heyri ekki beint undir BUR þá starfar hann í nafni KFÍ og kunnum við Árna Heiðari bestu þakkir fyrir hans frábæra starf á undanförunum árum.

## Búningar

Í haust var ákveðið að láta útbúa utanyfirgalla fyrir yngri flokkana sérmerкта KFÍ. Þetta eru svartar og rauðar jogging hettupeysur ásamt svörtum buxum og voru gallarnir tilbúnir fyrir jólin. Mæltust gallarnir vel fyrir og langflestir iðkendur fjárfestu í einum slíkum. Allir þjálfarar yngri flokka fengu einnig gefins peysu. Gallarnir voru keyptir í gegnum Henson þar sem þeir voru merktir og síðan seldir til iðkenda á kostnaðarverði.

Yngri flokkarnir hafa nú spilað þrjú ár samfleytt í svart/hvít/gulu keppnisbúningum félagsins og í haust var ákveðið að stefna að endurnýjun þeirra haustið 2015. Beðið er með frekari undirbúning þessa verkefnis þar til fyrir liggur hvort verður af sameiningu íþróttafélaga á norðanverðum Vestfjörðum, en vikið verður að því síðar í skýrslunni. Nýir búningar verða væntanlega eins fyrir allan körfuboltann, allt frá meistaraflokkum niður í Krílakörfu.

## Uppákomur í vetur

Vetrarstarfið hófst með Körfuboltadegi sem fram fór að morgni laugardagsins 6. september þar sem starfsemi yngri flokkanna og æfingataflan voru kynnt og brugðið á leik með leikmönnum meistaraflokks karla. Boðið var uppá hollar og góðar veitingar og var þátttaka góð. Körfuboltadagurinn í upphafi vetrar er einn besti vettvangurinn til að bjóða mögulega nýja iðkendur velkomna og kynna þá fyrir starfi félagsins.

Jólakarfan á aðfangadag var á sínum stað þótt erfiðara hefði reynst að fá tíma í húsinu en mörg undanfarin ár vegna breyttra reglna um viðveru starfsmanna í húsinu þegar viðburðir fara þar fram.

Körfuboltadagur númer tvö var síðan haldinn 10. janúar, einskonar mini-körfuboltabúðir þar sem leikmenn beggja meistaraflokkanna sáu um skipulag æfinganna. Í fyrra var um að ræða tveggja daga búðir en plássleysi í íþróttahúsinu olli því að aðeins var um einn dag að ræða í ár.

Síðustu helgina í febrúar heimsótti Borce Ilievski, fyrrverandi þjálfari KFÍ, félagið og stóð fyrir vel heppnuðu eins dags körfuboltanámskeiði fyrir KFÍ krakka á aldrinum 10-16 ára. Kunnum við honum bestu þakkir fyrir en hann þáði engin laun fyrir greiðann. Námskeiðið sýndi okkur fram á gagnsemi þess að brjóta vetrarstarfið upp með heimsóknum þjálfara utan okkar raða.

Í vetur hafa þjálfarar yngri flokka fengið að heimsækja leikfímistíma barna í flestum árgöngum Grunnskólans á Ísafirði til að kynna körfuboltaíþróttina. Erfitt er að segja hvort sú kynning hefur skilað sér beint í fjölgun iðkenda en það er mat stjórnar BUR að öll kynning sé af hinu góða og gagnleg til að halda merkjum körfunnar á lofti. Einnig dreifðum við í tvígang kynningarmiðum í Grunnskólanum í Bolungarvík til að vekja athygli á starfsemi KFÍ og höfum fengið að koma tilkynningum á framfæri á foreldravefinn þeirra. Í þessu samhengi má nefna að öll foreldrasamskipti yngri flokka KFÍ fara nú fram í einstökum facebook hópum auk þess sem við erum með opnu síðu fyrir sem kallast KFÍ yngri flokkar. Tölvupóstsamskipti eru því sem næst aflögð og telur BUR þetta fyrirkomulag ganga vel upp enda nýta langflestir foreldrar sér þetta samskiptaform.

Um miðjan mars stóð félagið fyrir litlu körfuboltamóti ætlað börnum í 1.-4. bekk, einkum þeim börnum sem eru í íþróttaskóla HSV og höfðu verið að æfa körfubolta vikunnar á undan. Shiran Þórisson, formaður KFÍ, hafði umsjón með mótinu en hann sá um æfingar eldri iðkenda skólans í vetur.

Páskaeggjamót KFÍ var á sínum stað á skírdag, en það er ætlað jafnt börnum sem fullorðnum. Mótið tókst vel og var haldið í bland við kökubasar og kaffihús BUR.

Krílakarfan verður starfrækt út apríl og mun henni ljúka með skemmtilegum uppákomum á síðustu æfingu. Einnig er fyrirhugað lítið laugardagsmót í Bolungarvík í byrjun maí fyrir þau börn sem hafa æft þar í vetur.

Uppskeruhátíð yngri flokkanna verður haldin á Torfnesi 21. maí og þar með lýkur æfingum vetrarins en fyrirhugaðar eru sumaræfingar sem verða auglýstar betur þegar nær dregur. Þær hefjast þó ekki fyrr en að afloknum Körfuboltabúðum KFÍ í júní. Undirbúningur þeirra er kominn vel á veg en þrír fulltrúar úr stjórn BUR eiga sæti í framkvæmdastjórn búðanna. Þær fara fram 2.-7. júní n.k. og verður Borce Ilievski yfirþjálfari búðanna þetta árið.

### **Hvert skal stefna?**

Ljóst má vera að eitt helsta verkefni BUR er að skapa þá umgjörð um körfuboltann sem laðar að sem flesta iðkendur. Stjórn BUR telur að lykillinn að því að gera betur í þeim efnum sé að ráð dugmikinn yfirþjálfara yngri flokka sem tæki allt ut anumhald föstum tókum. Enginn slíkur hefur verið starfandi við félagið um langt árabil. Góðir áfangasigrar náðust á síðasta ári í fjölgun iðkenda og tókst að fylgja því ágætlega eftir í vetur en betur má ef duga skal, ekki síst í ljósi þess að elstu aldurshóparnir eru orðnir svo þunnskipaðir að ekki næst að manna lið. Áskorun BUR frá því í ársskýrslum síðustu tveggja ára á því enn við: Við skorum á alla þá sem koma að starfi KFÍ að taka höndum saman svo takast megi að fjölga iðkendum enn frekar í okkar ágætu íþrótt.

Samhliða fjölgun iðkenda er mikilvægt að huga að þjálfunarþættinum. Félagið þarf á mörgum öflugum þjálfurum að halda til að standa undir fleiri flokkum. Liður í því er að hvetja eldri iðkendur til að sækja þjálfaranámskeið sem í boði eru á vegum ÍSÍ. Ljúki þjálfari námskeiði greiðir BUR námskeiðsgjöldin. Námskeiðin veita einnig einingar í framhaldsskólum og eru þannig enn frekari hvatning. Nokkrir krakkar hafa þegar nýtt sér þetta eða hafa í hyggju að gera það. Einnig er mikilvægt að styðja við bakið á þeim sem vilja sækja dómaranámskeið sem í boði eru á vegum KKI.

Undirbúningur að stofnun deildaskipts íþróttafélags á norðanverðum Vestfjörðum er langt á veg kominn með þátttöku KFÍ og fleiri félaga. BUR bindur miklar vonir við að slík sameining skjóti styrkari stoðum undir starfsemi íþróttagreinanna á svæðinu og geri þeim kleift að nýta samlegðaráhrifin í rekstri til góðs fyrir samfélagið í heild.

### Fjáröflun

Fjáröflun BUR hefur verið með hefðbundnu sniði í vetur. Stór þáttur í því er að reka og manna sjoppu á heimaleikjum meistaraflokka félagsins. Einnig höfum við haft sjoppuna opna þegar umferðir í Íslandsmóti hafa fengist hingað heim. Hagnaður af sjoppurekstrinum hefur runnið beint í ferðasjóð iðkenda vegna ferða á Íslandsmót og minniboltamót og hefur okkur tekist að greiða ferðir nokkuð vel niður.

Líkt og fyrri ár voru seld batterí í reykskynjara fyrir jólin ásamt kaffipakkasölu. Í janúar sá félagið um kaffiveitingar fyrir Ísafjarðarbæ vegna Íþróttamanns Ísafjarðarbæjar. Þá hefur BUR ásamt stjórn KFÍ mannað veitingasölutjaldið á „Aldrei fór ég suður“ hátíðinni í mörg ár auk þess sem ráðið hefur nú í þrígang staðið fyrir rekstri kaffihúss og kökubasars á skírdag í tengslum við Páskaeggjamót KFÍ. Einnig má nefna að fulltrúar úr BUR vinna nú að undirbúningi Körfuboltabúða KFÍ 2015 í samstarfi við fulltrúa úr aðalstjórn og gengur sá undirbúningur ágætlega en búðirnar eru ein stærsta fjáröflun KFÍ sem ráðist er í á hverju ári.

Þá eru ótalin fjölmörg fyrirtæki sem styrkja starfsemi yngri flokkanna með ýmsum hætti og eru framlög þeirra ómetanleg. Sérstaklega má nefna fyrirtæki á borð við Samkaup, Bakarann, Gamla Bakaríð, Heildsölu Hafsteins, Pólinn, H-prent og Orkubú Vestfjarða ásamt Te og Kaffi.

Æfingagjöldin eru innheimt mánaðarlega af iðkendum í 5. bekk og eldri og renna þau til reksturs flokkanna, sér í lagi greiðslu þjálfaralauna. Gjöldin duga þó ekki fyrir þjálfaralaunum jafnvel þótt nokkrir þjálfarar í yngstu aldurshópunum gefi nær alla vinnu sína til félagsins. Félagið verður af umtalsverðum tekjum með því að innheimta ekki æfingagjöld í yngstu

aldurshópunum en benda verður á að í samkomulagi HSV og félaganna var ákveðið að heimila æfingar fyrir íþróttaskólaaldurinn gegn því að ekki yrðu innheimt æfingagjöld.

Krífakarfan hefur frá upphafi verið gjaldfrjáls og það er mat stjórnar BUR að svo eigi að vera áfram.

## **Einstakir flokkar.**

### **Stúlknaþópur:**

Einungis fimm stúlkur á aldrinum 15-18 ára æfðu með félaginu í vetur og mynduðu þær meistaraflokk kvenna. Fenginn var spilandi þjálfari frá Bandaríkjunum, Labrenthia Murdock, ásamt því að gerður var venstasamningur við Breiðablik um þrjá leikmenn og tryggði liðið sér þriðja sætið í 1. deild kvenna. Meistaraflokkur kvenna er ekki á forræði BUR en þar sem þrjár af stúlkunum eru enn í grunnskóla og sumar þeirra höfðu tekið körfubolta sem val í skólanum fylgdist BUR með framvindu þeirra. Því miður er ekki útlit fyrir að hægt verði að manna meistaraflokk kvenna næsta vetur.

### **7-9. flokkur drengja:**

*Þjálfari: Kjartan Helgi Steinþórsson (sept.-nóv.) Nebosja Knezevic.*

*Styrktarþjálfari: Árni Heiðar Ívarsson*

Flokkurinn lék í D-riðli 9. flokks og eru flestir drengirnir að spila upp fyrir sig ýmist um eitt eða tvö ár. Einn drengur úr 10. bekk spilar með hópnum og höfum við fengið undanþágu fyrir hann fyrir öll mót. Árangur drengjanna var ágætur með hliðsjón af aldursdreifingunni og voru þeir oftast næstefstir í riðlinum þótt ekki tækist að koma liðinu upp. Þeir hefja því leik í D-riðli næsta haust. Þetta er áhugasamur, þéttur og góður hópur tíu drengja sem hafa flestir æft saman um langt árabil. Með góðu og faglegu utanumhaldi eiga þessir strákar að geta gert góða hluti í framtíðinni. Mikilvægt er að skoða hvort hægt er að fjölga iðkendum á þessum aldri til að skapa stærri æfingahóp. Góður og samstíga foreldrahópur hefur staðið að strákunum alla tíð.

Árni Heiðar Ívarsson sá um styrktaræfingar einu sinni í viku fyrir hópinn og kunnum við honum bestu þakkir fyrir alla aðstoðina en hann þáði ekki laun fyrir sína vinnu.

### **Minnibolti eldri drengja:**

*Þjálfarar: Kjartan Helgi Steinþórsson og Haukur Hreinsson (sept.-nóv.)*

*Florijan Jovanov og Gunnlaugur Gunnlaugsson Jr.*

Fáir drengir komu upp úr minniboltahópnum félagsins frá síðasta vetri og því var ákveðið að styrkja hópinn og bjóða nýjum drengjum úr minnibolta yngri að æfa með hópnum. Þeirra á meðal eru nokkrir Bolvíkingar en fyrir var einn eldri Bolvíkingur. Það hefur gengið ágætlega á æfingum en aldursbilið er þó fullmikið í keppni en strákarnir eru í 3.-6. bekk. Liðið var skráð í Íslandsmót en varð að draga sig úr keppni fyrir aðra túrneringu

Þar sem ekki náðist að manna liðið. Farið var á þrjú minniboltamót; Sambíómótið, Póstmót Breiðabliks og Nettómótið þar sem strákarnir stóðu sig sérlega vel. Það er mikill kraftur í þessum hópi og með rétttri þjálfun í bland við mátulega skemmtun er þessum unga hópi allir vegir færir. Einnig eru foreldrar mjög áhugasamir og hafa þegar komið að ýmiskonar skipulagningu í tengslum við hópinn.

### **Minnibolti eldri stúlkna:**

*Þjálfari: Labrenthia Murdock, Eva Margrét Kristjánsdóttir og Rósa Överby um miðjan vetur.*

Þetta er annar æfingavetur þessa öflugna stúlknaþóps úr 5. og 6. bekk en hann kom allur nýr inn í fyrrahaust. Allt að 15 stúlkur æfa að staðaldri og tókst að tefla fram tveimur liðum í fyrstu þremur fjölliðamótum vetrarins með aðstoð tveggja fyrrverandi liðsmanna úr Reykjavík. Ákveðið var að sameina þær í einu liði fyrir síðasta mót vetrarins nú í apríl til að þetta raðirnar betur. Þær hafa keppt í B og C riðli í vetur og unnu alla sína leiki í C-riðli um síðustu helgi og hefja því keppni í B-riðli næsta haust. Yngri stelpurnar í hópnum tóku einnig þátt í Nettómótinu í mars. Hér er á ferðinni afar sterkur og efnilegur hópur og líkt og með strákahópna tvo er hann líklegur til afreka ef rétt er staðið að þjálfun og utanumhaldi. Foreldrar eru líka virkir í þessum hópi en hlutverk foreldra í því að skapa góða umgjörð um æfingahópna verður seint ofmetið.

### **Minnibolti yngri drengir:**

*Þjálfarar: Pance Ilievski og Rósa Överby*

Upphaflega stóð til að hafa stráka og stelpur saman á æfingum í þessum aldurshópi. Fljótlega var fallið frá því og þeir strákar sem áhugasamastir voru í þessum hópi voru fengnir að láni yfir í minnibolta eldri. Fljótlega voru þeir nær allir komnir yfir á æfingar eldri drengjanna og virtust skemmta sér hið besta. Af þessum sökum hefur ekki verið um formlegt lið að ræða í minnibolta yngri en þeim hefur þó staðið til boða að keppa á þremur minniboltamótum í vetur; Sambíómótinu, Póstmóti Breiðabliks og Nettómótinu. Í þessum hópi er að finna mjög sterka körfuboltastráka sem geta hæglega dregið að fleiri stráka og myndað góðan æfingahóp næsta vetur en þá er nauðsynlegt að afmarka aldursbilið aðeins betur. Þarna er einnig að finna áhugasaman foreldrahóp sem þegar hefur lagt mikið af mörkum við skipulag starfsins.

### **Minnibolti yngri stúlkur:**

*Þjálfarar: Pance Ilievski og Rósa Överby*

Hér er á ferð góður kjarni af áhugasömum stelpum, 6-8 talsins, sem tók stórstíguum framförum í vetur. Þær mættu á tvö mót; Sambíómótið og Nettómótið og var virkilega gaman að sjá frammistöðu þeirra í síðasta leik vetrarins á Nettómótinu. Þær æfðu



hinsvegar aðeins einu sinni í viku og er brýnt að endurskoða það fyrirkomulag fyrir næsta vetur. Það má því segja að þessi hópur hafi ekki setið við sama borð og jafnaldrar þeirra í minnibolta drengja sem æfðu með eldri drengjunum í vetur og fengu fyrir vikið mun fleiri æfingar. Enn og aftur er ástæða til að nefna foreldrana en þeir hafa sinnt hópnum vel í vetur.

### **Krakkakarfan:**

*Þjálfarar: Guðni Ólafur Guðnason og Lilja Júlíusdóttir.*

Krakkakarfan samanstendur af börnum í 1.-2. bekk, bæði stráku og stelpum. Hátt í 10 börn eru skráð í hópinn en æfingar eru aðeins einu sinni í viku á Austurvegi og sjaldan sem allir eru mættir í einu. Nokkrir krakkar úr þessum hópi tóku þátt í Nettómótinu og var einstaklega gaman að sjá baráttuprekið í okkar fólki. Í þessum hópi eru nokkrir eldheitir körfuboltamenn og er mikilvægt að leita leið til að stækka hópinn til að gera æfingarnar enn skemmtilegri.

**Krílakarfan:** *Þjálfarar: Sigríður Guðjónsdóttir og Rósa Överby.*

Góð þátttaka var í Krílakörfunni í vetur líkt og í fyrra enda stóð Sigríður afar vel að öllu utanumhaldi með aðstoð Rósu. Á þriðja tug barna er á skrá í Krílakörfunni en æft er einu sinni í viku á Austurvegi. Mikil stemming er í þessum hópi, margir hafa fjárfest í KFÍ búningi og ljóst að þarna liggja tækifæri í uppbyggingarstarfi félagsins. Engin æfingagjöld eru innheimt í þessum hópi enda er litið svo á þarna sé um kynningarstarf að ræða sem skili sér í fleiri iðkendum KFÍ í framtíðinni.

### **Lokaorð**

Þegar þetta er sett á blað er útlit fyrir að yngri flokkar Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar hafi í vetur leikið sína síðustu leiki undir merkjum þessa rötgróna félags. Í næsta mánuði, 2. maí, verða fimmtíu ár liðin frá stofnun KFÍ. Í þeim mánuði er einnig fyrirhugað að leggja KFÍ niður í þeirri mynd sem við þekkjum ef fyrirætlanir um stofnun nýs íþróttafélags ná fram að ganga. Það fylgir því óneitanlega tregablandin tilfinning að hugsa sér að enginn muni spila undir merkjum KFÍ að hausti. En því fylgir að sama skapi mikil tilhlökkun ef okkur tekst að koma nýju félagi á laggirnar, félagi sem mun án alls vafa standa sterkari fótum en fyrirrennarar þess.

Samhliða því að taka þátt í að byggja upp nýtt félag þarf körfuboltahreyfingin á Ísafirði að vinna samhent að því tryggja hagsmuni okkar innan sérsambandsins KKÍ. Þarfir féлага utan af landi eru ólíkar þörfum þeirra sem starfa á höfuðborgarsvæðinu og þar vegur ferðakostnaðurinn að sjálfsögðu þyngst. Sérsambandið verður að leita allra leiða til að komið verði betur til móts við þau félög sem bera þyngstan ferðakostnað. Þar skiptir t.d. máli að ferðasjóður ÍSÍ sé skipulagður með öðrum hætti en nú er. Við fundum

# Ársskýrsla 2014

---

Það á eigin skinni í vetur að ferðakostnaðurinn hefur aukist verulega frá því sem var fyrir aðeins einu til tveimur árum. Í fyrra voru hugmyndir uppi um breytt mótafyrirkomulag yngri flokka sem gæti mögulega dregið úr þessum kostnaði en ekkert bólar á þeim breytingum.

Núverandi stjórn barna- og unglingaráðs KFÍ mun ekki láta sitt eftir liggja í hagsmunabaráttunni fyrir okkar ágætu íþrótt. Við viljum fylgja körfunni vel eftir inn í mögulegt nýtt íþróttafélag og við köllum eftir fleirum til að vinna að þeim málum með okkur. Að endingu færum við öllum iðkendum, þjálfurum, foreldrum og styrktaraðilum okkar bestu þakkir fyrir farsæla samvinnu á starfsárinu sem nú er að ljúka.

Ísafirði, 14. apríl 2015

Fyrir hönd stjórnar barna- og unglingaráðs KFÍ,  
Birna Lárusdóttir  
formaður

## Stefnir

### Stjórn Stefnis árið 2014

Á aðalfundi félagsins 11. apríl 2014 var kosin ný stjórn og er hún þannig skipuð:

Svava Rán Valgeirsdóttir formaður  
Arnar Guðmundsson varaformaður  
Svala Sigríður Jónsdóttir ritari  
Þorgerður Karlsdóttir gjaldkeri  
Dominik Bochra meðstjórnandi



### Íþróttastarf 2014

Félagið hefur haft þá stefnu að bjóða upp á eins fjölbreytt íþróttastarf og unnt er, en fámennið setur okkur þó ákveðin takmörk hvað það varðar. Starf Stefnis var með nokkuð hefðbundnu sniði á síðasta starfsári. Ég tel að það sé óhætt að segja að blakið

er sú íþróttagrein sem er vinsælust um þessar mundir hjá súgfirskum börnum. Stefnir hefur boðið upp á blak fyrir yngri börnin á Suðureyri og er áhuginn mikill hjá þeim. Íþróttaskóli HSV er orðinn fastur liður í íþróttastarfinu á Suðureyri, en hann er rekinn í samstarfi við Stefni. Þorgerður Karlsdóttir hefur verið aðal þjálfarinn okkar á síðasta starfsári auk þess sem Stella Hjaltadóttir hefur séð um sundkennslu og leikjanámskeið. Dominik Bochra hefur einnig komið að þjálfun, bæði í fótbolta og körfubolta. Það hefur því verið þónokkuð úrval íþróttagreina fyrir börnin. Aðaláhersla okkar í íþróttafélaginu Stefni er þó á almenna hreyfingu og að börnin finni gleðina í því að hreyfa sig. Með því teljum við okkur vera að leggja grunn að því að gera hreyfingu að lífsstíl seinna meir.

## **Námskeið á síðasta starfsári**

**Útifótbolti:** Fyrir börn og unglinga. Þjálfari: Dominik Bochra og Daði Freyr Arnarsson.

**Körfubolti:** Fyrir unglinga, þjálfari: Dominik Bochra

**Blak:** Fyrir börn í 3. – 5. Bekk. Þjálfari í blakinu er Þorgerður Karlsdóttir

**Íþróttaskólinn fyrir leikskólabörn:** Markmið er að styrkja hreyfiproska barna og að börnin fái svalað hreyfipörf sinni í fjölbreyttum leikjum. Kennari er Anna Soffía Sigurlaugsdóttir.

**Fjölskyldutími í íþróttahúsinu:** Foreldrum og börnum var boðið upp á frjálstan tíma og er markmiðið að börn og foreldrar hafi tækifæri á því að stunda hreyfingu saman.

**Sundnámskeið:** Í sumar var boðið upp á sundnámskeið fyrir börn á aldrinum 4 – 12 ára. Þjálfari var Stella Hjaltadóttir íþróttakennari.

**Leikjanámskeið:** Í sumar buðum við upp á leikjanámskeið fyrir 7 – 12 ára börn. Margt skemmtilegt var gert á námskeiðinu, má þar nefna ratleiki, ferð yfir á Norðureyri, ferð í Raggagarð, veiði á bryggjunni og margt annað skemmtilegt. Umsjónarmaður var Stella Hjaltadóttir íþróttakennari.

**Íþróttaskóli HSV:** Í samstarfi við HSV er Stefnir með íþróttaskóla sem er ætlaður börnum í 1. – 5. bekk. Markmið með íþróttaskólanum er m.a. að fyrstu kynni af íþróttaiðkun séu jákvæð og að börnin fái að kynnast sem flestum íþróttagreinum. Þjálfarar: Þorgerður Karlsdóttir og Dominik Bochra.

## **Mót og uppákomur á vegum félagsins**

**Víðavangshlaup** sem haldið er 17. Júní. Hlaupið er frá Kleifinni í Súgandafirði, alls 2 km. Um er að ræða mjög skemmtilegt fjölskylduhlaup, þar sem allir geta tekið þátt. Þátttaka var mjög góð.

## Ársskýrsla 2014

---

**Leikjakvöld og blakkvöld:** Í sumar vorum við með leikjakvöld þar sem farið var í ýmsa skemmtilega leiki saman, þar sem bæði börn og foreldrar tóku þátt. Einnig vorum við með blakkvöld þegar veður leyfði og var mjög góð mæting bæði hjá börnum og fullorðnum.

**Öskudagsball:** Að venju var haldið Öskudagsball í félagsheimilinu í samvinnu við foreldrafélag Grunnskólans. Mæting á ballið var mjög góð og börn og foreldrar duglegir að mæta í búningum og skemmta sér vel saman.

**Stefnisganga:** Félagið stóð fyrir göngu uppá Hádegishorn. Gangan heppnaðist mjög vel og þeir sem tóku þátt voru mjög ánægðir enda sumir að fara upp á Hádegishorn í fyrsta sinn.

Fjáröflun:

- Aðalfjáröflun félagsins er í formi dós- og flöskusöfnunar. Á hverju ári eru farnar nokkrar ferðir að safna dósum í þorpínu. Undanfarið höfum við verið svo heppin að fá að flokka dósirnar í Bryggjukoti hjá Valla og Þóru og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir það.
- Vor- og áramótahreinsun á Suðureyri. Greitt er fyrir það í gegnum þjónustusamning Ísafjarðarbæjar við HSV.
- Á Sæluhelginni var félagið með pylsusölu til fjáröflunar.

Styrkir

Á síðasta ári veitti félagið peningastyrki til tveggja efnilegra súgfirskra íþróttamanna sem kepptu fyrir hönd Íslands á alþjóðamótum. Um var að ræða Daða Frey Arnarsson en hann keppti með íslenska ungliðalandsliðinu í fótbolta undir 17 ára og Ómar Karvel Guðmundsson en hann keppti í badminton sem fulltrúi Íslands á Ólympíumóti fatlaðra í Belgíu. Það er óhætt að segja að við í Stefni séum afskaplega stolt af þessum efnilegu íþróttamönnum sem byrjuðu sinn íþróttuferil hjá félaginu og óskum þeim alls hins besta í framtíðinni.

Súgfirskir krakkar geta sótt um styrk úr dósasjóði Stefnis, þegar þeir fara í keppnisferðir með íþróttafélögum sem þeir æfa með, svo fremi að þeir taki þátt í dósasöfnun félagsins. En með þessu viljum við styrkja alla súgfirska krakka sem stunda íþróttir hvort sem það er með Stefni eða ekki.

Svava Rán Valgeirsdóttir  
Formaður Stefnis.

## Skíðafélag Ísfirðinga

### Í stjórn voru:

|                     |               |
|---------------------|---------------|
| Jóhanna Oddsdóttir  | formaður      |
| Jensína Jensdóttir  | ritari        |
| Sigríður Laufey     | gjaldkeri     |
| Kristján Ásgeirsson | meðstjórnandi |

Ný stjórn var kjörin á aðalfundi félagsins júní 2013 þá var Sigríður kjörin gjaldkeri og tók þá setu í stjórn. Ekki náðist að fullskipa stjórnina.

Hér á eftir fer stutt samantekt af helstu verkefnum stjórnar.

### Fundir:

Stjórnin fundaði einu sinni í mánuði í sumar, en hefur svo fundað einu sinni til tvisvar sinnum í mánuði í vetur eftir þörfum.

### Þjálfarar:

Það gekk upp og ofan að fá þjálfara til starfa en gekk upp að lokum.

Þjálfarar í alpagreinum voru Snorri Páll Guðbjörnsson, Hafrún Jakobsdóttir og Ebba Guðmundsdóttir. Með HSV skólann var Elín Marta Eiríksdóttir. Margir sjálfboðaliðar voru einnig með til að aðstoða við HSV skólann.

Þjálfarar á gönguskíðum voru Gunnar Bjarni Guðmundsson, Einar Birkir Sveinbjörnsson, Daníel Á Einarsson auk þess sem Jóhanna Halldórsdóttir, Daníel Jakobsson, Ingibjörg Magnúsdóttir og Kristján Ásvaldsson voru með nokkrar æfingar.

### Fjármál:

Endurnýjaður var styrkarsamningur við helsta bakhjarl Skíðafélagsins, Íslandsbanka. Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. hefur einnig verið félaginu tryggur bakhjarl ásamt Borgun, Jakob Valgeir og Ölgerðinni. Í gildi er samstarfsamningur milli HSV, Ísafjarðarbæjar og SFÍ. Gegn ýmsri vinnu sem félagið ynnir af hendi greiðir Ísafjarðarbæ tiltekna upphæð eins og að sjá um skíðaleigu og kaup á árskortum og sölu miða.

Sjoppan í Tunngudal var opinn frá des og fram í lok apríl og eins og áður var ráðinn fastur starfsmaður til verksins en helgar voru auk þess mannaðar foreldrum skíðabarna.

### Æfinga- og keppnisferðir:

# Ársskýrsla 2014

---

Það voru allir glaðir og ánægðir með allan þann snjó sem kom í vetur. Það var samt eitt sem setti strik í æfingaáform en það var mikill vindur og ófærð sem skapaðisst á efra svæði og einnig kom það í veg fyrir að hægt væri að opna lyftur. Æfingar urðu því færri en lagt var upp með í byrjun.

Gönguskiðahópur fór í æfingaferð til Váladalen í Svíþjóð En sú ferð styttist í annan endann vegna veðurs.

Thelma Rut Jóhannsdóttir fór nokkrar ferðir erlendis bæði til að keppa og til æfingar. Einnig fór Rannveig Hjaltadóttir í æfingaferðir erlendis.

Keppnisferðir voru farnar um allt land og einnig erlendis. Albert Jónsson og Elena Dís Víðisdóttir fóru til Noregs og tóku þátt í gönguskiðakeppni þar.

Stór hópur fór á Andrésarleikana á Akureyri og var gerður góður rómur að þeirri ferð. Æfingatímar fyrir íþróttaskólann er of stuttur, talið er að í stað þess að vera einn og hálfur tími þyrfti hann að ná allavega tvem tímum. Því óra tíma tekur að koma öllum á sinn stað upp lyfturnar og þegar margir þurfa aðstoð við að komast í lyfturnar þá er ansi mikill tími búin af æfingatímanum. Einnig þyrfti í framtíðinni að hafa fjóra þjálfara til að mæta þörfum allra sem eru að mæta og hægt að skila þessu verkefni vel.

Í vetur var endurvakinn brettahópurinn og voru hátt í 15 krakkar á öllum aldri að mæta á æfingar. Í ár voru nokkrir krakkar sem fóru að keppa á Andrésar leikunum á Akureyri. Þjálfarar þar voru Aron Svanbjörnsson.

## **Mótamál:**

Þrátt fyrir óendanlega mikið fannfergi á skíðasvæðunum þá hafa veður verið okkur til trafala. Það kom oft fyrir að ekki var ekki mokað á efrasvæðið og hamlaði það oft mótahaldi. Það viðraði sem sé ekki vel til mótahalds þennan veturinn. Þó var samt hægt að halda bikarmót í sitt hvorri greininni. Ekki var hægt að ljúka öllum heimamótum vegna veðurs.

## **Afreksmenn:**

Eins og fram kom þá hefur Thelma Rut verið að fara með landsliðinu á æfingar og keppnisferðir erlendis. Það er mikilvægt að hafa afreksmenn á snærum félagsins, það gefur þeim sem yngri eru góða fyrirmynd og eitthvað til að keppa að.

## **Fjárfestingar:**

Það hefur helst verið viðhald og endurnýjun sem átt hefur sér stað. Þ.a.s bæta og lengja snjógirðingar, viðhald á húsum og þessháttar og er það allt gert í sjálfboðaliðsvinnu.

# Ársskýrsla 2014

---

Skíðafélagið fékk veglegan styrk frá 3x-stál til að kaupa tímatökutæki fyrir gönguskíðasvæðið. Þau sem þar voru, voru orðinn gömul og slitin og þurfti að fara að endurnýja þau. Þannig að nú eru komin tæki til tímatöku á gönguskíðasvæðinu, samskonar og eru á alpagreinasvæðinu.

## Önnur verkefni:

Í tilefni 80 ára afmælis Skíðafélagsins kom út veglegt skíðavikublað. Fossavatnsgangan fékk hluta af blaðinu til umráða og einnig "aldrei fór ég suður". Þetta fyrir komulag var mjög gott. Þetta var gert vegna þess hversu seint páskarnir voru og Fossavatnsgangann tveim vikum seinna.

Síðastliðið vor var haldin glæsileg Fossavatnsganga. Sú nýbreytni var að bæði start og mark voru á Seljalandsdal og gekk það vonum frammar. Það voru einnig tveir keppnis dagar og styttri vegalengd farin fyrri daginn. Var gangan vel skipulögð að allra mati og mikill fjöldi SFÍ félaga og annarra velunnara lögðu hönd á plóg við mótshald og aðra viðburði sem fylgja göngunni núorðið. Fjöldi erlenda þáttakanda var mikill og einnig fólk víðsvegar að af landinu.

Að lokum ber að þakka öllum þeim sem af óeigingirni vinna að fjölmörgum verkefnum sem fylgja hinum ýmsu verkefnum SFÍ.

Fyrir hönd stjórnar SFÍ  
Jóhanna Oddsdóttir formaður

## Skotíþróttafélag Ísafjarðar

### Starfsemi

Aðalfundurinn var haldinn 13.febrúar og var sama stjórn kjörin til áframhaldandi starfa. Stjórn SÍ er skipuð eftirfarandi.

Guðmundur Valdimarsson formaður, Björn Bergsson varaformaður, Jón Guðni Pálmason ritari, Rafn Pálsson gjaldkeri, Valur Richter meðstjórnandi

Að venju var haldið skíðaskotfímimót í skíðavíkunni og nú sem endranær var þátttaka með ágætum.

Fastir æfingatímar voru á miðvikudagskvöldum og var mjög góð mæting á þær auk þess sem eitthvað var um að hópar fengu aukaæfingar á haglabyssuvellinum. Ríffilsvæðið var líka vel nýtt, enda hafa þeir félagsmenn sem greitt hafa árgjaldið ótakmarkaðan aðgang að því.

Skotíþróttafélagið tók þátt í átaki að nýju á vegum Umhverfisstofnunar og Skotvís sem nefnt er Dúfnaveislan. Átakið felst í því að fá veiðimenn landsins til að nýta sér skotíþrotta aðstöðu skotfélaga víðs vegar um landið til æfinga og minnka þar með líkurnar á að veiðimenn missi frá sér særða bráð.

## Ársskýrsla 2014

---

Félagið sá um verklega kennslu á skotvopnanámskeiði á haustdögum og sátu 12 manns námskeiðið.

14 nýir félagar bættust við á árinu og eru nú 141 talsins þar sem líka dattu nokkrir út.

Alls voru haldin 10 innanfélagsmót sem giltu til félagsmeistara.

Bestum samanlögðum árangri í kúlugreinum og haglagreinum náði Valur Richter. Hann var því kjörinn skotíþróttamaður ársins hjá félaginu og einnig tilnefndur til íþróttamanns ársins í Ísafjarðarbæ.

Framkvæmdir við inniskotæfingasvæðið á Torfnesi mjakast hægt og sígandi en vonandi verður svæðið tekið í notkun fljótlega. Búið er að taka svæðið út en beðið er eftir umsögnum frá viðeigandi aðilum svo hægt verði að gefa út starfsleyfið.

Fyrir hönd stjórnar SÍ.  
Guðmundur Valdimarsson.



# Héraðssamband Vestfirðinga

Ársreikningur 2014

Héraðssamband Vestfirðinga  
400 Ísafjörður

kt. 490500-3160

# Héraðssamband Vestfirðinga

Ársreikningur 2014

Efnisyfirlit.

|                                    |     |
|------------------------------------|-----|
| Undirritun stjórnar.....           | 2   |
| Áritun kjörinna skoðunarmanna..... | 3   |
| Rekstrarreikningur.....            | 4   |
| Efnahagsreikningur.....            | 5-6 |
| Sundurliðanir.....                 | 7-9 |
| Rekstrarskipting.....              | 10  |

## Undirritun stjórnar

---

Stjórn og framkvæmdastjóri Héraðssambands Vestfirðinga staðfesta hér með ársreikning 2014 með undirritun sinni.

Ísafirði, 20. maí 2015

### Í stjórn

*Rún E. Mal*  
*Jóhann Keðhvið Þórf*  
*Elía Marta Friksdóttir*  
*Guðný Stefnía Stefánsdóttir*  
*Alfr. Freyr Rímars*

### Framkvæmdastjóri

*Sigr. Liva Gunnlaugsd.*

## Áritun kjörinna skoðunarmanna

---

Til stjórnar Héraðssambands Vestfirðinga.

Við höfum skoðað ársreikning Héraðssambands Vestfirðinga vegna ársins 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma undirritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Ársreikningurinn er í samræmi við settar reikningsskilareglur og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Ísafirði, 20. maí 2015

Bjartur Bjarnason

Guðm. E. Kjartansson

## Rekstrarreikningur ársins 2014

|   | Skýr. | 2014              | 2013              |
|---|-------|-------------------|-------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>   |       |                   |                   |
| Framlög og styrkir .....  | (1)   | 24.713.853        | 21.813.200        |
| Aðrar tekjur .....  | (2)   | 135.913           | 600.000           |
| Framlag Ísafj. bæjar til Afreksmannasjóðs HSV .....                 |       | 644.640           | 625.110           |
| Framl. Ísafj. bæjar til verkefnasamnings .....                      |       | 6.699.996         | 6.700.000         |
| Notuð (ónotuð) framlög Verkefnasjóðs um áramót .....                |       | 2.677.000         | (2.085.000)       |
| Framl. Ísafj. bæjar til þjálfarastyrkjasjóðs .....                  |       | 537.200           | 520.925           |
| Íþróttaskóli, þátttökugjöld og styrkir .....                        |       | 9.556.373         | 9.605.023         |
|   |       | <u>44.964.975</u> | <u>37.779.258</u> |
| <b>Rekstrargjöld</b>  |       |                   |                   |
| Laun, verktakagreiðslur og tengd gjöld .....                        | (3)   | 4.717.065         | 4.351.844         |
| Framlög til aðildarfélaga .....                                     | (4)   | 8.270.401         | 7.142.169         |
| Framlög vegna verkefnasamnings .....                                |       | 9.377.000         | 4.615.000         |
| Framlög úr Afreksmannasjóði HSV .....                               |       | 995.000           | 775.000           |
| Framlög úr þjálfarastyrkjasjóði .....                               |       | 258.095           | 475.000           |
| Íþróttaskóli, laun og þjálfarakostnaður .....                       |       | 9.328.962         | 8.741.358         |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður .....                             | (5)   | 3.121.168         | 1.857.716         |
| Kostnaður vegna móta o. fl. ....                                    | (6)   | 0                 | 26.000            |
| Íbúðaaftot aðildarfélaga .....                                      | (7)   | 10.015.759        | 7.318.581         |
|   |       | <u>46.083.450</u> | <u>35.302.668</u> |
| (Gjöld umfram tekjur)/tekjur umfram gjöld fyrir fjármagnsliði ..... |       | (1.118.475)       | 2.476.590         |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>                           |       |                   |                   |
| Vaxtatekjur .....   |       | 539.079           | 453.780           |
| Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur .....                           |       | (310.550)         | (145.996)         |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals .....                    |       | <u>228.529</u>    | <u>307.784</u>    |
| <b>(Gjöld umfram tekjur)/tekjur umfram gjöld .....</b>              |       | <u>(889.946)</u>  | <u>2.784.374</u>  |

## Efnahagsreikningur

| <b>Eignir</b>                           |     | <b>Skýr.</b> | <b>31.12.2014</b>        | <b>31.12.2013</b>        |
|---|-----|--------------|--------------------------|--------------------------|
| <b>Fastafjármunir</b>                   |     |              |                          |                          |
| <b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>     |     |              |                          |                          |
| Innréttingar og skrifstofubúnaður ..... |     |              | 408.823                  | 408.823                  |
|   |     |              | <u>408.823</u>           | <u>408.823</u>           |
| <b>Fastafjármunir</b>                   |     |              | <u>408.823</u>           | <u>408.823</u>           |
| <b>Veltufjármunir</b>                   |     |              |                          |                          |
| <b>Skammtímakröfur</b>                  |     |              |                          |                          |
| Viðskiptakröfur .....                   | (8) |              | 2.062.066                | 3.241.041                |
| Aðrar skammtímakröfur .....             |     |              | 45.958                   | 30.718                   |
|   |     |              | <u>2.108.024</u>         | <u>3.271.759</u>         |
| <b>Handbært fé</b>                      |     |              |                          |                          |
| Innstæður á bankareikningum .....       |     |              | 10.207.249               | 13.185.253               |
| Innstæða Afreksmannasjóðs .....         |     |              | 6.456.943                | 6.090.422                |
|   |     |              | <u>16.664.192</u>        | <u>19.275.675</u>        |
| <b>Veltufjármunir</b>                   |     |              | <u>18.772.216</u>        | <u>22.547.434</u>        |
| <b>Eignir</b>                           |     |              | <u><u>19.181.039</u></u> | <u><u>22.956.257</u></u> |

## 31. desember 2014

### Eigið fé og skuldir

|  | Skýr. | 31.12.2014  | 31.12.2013 |
|--|-------|-------------|------------|
| <b>Eigið fé</b>                                  |       |             |            |
| Eigið fé HSV:                                    |       |             |            |
| Óráðstafað eigið fé HSV 01.01 .....              |       | 4.935.440   | 2.736.588  |
| Gömul staða vegna trygginga færð út .....        |       | 794.580     | 0          |
| Afkoma ársins af rekstri HSV .....               |       | (1.256.467) | 2.198.852  |
|  |       | 4.473.553   | 4.935.440  |
| Eigið fé Afreksmannasjóðs:                       |       |             |            |
| Óráðstafað eigið fé Afreksmannasjóðs 01.01 ..... |       | 6.090.422   | 5.504.900  |
| Tekjur Afreksmannasjóðs umfram gjöld .....       |       | 366.521     | 585.522    |
|  |       | 6.456.943   | 6.090.422  |
| <b>Eigið fé alls</b>                             |       | 10.930.496  | 11.025.862 |
| <b>Skuldir</b>                                   |       |             |            |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                          |       |             |            |
| Ógreiddur kostnaður .....                        |       | 375.672     | 699.593    |
| Skuldir við aðildarfélög..... (8)                |       | 6.110.652   | 6.859.028  |
| Aðrar skammtímaskuldir.....                      |       | 482.060     | 412.615    |
| Ónotað framlag Verkefnasamnings .....            |       | 1.282.159   | 3.959.159  |
|  |       | 8.250.543   | 11.930.395 |
| <b>Skuldir</b>                                   |       | 8.250.543   | 11.930.395 |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>                       |       | 19.181.039  | 22.956.257 |

## Sundurliðanir

|   | 2014              | 2013              |
|---|-------------------|-------------------|
| <b>1. Framlög og styrkir</b>  |                   |                   |
| Framlag frá Ísafjarðarbæ, rekstrarframlag .....                     | 7.320.796         | 7.492.948         |
| Framlag frá Ísafjarðarbæ vegna íbúða .....                          | 10.015.759        | 7.318.581         |
| Hagnaðarhlutdeild H.S.V. í Lottói ÍSÍ .....                         | 2.368.462         | 2.229.830         |
| Hagnaðarhlutdeild H.S.V. í Lottói UMFÍ .....                        | 3.915.925         | 3.775.693         |
| Hagnaðarhlutdeild H.S.V. í getraunum .....                          | 51.168            | 3.336             |
| Útbreiðslustyrkur Í.S.Í. ....                                       | 351.443           | 316.462           |
| Skattar aðildarfélaga .....   | 690.300           | 676.350           |
|   | <u>24.713.853</u> | <u>21.813.200</u> |
| 10% lottótekna renna til Afreksmannasjóðs .....                     | 628.439           | 600.552           |
| Reiknað framlag Ísafj. bæjar sem afnot félaga af íþróttahúsum ..... | 54.974.065        | 56.489.917        |
| <b>2. Aðrar tekjur</b>  |                   |                   |
| UMFÍ umhverfissjóður/Ríkissjóður .....                              | 0                 | 600.000           |
| Niðurfelld inneign félags o. fl. ....                               | 135.913           | 0                 |
|   | <u>135.913</u>    | <u>600.000</u>    |
| <b>3. Laun og launatengd gjöld</b>                                  |                   |                   |
| Laun framkvæmdastjóra .....   | 3.619.774         | 3.691.598         |
| Launatengd gjöld .....  | 695.396           | 660.246           |
| Dagpeningar .....   | 401.895           | 0                 |
|   | <u>4.717.065</u>  | <u>4.351.844</u>  |
| <b>4. Framlög til aðildarfélaga</b>                                 |                   |                   |
| Blakfélagið Skellur .....   | 365.224           | 299.490           |
| Boltafélag Ísafjarðar .....   | 1.811.351         | 1.491.423         |
| Golfklúbbur Ísafjarðar .....  | 481.301           | 382.187           |
| Grettir .....   | 291.712           | 202.188           |
| Hestamannafélagið Hending .....                                     | 156.533           | 126.789           |
| Hestamannafélagið Stormur .....                                     | 381.086           | 330.149           |
| Höfrungur .....   | 538.582           | 355.640           |
| Íþróttafélagið Ívar .....   | 76.681            | 66.289            |
| Kubbi, íþróttafélag eldri borgara .....                             | 141.054           | 113.661           |
| Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar .....                               | 578.890           | 704.191           |
| Ksf. Hörður .....   | 483.499           | 627.619           |
| Skiðafélag Ísafjarðar .....   | 709.085           | 621.835           |
| Skotiþróttafélag Ísafjarðarbæjar .....                              | 250.126           | 199.815           |
| Stefnir .....   | 480.568           | 376.001           |
| Sundfélagið Vestri .....  | 746.650           | 605.629           |
| Sæfari .....  | 323.314           | 265.782           |
| Tennis - og badmintonfélag Ísafjarðar .....                         | 52.246            | 43.049            |
| Ungmennafélagið Geisli .....  | 106.201           | 89.028            |
| Vikungur .....  | 296.298           | 241.404           |
|   | <u>8.270.401</u>  | <u>7.142.169</u>  |



## Sundurliðanir

### 5. Skrifstofu og stjórnunarkostnaður

|  |                  |                  |
|--|------------------|------------------|
| Ritföng , pappír, prentun, skrifstofuáhöld ..... | 415.964          | 149.537          |
| Sími og burðargjöld .....                        | 207.905          | 185.191          |
| Kerfisleiga .....                                | 201.571          | 118.588          |
| Rekstur upplýsingakerfis og heimasíða .....      | 190.487          | 151.480          |
| Ferða- og viðskiptakostnaður .....               | 162.239          | 136.621          |
| Þinghald og fundakostnaður .....                 | 188.940          | 335.720          |
| Bókhald, greiðsluumsjón og reikningsskil .....   | 607.043          | 588.872          |
| Húsaleiga .....                                  | 840.862          | 36.667           |
| Annar kostnaður .....                            | 60.265           | 155.040          |
| Kostnaður vegna ráðningarferlis .....            | 245.892          | 0                |
|  | <u>3.121.168</u> | <u>1.857.716</u> |

### 6. Kostnaður vegna móta og annar íþróttakostnaður

|                        |          |               |
|------------------------|----------|---------------|
| Þátttaka í mótum ..... | 0        | 26.000        |
|                        | <u>0</u> | <u>26.000</u> |

### 7. Íbúðaafnot aðildarfélaganna

|   |                   |                  |
|---|-------------------|------------------|
| Andvirði framlags Ísafjarðarbæjar ..... | <u>10.015.759</u> | <u>7.318.581</u> |
| Greitt af KFÍ .....                     | 436.407           | 531.618          |
| Greitt af BÍ .....                      | 888.444           | 553.492          |
| Greitt af Ksf. Herði .....              | 220.668           | 191.551          |
| Greitt af Skiðafélagi Ísafjarðar .....  | 235.923           | 71.761           |
| Greitt af Blakfélaginu Skelli .....     | 113.227           | 76.958           |
|   | <u>1.894.669</u>  | <u>1.425.380</u> |

## Sundurliðanir

### 8. Viðskiptamenn

|   |                    |                    |
|---|--------------------|--------------------|
| Ísafjarðarbær .....                         | 1.185.066          | 2.190.466          |
| Íþrótt- og ólympíusamband Íslands .....     | 150.098            | 271.866            |
| Blakfélagið Skellur .....                   | (235.957)          | (206.193)          |
| Boltafélag Ísafjarðar .....                 | (794.517)          | (839.391)          |
| Golfklúbburinn Gláma .....                  | (232.927)          | (235.917)          |
| Golfklúbbur Ísafjarðar .....                | (455.661)          | (356.247)          |
| Íþróttfélagið Grettir .....                 | (272.362)          | (185.838)          |
| Hestamannafélagið Hending .....             | (352.131)          | (234.148)          |
| Hestamannafélagið Stormur .....             | (359.046)          | (313.059)          |
| Hnefaleikafélag Ísafjarðar .....            | 0                  | (72.483)           |
| Vörður hf. ....                             | 0                  | (794.580)          |
| Íslensk Getspá .....                        | 25.155             | 0                  |
| Íþróttfélagið Höfrungur .....               | (494.942)          | (516.200)          |
| Íþróttfélagið Ívar .....                    | (66.791)           | (55.499)           |
| Kraftlyftingarfélagið Víkingur .....        | (250.709)          | (199.264)          |
| Ksf. Hörður .....                           | (207.791)          | (528.329)          |
| Kubbi, íþróttfélag eldri borgara .....      | (132.203)          | (139.901)          |
| Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar .....       | (63.225)           | (322.133)          |
| Mýraboltafélag .....                        | 25.100             | 25.100             |
| Orkubú Vestfjarða ohf. ....                 | 200.000            | 0                  |
| Skiðafélag Ísafjarðar .....                 | (368.322)          | (457.833)          |
| Skotiþróttafélag Ísafjarðarbæjar .....      | (220.886)          | (172.525)          |
| Íþróttfélagið Stefnir .....                 | (462.329)          | (351.111)          |
| Sundfélagið Vestri .....                    | (687.710)          | (547.889)          |
| Sæfari .....                                | (277.724)          | (223.638)          |
| Tennis - og badmintonfélag Ísafjarðar ..... | (80.908)           | (37.812)           |
| Ungmennafélagið Geisli .....                | (78.761)           | (62.038)           |
| Ungmennafélag Íslands UMFÍ .....            | 295.897            | 503.109            |
| Ýmsir vegna Íþróttaskóla .....              | (15.750)           | (7.000)            |
| Ýmsir vegna Íþróttaskóla .....              | 180.750            | 250.500            |
|   | <u>(4.048.586)</u> | <u>(3.617.987)</u> |
| Skuldir .....                               | (6.110.652)        | (6.859.028)        |
| Inneignir .....                             | 2.062.066          | 3.241.041          |
|   | <u>(4.048.586)</u> | <u>(3.617.987)</u> |

## Rekstrarreikningur ársins 2014

## Rekstrarskipting

| Rekstrartekjur   | Skýr. | 2014<br>Samtals   | HSV                | Afreksmanna-<br>sjóður | Íþróttas-<br>skóli |
|--|-------|-------------------|--------------------|------------------------|--------------------|
| Framlög og styrkir .....                               | (1)   | 24.713.853        | 24.085.414         | 628.439                |                    |
| Aðrar tekjur og framlög .....                          | (2)   | 135.913           | 135.913            |                        |                    |
| Framlag Ísafj. bæjar til Afreksmannasjóðs HSV .....    |       | 644.640           | 0                  | 644.640                |                    |
| Framl. Ísafj. bæjar til verkefnasamnings .....         |       | 6.699.996         | 6.699.996          |                        |                    |
| Notuð (ónotuð) framlög Verkefnasjóðs um áramót .....   |       | 2.677.000         | 2.677.000          |                        |                    |
| Framl. Ísafj. bæjar til þjálfarastyrkjasjóðs .....     |       | 537.200           | 537.200            |                        |                    |
| Íþróttaskóli, þátttökugjöld og styrkir .....           |       | 9.556.373         | 0                  |                        | 9.556.373          |
|  |       | <u>44.964.975</u> | <u>34.135.523</u>  | <u>1.273.079</u>       | <u>9.556.373</u>   |
| <b>Rekstrargjöld</b>                                   |       |                   |                    |                        |                    |
| Laun, verktakagreiðslur og tengd gjöld .....           | (3)   | 4.717.065         | 4.717.065          |                        |                    |
| Framlög til aðildarféлага .....                        | (4)   | 8.270.401         | 8.270.401          |                        |                    |
| Framlög vegna verkefnasamnings .....                   |       | 9.377.000         | 9.377.000          |                        |                    |
| Framlög úr Afreksmannasjóði HSV .....                  |       | 995.000           | 0                  | 995.000                |                    |
| Framlög úr þjálfarastyrkjasjóði .....                  |       | 258.095           | 258.095            |                        |                    |
| Íþróttaskóli, laun, þjálfarakostnaður o.fl. ....       |       | 9.328.962         | 0                  |                        | 9.328.962          |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður .....                | (5)   | 3.121.168         | 3.083.518          | 37.650                 |                    |
| Kostnaður vegna móta o.fl. ....                        | (6)   | 0                 | 0                  |                        |                    |
| Íbúðaaafnot aðildarféлага .....                        | (7)   | 10.015.759        | 10.015.759         |                        |                    |
|  |       | <u>46.083.450</u> | <u>35.721.838</u>  | <u>1.032.650</u>       | <u>9.328.962</u>   |
| Rekstrarútkoma fyrir fjármagnsliði .....               |       | (1.118.475)       | (1.586.315)        | 240.429                | 227.411            |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>              |       |                   |                    |                        |                    |
| Vaxtatekjur .....                                      |       | 539.079           | 381.464            | 157.615                |                    |
| Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur .....              |       | (310.550)         | (279.027)          | (31.523)               |                    |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals .....       |       | <u>228.529</u>    | <u>102.437</u>     | <u>126.092</u>         | <u>0</u>           |
| <b>(Gjöld umfram tekjur)/Tekjur umfram gjöld .....</b> |       | <u>(889.946)</u>  | <u>(1.483.878)</u> | <u>366.521</u>         | <u>227.411</u>     |